SKOÐUN Pawel Bartoszek segir sjónvarpsdagskrárgerð á RÚV ekki vera í heimsklassa. 19

MENNING Íslenskir danshöfundar fá góða dóma í Pýskalandi fyrir Transaquania – Into thin air. 36

SPORT Alfreð Finnbogason rauf 30 marka múrinn annað árið í röð og hefur skorað 64 mörk frá 2012. 46

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Föstudagur
27. desember 2013
303. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2012

FRÉTTIR

Kaupmáttur lykillinn

Forseti ASÍ segir að tryggja þurfi að hækkanir samkvæmt kjarasamningum skili sér í veski félagsmanna í auknum kaupmætti. 10

Fjórtán látnir í umferðinni Fjórtán hafa látist í umferðarslysum það sem af er ári. Áhættuakstur var orsakavaldur í sumum tilfellanna. 4

1.679 metrar inn í fjöll Vinna við gerð tvennra jarðganga hófst á seinni hluta ársins. Vaðlaheiðargöng eru nú 1.371 metri að lengd og Norðfjarðargöng eru 308 metrar. 8

Jól á átakasvæðum Lára Jónasdóttir hélt jólin í Suður-Súdan þar sem hún starfar að mannúðarmálum. 12



18

Bolungarvík	-2°	NA	14
Akureyri	-2°	N	4
Egilsstaðir	-2°	NA	4
Kirkjubæjarkl.	-3°	N	5
Reykjavík	-2°	NV	9

Stormur V-til snemma dags en dregur svo úr. Lægir N- og NA-til um tíma í dag en hvessir aftur síðdegis. Snjókoma eða él N- og A-til. Víða vægt frost. 4

2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk

Virði Plain Vanilla hefur aukist tífalt

Verðmæti íslenska leikjafyrirtækisins Plain Vanilla hefur allt að tífaldast, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Talið er að fyrirtækið sé í dag metið á um tólf milljarða króna. Yfir fimm milljónir manna hafa sótt iPhone-leikinn QuizUp.

VIÐSKIPTI Verðmæti íslenska leikjafyrirtækisins Plain Vanilla hefur átt- til tífaldast á síðustu sex vikum, eftir útkomu hins vinsæla forrits QuizUp, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Það megi ráða af fjárfestingum Sequoia Capital.

ÞORSTEINN B. FRIÐRIKSSON

Plain Vanilla stendur á bak við QuizUp sem er sá iPhone-farsímaleikur sem hefur vaxið hraðast að vinsældum í sögunni. Talið er að verðmæti Plain Vanilla sé yfir eitt hundrað milljónir dala, eða um tólf milljarðar króna.

Sequoia keypti sig inn í fyrirtækið fyrir hátt í tvær milljónir dala áður en QuizUp var hleypt af stokkunum og bætir nú við sig.

➜ Fjórða verðmætasta netfyrirtæki heims

Þorsteinn er mjög ánægður með áhuga Tencent Holdings sem er fjórða verðmætasta netfyrirtæki heims á eftir Google, Amazon og Facebook.

„Þeir stjórna dálítið þessum samfélagsmiðlum í Kína og þeir munu greiða götu okkar. Við erum að fara að sækja dálítið hart inn á Kínamarkað, sem er spennandi og ört vaxandi markaður."

„Það er ljóst að verðmæti Plain Vanilla frá því fyrir útgáfu QuizUp hefur margfaldast," segir Þorsteinn Baldur Friðriksson, stofnandi og forstjóri fyrirtækisins, aðspurður. Hann gat þó ekki staðfest að margföldunin væri átt- til tíföld. Yfir fimm milljónir manna hafa hlaðið QuizUp niður síðan spurningaleikurinn kom á markað í nóvember.

Í tilkynningu frá Plain Vanilla í gær kom fram að fyrirtækið hefði aukið hlutafé sitt um 22 milljónir Bandaríkjadala. „Þetta mun gera okkur kleift að setja í fimmta gír með þetta verkefni okkar," segir Þorsteinn Baldur.

Samanlagt hefur fyrirtækið fengið yfir þrjá milljarða króna í áhættufjármagn frá stofnun. Fjárfestarnir í þessari umferð eru hinir sömu og áður hafa lagt fé í fyrirtækið, þar á meðal eru kínverski sjóðurinn Tencent Holdings og Sequoia Capital eins og fyrr segir.

„Sequoia er þekkt fyrir að kaupa sig ekki inn í félög nema sjóðurinn telji að verðmætaaukningin verði margföld eftir að hann kemur þar inn," segir Þorsteinn.

- fb

Á KÖLDUM KLAKA Fólk skemmti sér vel á ísilagðri Tjörninni í blíðviðrinu í höfuðborginni í gær. Samkvæmt Veðurstofu Íslands mun þó hvessa vestanlands í dag með meiri snjókomu fyrir norðan. Síðan hvessir á öllu landinu seinnipartinn. Eftir helgi mun þó draga úr frosti fyrir norðan og þá verður hiti fyrir ofan frostmark sunnanlands á gamlársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

SIGURVISSIR Pollapönk ætlar að hefna ófara Botnleðju í undankeppni Eurovision. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hefna fyrir Eurovision-ófarir:

Pollapönk ætlar sér sigurinn í ár

TÓNLIST Hljómsveitin Pollapönk sem komst á dögunum inn í tíu laga úrslit í undankeppni Söngvakeppni sjónvarpsins ætlar að hefna fyrir Eurovision-ófarir rokksveitarinnar Botnleðju.

Sú sveit tapaði fyrir Birgittu Haukdal í undankeppninni árið 2003, en félagarnir stofnuðu í millitíðinni hljómsveitina Pollapönk, „markvisst til að ná til yngri hlustenda" og hafa síðan gefið út þrjár breiðskífur.

„Elstu aðdáendur Pollapönks eru núna allir komnir með síma," segir Haraldur Freyr Gíslason, handviss um að þessi aukni liðsstyrkur muni skila í sigri í ár. - bá / sjá síðu 64

Frelsissvipting á jólanótt:

Hélt barnsmóður nauðugri

LÖGREGLUMÁL Rúmlega þrítugur karlmaður er grunaður um að hafa haldið barnsmóður sinni og ársgömlu barni nauðugum í íbúð í Mosfellsbæ á jólanótt. RÚV sagði frá þessu í gær.

Konan slapp út úr íbúðinni undir morgun á jóladag og kallaði eftir aðstoð. Lögregla og sérsveit ríkislögreglustjóra handtóku manninn, en um þrjár klukkustundir liðu frá því að sérsveitin mætti á staðinn og þar til maðurinn var yfirbugaður, hann var vopnaður eggvopnum.

Maðurinn var gestur í íbúð barnsmóður sinnar og hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 2. janúar. Hann er Íslendingur en býr í Noregi. - glp



SPURNING DAGSINS

Fórstu í mörg útköll yfir jólin?

„Já, ég aðstoðaði Stúf á tíu stöðum á aðfangadag.“

Andrés Ingólfsson hefur verið einn helsti aðstoðarmaður jólasveinanna í þrjátíu ár. Hann aðstoðaði Stúf á aðfangadag.

Atvinnuþróunarfélag kannar kosti og galla við að bjóða upp á innanlandsflug frá Keflavíkurflugvelli:

Þrjú prósent erlendra ferðamanna í flug

SAMGÖNGUR Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja vinnur nú að úttekt á því hvort hagkvæmt sé að bjóða upp á innanlandsflug frá Keflavíkurflugvelli. Vinnu við úttektina á að ljúka í byrjun febrúar.

„Við erum ekki að horfa til þess að Reykjavíkurflugvelli verði lokað, heldur hvort við getum boðið upp á breiðari vörulínu í innanlandsflugi,“ segir Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja.

Hún bendir á að miðað við fyrstu upplýsingar sem félagið hafi aflað sér séu aðeins rétt um þrjú prósent farþega með innanlandsflugi erlendir ferðamenn. Þar séu því miklir möguleikar á að stækka kökuna. „Það kom fram tillaga frá sveitarstjórnarmönnum á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var í október þess efnis að það væri kannað hvaða afleiðingar það hefði fyrir okkur ef Reykjavíkurflugvöllur legðist af,“ segir Berglind.

Einnig verður skoðað hvort mögulegt sé að fá fleiri erlenda ferðamenn til að nýta sér innanlandsflug með því að fljúga frá Keflavíkurflugvelli. Það tengist ekki framtíð Reykjavíkurflugvallar, segir Berglind. Icelandair hefur boðið upp á flug milli Keflavíkur og Akureyrar yfir sumarið, en innanlandsflug hefur að öðru leyti ekki farið um Keflavíkurflugvöll. Berglind segir að mörgu að huga, enda ekki einfalt að bjóða upp á innanlandsflug frá alþjóðaflugvelli. - bj

FLUG Innanlandsflug til suðvesturhornsins hefur hingað til farið að nær öllu leyti um Reykjavíkurflugvöll.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÆTTA VIÐ HLIÐIÐ Ítalski leikhússtjórinn ók á hlið hallarinnar í bræði er talið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Ökufantur ók á hlið forsetahallarinnar í Frakklandi:

Ók á hallarhliðið

FRAKKLAND, AP 67 ára gamall maður ók á hlið forsetahallarinnar Elysee Palace í París samkvæmt Associated Press. Maðurinn var handtekinn en hann slasaðist lítillega við áreksturinn.

Ökumaðurinn, sem talinn er ítalskur, var þó ekki á ofsahraða þegar hann ók á hliðið og því varð tjónið á því ekki mikið. Maðurinn sem sagður er leikhússtjóri á með athæfi sínu hafa verið að mótmæla niðurskurði til lista- og menningarmála í landinu.

Hann á yfir höfði sér ákæru fyrir að stofna lífi borgara í hættu, fyrir að niðurlægja þjóðareign og fyrir vopnað ofbeldi, þar sem hann notaði bíl sinn sem vopn. - glp

Tilnefningar til Óskarsins:

Hross í oss heltist úr lestinni

KVIKMYNDIR Hross í oss eftir Benedikt Erlingsson er ekki á meðal þeirra níu kvikmynda sem eiga núna möguleika á tilnefningu til Óskarsverðlaunanna.

Alls voru 76 myndir á upphaflega listanum, þar á meðal Hross í oss. Nú mun þrjátíu manna dómnefnd velja þær fimm myndir sem verða tilnefndar í janúar.

Á meðal kvikmynda sem hlutu náð fyrir augum dómnefndarinnar eru The Hunt eftir danska leikstjórann Thomas Vinterberg. Einnig voru valdar myndir frá Þýskalandi, Belgíu, Bosníu og Hersegóvínu, Kambódíu, Hong Kong, Ungverjalandi og Palestínu. -fb

Landlæknir gefur út skýrslu:

Færri eru lagðir inn á sjúkrahús

HEILBRIGÐISMÁL Legudögum sjúklinga á sjúkrahúsum fer fækkandi. Þetta kemur fram í samantekt landlæknis á starfsemi sjúkrahúsa á landsvísu á árunum 2003 til 2012. Þá eru einnig færri lagðir inn en áður.

Mikill munur er á kynjunum þegar kemur að innlögnum, mun fleiri konur eru lagðar inn en karlar, en tölurnar ná einnig yfir legur vegna fæðinga. Legudögum fer þó fækkandi hjá báðum kynjum. Þá hefur meðallegutími lítið breyst á þessum tíma.

Fleiri eldri borgarar eru lagðir inn en þeir sem eru undir 67 ára. - fbj

Fótunum kippt undan árvissri fjöldagöngu

Skíðagangan Fossavatnsgangan sem haldin hefur verið á Ísafirði frá árinu 1935 er í uppnámi því bærinn leigði út íþróttahúsið á Torfnesi gönguhelgina. Bæjarráðið harmar málið. Eftirlitsmenn Alþjóðlega skíðasambandsins fylgjast með göngunni.

ÍÞRÓTTIR „Ljóst er að aðstandendur mótsins eru komnir í verulega slæma klípu sem ekki hefur verið fundin lausn á,“ segir Steinþór Bjarni Kristjánsson, formaður stjórnar Fossavatnsgöngunnar, í bréfi til Ísafjarðarbæjar.

Steinþór vekur athygli á því í bréfi sínu að íþróttahúsið á Torfanesi hafi verið tekið frá fyrir handboltamót sömu helgina og skíðafólkið ætli að þreyta Fossavatnsgönguna í byrjun maí á næsta ári. „Fossavatnsgangan fer fram hér á Ísafirði á hverju vori. Þetta ætti raunar flestum að vera kunnugt um, enda hefur hún verið árviss viðburður í bæjarlífinu frá árinu 1935, með litlum hléum,“ útskýrir Steinþór fyrir bæjaryfirvöldum.

Steinþór segir hið alþjóðlega skíðasamfélag hafa sívaxandi áhuga á Fossavatnsgöngunni og erlendum þátttakendum fjölgi ár frá ári.

„Stærstu mótaraðir heims á þessu sviði, Worldloppet og Euroloppet, hafa sóst eftir samstarfi við Fossavatnsgönguna,“ skrifar Steinþór. Þetta feli í sér að Fossavatnsgangan starfi í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi og keppi við erlendar göngur um hylli skíðafólks. Alls kyns önnur dagskrá en skíðagangan sjálf sé hluti Fossavatnsgöngunnar.

„Afnot af íþróttahúsinu á Torfnesi hafa verið lykillinn að þessari viðbótardagskrá og að þeirri mótsumgjörð sem Fossavatnsgangan hefur getið sér gott orð fyrir víða um heim,“ segir Steinþór. Afar bagalegt sé að búið sé að taka íþróttahúsið á Torfnesi frá fyrir handknattleiksmót því ekkert annað hús í sveitarfélaginu rúmar þann fjölda fólks sem sækir gönguna.

„Í vor munu koma hingað eftirlitsmenn frá Alþjóðlega skíðasambandinu og Worldloppetsamtökunum til að gera úttekt á mótshaldi, aðbúnaði og umgjörð,“ segir Steinþór. Vandinn sé því mikill.

„Ekki verður hægt að bjarga málinu með því að breyta dagsetningu göngunnar, því allt markaðsstarf erlendis hefur miðast við fyrstu helgina í maí. Dagsetningin er komin inn í mótaskrár, með annars hjá Alþjóðlega skíðasambandinu, og ferðaskrifstofur erlendis eru þegar byrjaðar að auglýsa og selja ferðir í Fossavatnsgönguna umrædda helgi,“ undirstrikar Steinþór.

Í samtali við Fréttablaðið segist forsvarsmaður Fossavatnsgöngunnar viss um að málið leysist. „Það er hægt að leysa allt en ef við fáum ekki íþróttahúsið verður það ekki besta lausnin.“

gar@frettabladid.is

FOSSAVATNSGANGAN Heimsþekktir skíðagöngumenn hafa tekið þátt í Fossavatnsgöngunni sem öðlast sífellt alþjóðlegri skírskotun.

MYND/FOSSAVATN.COM

> **Ekki verður hægt að bjarga málinu með því að breyta dagsetningu göngunnar, því allt markaðsstarf erlendis hefur miðast við fyrstu helgina í maí.**
>
> *Steinþór Bjarni Kristjánsson, formaður stjórnar Fossavatnsgöngunnar*

Pevaryl® 1% krem (econazolnítrat) er breiðvirkt sveppalyf til staðbundinnar meðferðar á sveppasýkingum í húð (af völdum Trichophyton, Epidermophyton og Microsporum tegunda, hvítsveppasýkingu (candidiasis), litbrigðasveppasýkingu (pityriasis versicolor)). Hentar vel gegn öllum húðsveppasýkingum óháð tegund eða staðsetningu. **Skammtar:** Berist á sýkt húðsvæði kvölds og morgna, nuddist varlega inn með fingri. Fyrir meðferð við fótsveppum skal þvo fætur og þurrka þá vel. Við sýkingu á höndum berist kremið á eftir hvern handþvott. Meðferð á að vara í minnst 2 vikur eftir að einkenni eru horfin. Börn yngri en 10 ára mega eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Einungis til útvortis notkunar, má ekki nota í augu eða munn. Gæta skal varúðar við meðhöndlun nálægt augum. Inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúð og bútýlhýdroxýanísól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. **Meðganga / brjóstagjöf:** Kremið má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Má nota á öðrum og síðasta þriðjungi ef hugsanlegur ávinningur fyrir móðurina vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort Pevaryl berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

Lægðin sem hefur verið yfir landinu er ekki enn búin að syngja sitt síðasta:

Stífur vindur á gamlárskvöld

VEÐUR Útlit er fyrir svolítið stífan vind víðast hvar á landinu á gamlárskvöld og einhverri úrkomu, aðallega á suðausturhluta landsins.

„Á þriðjudaginn dregur úr frosti fyrir norðan og hiti verður rétt fyrir ofan frostmark fyrir sunnan á gamlársdag,“ segir Hrafn Guðmundsson, vakthafandi veðurfræðingur.

Hvað næstu daga varðar telur Hrafn að norðanáttin gangi ekki niður strax. „Það hvessir aftur í fyrramálið [í dag] vestanlands með meiri snjókomu fyrir norðan. Síðan hvessir á öllu landinu seinnipartinn. Hún er ekki alveg búin að syngja sitt síðasta þessi mikla lægð sem er núna milli Íslands og Noregs, þótt hún hafi grynnst talsvert.“

Vegurinn milli Ísafjarðar og Súðavíkur verður áfram lokaður fyrir allri umferð vegna snjóflóðahættu og litlar líkur eru á því að hann verði opnaður á morgun ef veðurspá gengur eftir.

Rafmagn fór af á nokkrum stöðum á landinu á aðfangadag sökum óveðurs, þar á meðal á Laugum í Reykjadal. „Þetta eru bestu jólin frá því að ég var barn,“ sagði Örlygur Hnefill Örlygsson, hótelstjóri á Húsavík. -fb

GAMLÁRSKVÖLD Hiti verður rétt fyrir ofan frostmark fyrir sunnan á gamlársdag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

nordlux

ARKI VEGGLJÓS

Vegglampi í möttu hvítu eða svörtu. Með veggfestingu sem auðvelt er að setja upp. Hám. 40W, E27 sökkull. Verð áður: 15.995.-

SPARIÐ 8.995.-

7.000.-!

nordlux

ARKI BORÐ/VEGGLJÓS

Borðlampi, sem hægt er að nota á mism.vegu. Með borðfæti, klemmu og veggfestingu. Fæst í hvítu og svörtu. Hám. 60W - E27 sökkull. Verð áður: 19.995.-

SPARIÐ 9.995.-

10.000.-!

EGLO

FIORELLA BORÐLAMPI

E14 perustæði - hám. 40 W. Krómaður og svartur. Verð áður 10.995.-

SPARIÐ 7.995.-

3.000.-!

HALO TECH DESIGN

MIAMI LOFTLJÓS

Fæst í hvítu, rauðu og lime grænu. Þv. 16 cm. G9 - hám. 40 wött. Verð áður: 9.995.-

SPARIÐ 5.995.-

4.000.-!

LAGERHREINSUN

allt að 70% afsláttur

EGLO

GABINA KÚPULL

Kringlótt, hvítt. Verð áður: 19.790.-

SPARIÐ 11.790.-

8.000.-!

nordlux

RUNE VEGGLJÓS

Þv. 13 cm. 9 vatta GX53 sparpera fylgir með. Fæst í svörtu og állítuðu. Verð áður: 9.995.-

SPARIÐ 4.995.-

5.000.-!

MARK SLÖJD SWEDEN

SKOHGALL KÚPULL

Hvítur. Verð áður: 6.690

SPARIÐ 3.690.-

3.000.-!

MARK SLÖJD SWEDEN

MAGNUS VEGGLJÓS

Verð áður: 15.290.-

SPARIÐ 7.290.-

8.000.-!

EGLO

GABINA LOFTLJÓS

Verð áður: 19.790.-

SPARIÐ 11.790.-

8.000.-!

EGLO

PANGARO VEGGLJÓS

36 x 36 cm. Hvítt. Verð áður: 23.990.-

SPARIÐ 13.990.-

10.000.-!

EGLO

PANGARO VEGGLJÓS

Hvítt. 38 x 38 cm. Verð áður 30.190.-

SPARIÐ 15.190.-

15.000.-!

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVIK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

SVONA ERUM VIÐ

ÍSLAND ER ÖFLUGASTI MARKAÐUR DOMINOS Í HEIMI MIÐAÐ VIÐ HÖFÐATÖLU. **Fyrirtækið hefur verið með rekstur hér á landi í 20 ár og er nú með 18 staði víðs vegar á landinu.**

Dominos var valið markaðsfyrirtæki ársins 2013 af ÍMARK í nóvember.

Fjallgöngukonan Vilborg Arna Gissurardóttir heldur áfram för sinni á hæsta tind hverrar heimsálfu:

Toppaði fimmta tindinn á aðfangadag

ÚTIVIST Fjallgöngukonan Vilborg Arna Gissurardóttir komst á topp fjallsins Vinson Massif á aðfangadag, en það er hæsti tindur Suðurskautslandsins, 4.897 metrar á hæð.

Vilborg skrifaði í jólakveðju á heimasíðu sína að aðfangadagurinn hefði ekki verið neitt venjulegur, heldur Vinson Summit-dagur.

„Team Iceland stóð sig vel og allur hópurinn náði á tindinn," skrifar Vilborg. Hún segir að þetta hafi verið kaldasti toppurinn hingað til, leiðin hafi verið virkilega falleg en vegna kulda og vinda var lítið um myndatökur.

Vilborg sendir fjallajólakveðju til lesenda sinna og segist njóta jólanna líkt og aðrir, bara á annan hátt. „Ætla að koma Höllu á óvart á morgun með malti og appelsíni í jólamatnum okkar," skrifar Vilborg enn fremur og á þá við Höllu Vilhjálmsdóttur leikkonu sem fyrir tilviljun var með Vilborgu í hópnum sem fór á Vinson-tindinn nú yfir hátíðarnar.

Vilborg setti sér það að markmiði fyrr á þessu ári að klífa hæsta fjallstind í hverri heimsálfu og hóf för sína á Denali-tindi í Norður-Ameríku í maí síðastliðnum. Hún mun enda ferðalagið á sjálfum tindi Everst í Asíu í maímánuði á næsta ári. Vinson Massif-tindurinn er sá fimmti í röðinni hjá Vilborgu. - fbj

FJALLGÖNGUKONUR Halla og Vilborg komust báðar á topp Vinson Massif á Suðurskautslandinu á aðfangadag.

Kína og Kórea æf út í Abe:

Reiði vegna heimsóknar í stríðshof

JAPAN, AP Shinzo Abe, forsætisráðherra Japan, heimsótti Yasukuni-stríðshofið í Tókýó í gær en heimsókninni var harðlega mótmælt af Kínverjum og Suður-Kóreumönnum.

SHINZO ABE

Hofið er sagt vera geymslustaður margra háttsettra embættismanna sem voru teknir af lífi fyrir stríðsglæpi eftir seinni heimsstyrjöldina.

Íbúar Suður-Kóreu og Kína eru þeirrar skoðunar að hofið sé til vitnis um skort á eftirsjá Japana og vott um virðingarleysi í garð þeirra sem létu lífið í seinni heimsstyrjöldinni. Abe tók þó fram að það væri alls ekki ætlun hans að særa Kínverja og Suður-Kóreumenn með heimsókn sinni. - glp

Dauði Yassers Arafats:

Eitrun var ekki dánarorsökin

PALESTÍNA, AP Yasser Arafat, leiðtogi Palestínumanna, lést af eðlilegum orsökum en þetta segja rússneskir sérfræðingar sem rannsakað hafa sýni úr líkamsleifum leiðtogans. Talið var að Arafat hefði látist sökum geislamengunar en svo var ekki. Þá er ekki talin þörf á frekari rannsóknum til að ganga úr skugga um dánarorsök leiðtogans. - glp

YASSER ARAFAT

BANASLYS Í UMFERÐINNI 2013

→ Fjöldi látinna síðustu 10 ár



*Til og með 26. desember 2013

→ Fjöldi látinna á mánuði 2013



*Til og með 26. desember 2013

14 látnir í umferðinni í ár

Fjórtán hafa látist í umferðinni það sem af er ári. Það er talsverð aukning frá fyrra ári en þó undir meðaltali síðustu ára. Bílbeltaleysi, hraðakstur, ölvunarakstur og önnur áhættuhegðun virðist fara vaxandi milli ára.

SAMGÖNGUR Eftir slysið í fyrrinótt þar sem karlmaður á miðjum aldri lést eftir bílveltu í Reykjavík, hafa fjórtán látist í umferðinni hér á landi, í þrettán slysum, það sem af er ári. Það er talsvert meira en í fyrra þegar níu létust, og það mesta sem gerst hefur frá árinu 2009 þegar sautján létust, en vel undir meðaltali áranna 2003 til 2009 þegar tuttugu manns létust að jafnaði á ári.

Ágúst Mogensen, rannsóknarstjóri hjá Rannsóknarnefnd samgönguslysa, segir að flest slysin hafi orðið við útafakstur eða árekstur þó önnur tilvik hafi einnig orðið.

„Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur ekki lokið greiningu slysanna en þó hefur komið fram við fyrstu yfirferð gagna að bílbeltaleysi, hraðakstur og ölvun eru þættir sem koma við sögu. Rannsóknarnefndin mun leggja áherslu á að greina orsakir slysanna á fyrri hluta næsta árs og gera tillögur í öryggisátt sem vonandi verða til þess að fækka banaslysum í umferðinni enn frekar."

Einar Magnús Magnússon, kynningarstjóri Samgöngustofu, segir að tilfellin séu sem betur fer fá á hverju ári og þess vegna geti tölfræðin hlaupið mikið til milli ára með einu slysi eða tveimur, en þó megi sjá merki um ákveðna óheillaþróun milli ára. „Við fögnuðum því í fyrra að það varð ekkert banaslys af völdum ölvunaraksturs það ár, en nú í ár höfum við hins vegar séð ölvunarakstur sem orsakavald banaslysa og alvarlegra slysa."

Einar segir að í mörgum þeirra slysa sem orðið hafa í ár hafi hrein og klár áhættuhegðun valdið slysum. „Í langflestum tilfellum má koma í veg fyrir slysin. Það er fyrst og fremst undir okkur ökumönnum komið."

thorgils@frettabladid.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



HARÐNANDI FROST N- og A-til, að 17 stiga frosti á sunnudag inn til landsins. N-strekkingur á morgun en snýst í A-átt á sunnudag, vaxandi S- og V-til fram á kvöldið. Dregur heldur úr ofankomu N-til á morgun en þó dálítil él.



Á morgun
Víða strekkingur, hvassari austast.



Sunnudagur
8-15 V-til annars hægari, hvessir.

Alicante	18°	Billund	7°	Gautaborg	5°	London	13°	Orlando	24°	San Francisco	15°
Basel	10°	Frankfurt	6°	Kaupmannahöfn	5°	Mallorca	16°	Ósló	4°	Stokkhólmur	5°
Berlín	7°	Friedrichshafen	4°	Las Palmas	21°	New York	4°	París	12°		

Snjólaug Ólafsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

ÁRAMÓTABOMBA

25%

AFSLÁTTUR

25% AFSLÁTTUR AF ALLRI SNYRTIVÖRU

27. - 31. DESEMBER

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. Í hvaða erlendu borg býr Einar Sveinsson sem heimsækir barnaspítala í jólasveinabúningi?
2. Með hvaða knattspyrnuliði í Portúgal leikur Helgi Valur Daníelsson?
3. Hvað heitir femíníska bókin sem Anna Margrét Björnsdóttir þýddi á íslensku?

SVÖR:
1. El Salvador.
2. Belenenses.
3. Að vera kona.

Sunnusjóður afhenti Fjölmennt styrk til að þróa og efla boðskiptakennslu:

Fjölmennt fékk styrk fyrir iPad

GÓÐGERÐASTARF Sunnusjóður hefur afhent Fjölmennt styrk til að þróa og efla boðskiptakennslu með iPad fyrir hóp fjölfatlaðra nemenda.

Fjölmennt hefur haldið námskeið um notkun á iPad sem stöðugt er verið að þróa og útbúa ný kennslugögn enda er iPad stórkostlegt til boðskipta fyrir fatlaða.

Frá byrjun hefur námskeiðið verið vel sótt og Fjölmennt þurft að fjölga kennslutímum til að anna eftirspurn. Verkefnastjóri á vegum Fjölmenntar hefur auk þess annast ráðgjöf til þeirra sem vinna við aðstoð og umönnun fjölfatlaðra.

Lækkuð fjárframlög til Fjölmenntar hafa orðið til þess að draga þarf verulega saman í tækjakaupum og því kemur tækjastyrkurinn sér mjög vel. Sunnusjóður afhendir á hverju ári styrki sem nýttir eru til kaupa á náms- og þjálfunartækjum handa fjölfötluðum námsmönnum.

Stofnendur sjóðsins eru hjónin Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sverrir Sigurðsson. Árlegt ráðstöfunarfé er um 1,5 milljónir króna. -fb

AFHENT ÚR SUNNUSJÓÐI Sunnusjóður afhenti styrkinn í húsnæði Fjölmenntar í Reykjavík. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra var viðstaddur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kópavogur fylgir eftir stefnu:

Átján leikskólar fái spjaldtölvur

SAMFÉLAG Kópavogsbær afhenti nýlega átján leikskólum spjaldtölvur. Bærinn hefur mótað sér stefnu í upplýsingatækni í leikskólum en í henni felst að með góðu aðgengi að upplýsingatækni sé leikskólum betur gert kleift að koma til móts við kröfur nútímans.

Fyrr í haust fengu leikskólarnir borðtölvur en á næsta ári er stefnt að því að setja upp öruggt þráðlaust net í öllum leikskólum. - glp

ÚLFAKREPPA Stjórnvöld í Tyrklandi eru í kreppu vegna ásakana um spillingu.

Vandi í ríkisstjórn Tyrklands:

Nærri helmingi ráðherra skipt út

TYRKLAND Forsætisráðherra Tyrklands, Recep Tayyip Erdogan, tilkynnti um breytingar á ríkisstjórn sinni eftir að þrír ráðherrar hennar sögðu af sér vegna spillingarrannsóknar. Umhverfisráðherra, innanríkisráðherra og viðskiptaráðherra landsins sögðu af sér eftir að synir þeirra voru handteknir í tengslum við rannsókn á opinberum samningum. Eftir að hafa rætt við forseta landsins tilkynnti Erdogan að tíu af tuttugu og sex ráðherrum yrði skipt út. - eb

Hnetuát á meðgöngu:

Minni líkur á hnetuofnæmi

HEILSA Börn eru ekki eins líkleg til að fá hnetuofnæmi ef mæður þeirra borða hnetur á meðgöngunni.

Þetta kemur fram í niðurstöðum bandarískrar rannsóknar sem voru birtar í tímaritinu JAMA Pediatrics. Þar var rannsakað mataræði og heilsufar rúmlega átta þúsund barna og mæðra þeirra, samkvæmt frétt BBC.

Niðurstöðurnar eru á öndverðum meiði við aðrar rannsóknir sem hafa sýnt fram á enga áhættu af völdum hnetuáts.

Aðrir þættir áttu mögulega þátt í niðurstöðu rannsóknarinnar því þær mæður sem borðuðu hnetur voru líklegri til að borða hollari mat, þar á meðal ávexti og grænmeti. -fb

Aðhald Grikkja og ótti við breytingar

Um áramótin taka Grikkir við formennsku í ráðherraráði Evrópusambandsins, Lettland tekur upp evruna og landamærin til Rúmeníu og Búlgaríu verða opnuð upp á gátt. Evrópusambandsríkin hafa frestað því í sjö ár að opna landamærin.

EVRÓPUMÁL Gríska stjórnin hefur sagst ætla að verja eins litlu fé og hún kemst upp með á formennskutíð sinni í Evrópusambandinu, sem hefst um áramótin og stendur að venju í hálft ár.

Grikkir hafa nú í mörg ár glímt við eina alvarlegustu efnahagskreppu álfunnar, en Antonis Samaris forsætisráðherra vonast til þess að á næsta ári fari ástandið loksins að skána.

Um áramótin bætist auk þess Lettland í hóp þeirra ríkja sem nota evru, og verða þá evruríkin orðin 18 talsins.

Þá rennur jafnframt þann 1. janúar út sá frestur sem enn er í gildi í níu Evrópusambandsríkjum gagnvart Rúmeníu og Búlgaríu. Íbúar þeirra þurfa þá ekki lengur að sækja sérstaklega um atvinnu- og dvalarleyfi vegna búsetu í þessum löndum.

Rosan Plevneliev, forseti Rúmeníu, brást fyrir jól ókvæða við orðum Davids Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sem hótaði því að Bretar myndu ekki samþykkja frekari stækkun Evrópusambandsins nema settar yrðu strangari reglur um ferðafrelsi milli aðildarríkjanna.

Cameron var þarna að bregðast við yfirlýsingum um að nú eftir áramótin mætti búast við því að 50 þúsund manns myndu á ári hverju streyma til Bretlands frá Rúmeníu og Búlgaríu.

Plevneliev sagði að Cameron ætti að forðast að einangra Bretland og skaða ímynd þess: „Búlgarar spyrja nú margra spurninga um hið lýðræðislega, umburðarlynda og mannúðlega breska samfélag. Eru Bretar nú að skrifa þá sögu að snúið verði á braut einangrunar, þjóðernisstefnu og skammtímalausna í pólitík?“

Hann sagði að Bretar gætu hreinlega lært af Búlgaríu, sem á síðustu misserum hefur tekið á móti þúsundum flóttamanna frá Sýrlandi og norðanverðri Afríku: „Við erum ekki að reyna að átta okkur á því hve mörgum er hægt að taka á móti heldur hvernig hægt verður að laga þá að búlgörsku samfélagi,“ er haft eftir honum í breskum fjölmiðlum.

Rúmenía og Búlgaría fengu aðild að ESB í ársbyrjun 2007 en aðildinni fylgdi fyrirvari flestra ríkja sambandsins um ferðir fólks frá þessum tveimur löndum. Þennan fyrirvara mátti framlengja í sjö ár, en hér á Íslandi féll um síðustu áramót úr gildi samsvarandi fyrirvari um að ríkisborgarar Rúmeníu og Búlgaríu þyrftu atvinnu- og dvalarleyfi hér á landi.

gudsteinn@frettabladid.is

SCHENGEN-LANDAMÆRI RÚMENÍU David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, fær kaldar kveðjur frá Búlgaríuforseta fyrir ummæli sín nýverið. NORDICPHOTOS/AFP

Sviplegt morð í Lundúnum:

Skotinn á skemmtistað

AFBROT Maður var skotinn til bana á skemmtistaðnum Avalon í vesturhluta Lundúna í fyrrinótt. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús með fjölda skotsára og var úrskurðaður látinn klukkan þrjú um nóttina.

Skemmtistaðurinn Avalon er við götuna Shaftesbury Avenue og var henni lokað eftir morðið. Einn maður er í haldi lögreglu í Lundúnum grunaður um verknaðinn. -fb

HANDSALAÐ Jón Gnarr borgarstjóri handsalaði samninginn við Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar. MYND/INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík samdi við ríkið:

Borgin taki við allt að fimmtíu hælisleitendum

SAMFÉLAGSMÁL Útlendingastofnun hefur samið fyrir hönd innanríkisráðuneytisins við Reykjavíkurborg um þjónustu við hælisleitendur.

Samningurinn á að tryggja þjónustu við hælisleitendur á meðan mál þeirra eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og kveður á um að borgin taki að sér þjónustu við að allt að fimmtíu hælisleitendur, 18 ára og eldri, sem fólgin er til dæmis í húsnæði, framfærslu, heilbrigðisþjónustu og túlkaþjónustu.

Samningurinn er hliðstæður við samning sem í gildi er við Reykjanesbæ. - glp

Vestmannaeyjabær hefur gert miklar endurbætur á gömlu félagsheimili:

Borga menningarhúsið sjálfir

MENNING Vestmannaeyjabær greiðir úr eigin vasa endurbætur á gamla félagsheimilinu við Heiðarveg sem á að breyta í menningarhús. Endurbæturnar hafa kostað 25 milljónir króna og búist er við að um sjö milljónir bætist við kostnaðinn áður en yfir lýkur.

Aðspurður segir Ólafur Snorrason, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, að peningurinn komi allur af eigin fé bæjarins, enda hafi sveitarfélagið ekki tekið lán í rúm sjö ár. „Húsið hefur í langan tíma liðið fyrir viðhaldsleysi og meginkostnaðurinn við það núna er að bæta aðgengi fatlaðra og gera bragarbót á því sem snýr að eldvörnum,“ segir Ólafur, sem segir verkefnið á kostnaðaráætlun.

Bæjarráð Vestmannaeyja hefur sett á laggirnar stýrihóp um stofnun menningarhúss í bænum. Hópurinn mun aðstoða við að þróa starfsemi gamla félagsheimilisins yfir í menningarhús.

Til stóð að hefja byggingu nýs menningarhúss fyrir um áratug en horfið var frá þeim áformum. Aðspurður hvað það hefði kostað segir Ólafur að uppi hafi verið hugmyndir um að grafa upp svokallað Heimatorg sem fór undir hraun og setja á það glerþak. Kostnaður við það hefði líklega hlaupið á milljörðum króna.

Stefnt er að vígslu nýja menningarhússins á næsta ári. -fb

MENNINGARHÚS Gamla félagsheimilið í Vestmannaeyjum sem breyta á í menningarhús. MYND/VESTMANNAEYJABÆR

ÁRAMÓTASPRENGJA

Veiðilagerinn á Krókhálsi

BLÆS TIL STÓRÚTSÖLU

Á haglabyssum og öndunarvöðlum og rifflum
og kayökum og flugustöngum og kasthjólum og
spúnum og veiðijökkum og fluguhjólum og tálfuglum
og flugulínum og neoprenvöðlum og háfum og
veiðitöskum og ýmsu öðru veiðidóti

Allar vörur með miklum afslætti



OPIÐ
27. desember 11 til 20
28. desember 11 til 18
29. desember 11 til 18
30. desember 11 til 20
31. desember 10 til 12

Veiði LAGERINN outlet

Veiðilagerinn - Krókhálsi 4 - 517 8050

Skartgriparán á jóladag:

Rændu verslun sem jólasveinar

ALBANÍA Fjórir menn, íklæddir jólasveinabúningum, þustu inn í skartgripaverslun í Tirana í Albaníu skömmu fyrir lokun á jóladag, vopnaðir skammbyssum og hríðskotarifflum.

Aðeins eigandinn og eiginkona hans voru í versluninni þegar ránið var framið en jólasveinarnir fylltu poka sína af dýrmætum skartgripum áður en þeir flúðu vettvanginn á Mercedez Benz-bifreið, samkvæmt vefsíðu The Guardian. -hh

Aðgerðasinni og blaðamaður varð fyrir stórfelldri líkamsárás í Úkraínu:

Ráðist á mótmælendur í Kíev

KÍEV, AP Mikilsmetinn úkraínskur aðgerðasinni og blaðamaður, Tetíana Tsjernóvíl, varð fyrir alvarlegri líkamsárás á jóladag rétt fyrir utan höfuðborgina Kíev.

Tsjernovíl hefur verið einn af forsprökkum mótmælahreyfingarinnar í landinu og varð fyrir árásinni á leið heim til sín þegar nokkrir menn réðust að henni. Hún hlaut heilahristing og beinbrot í andliti.

Árásin er ein af mörgum í röð árása á aðgerðasinna og andstæðinga ríkisstjórnarinnar eftir mótmæli sem staðið hafa vikum saman. Mótmælendur krefjast afsagnar Viktors Janúkóvits forseta og ríkisstjórnar hans.

Mótmælin hafa staðið yfir í meira en mánuð eftir að forsetinn ákvað að hætta við að undirrita samning um nánari samskipti Úkraínu og ESB.

Forsetinn gerði síðar samning við Rússa um að þeir keyptu úkraínsk skuldabréf og lækkuðu verð á gasi til Úkraínu. -fbj

MISÞYRMT Andófskonunni Tetíönu Tsjernóvíl var misþyrmt á jóladag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ályktun Sameinuðu þjóðanna:

Vernda þarf rétt fólks á netinu

MANNRÉTTINDI Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í síðustu viku ályktun þar sem segir meðal annars að vernda þurfi sömu réttindi fólks á internetinu og utan þess, þar á meðal friðhelgi einkalífsins.

Þýskaland og Brasilía stóðu að ályktuninni en njósnað var um leiðtoga beggja landa samkvæmt skjölum sem uppljóstrarinn Edward Snowden lak til fjölmiðla.

- eb

ALLT TIL REIÐU Bretinn Anthony Perrett, sem handtekinn var fyrir þátttöku í aðgerðum Greenpeace á olíuborpöllum á norðurslóðum sýnir hér stimpil í vegabréfi upp á að hann megi yfirgefa Rússland. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Greenpeace-liðum sleppt:

Fá sakaruppgjöf í Rússlandi

ST. PÉTURSBORG, AP Rússnesk yfirvöld leyfðu 30 meðlimum Greenpeace-samtakanna að yfirgefa landið og felldu niður kærur gegn þeim vegna mótmæla við olíuborpall við norðurskautið.

Mótmælendurnir voru handteknir í september og voru í haldi í tvo mánuði í fangelsi áður en þeim var sleppt gegn lausnargjaldi í nóvember.

Rússneska þingið hefur sett lög um sakaruppgjöf sem litið hefur verið á sem tilraun til að sefa gagnrýni á stöðu mannréttinda í landinu fyrir Vetrarólympíuleikana 2014.

- fbj

Sprengdu 1.679 metra á árinu

Vinna við gerð tvennra jarðganga hófst á seinni hluta ársins. Vaðlaheiðargöng eru nú 1.371 metri að lengd og verkið er sex vikum á undan áætlun. Gröftur Norðfjarðarganga hófst í nóvember og þau eru 308 metra löng.

SAMGÖNGUR Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng í Eyjafirði og Norðfjarðargöng við Eskifjörð eru á áætlun og ganga vel. Um sex mánuðir eru síðan sprengingar hófust í Eyjafirði og göngin eru nú 1.371 metri að lengd. Norðfjarðargöng eru 308 metra löng en fyrsta formlega sprenging þeirra fór fram um miðjan nóvember.

„Göngin hafa lengst um 55 metra á viku að meðaltali en mestu afköstin voru 83 metrar. Það hefur verið lítið af vatni og bergið er gott og verkið er nú sex vikum á undan áætlun," segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf.

40 manns starfa við gangagröft Eyjafjarðarmegin. Þar er unnið á vöktum allan sólarhringinn, alla daga vikunnar, en starfsmenn eru nú í tveggja vikna jólafríi. Um 15-20 manns bætast við næsta sumar þegar jarðgangagerð hefst Fnjóskadalsmegin.

„Það tekur tíma að slípa mannskapinn til en samvinnan eykst með hverjum metra og því má gera ráð fyrir að metið verði slegið á næsta ári," segir Valgeir og heldur áfram:

„Við höfum ekki lent í neinum alvarlegum töfum fyrir utan eina viku í nóvember þegar við lentum á tíu metra sprungusvæði. Það er ekkert óeðlilegt að það taki lengri tíma að fara í gegnum sprungur en í jarðfræðirannsóknum sem gerðar voru í undirbúningi ganganna er gert ráð fyrir um fjörutíu sprungum. Við höfum hins vegar einungis rekist á eina og það er mjög gott því við ættum að vera búin að fara í gegnum átta sprungur," segir Valgeir.

Hann segist hafa andað léttar þegar vinnuvélar fóru framhjá stóru vatnsbóli sem liggur fyrir ofan fyrstu þúsund metra ganganna.

„Menn voru hræddir um vatn fyrsta kílómetrann því við erum fyrir neðan vatnslind Halllands og menn óttuðust að við gætum lent í því að þurrka upp vatnsbólin. En það slapp og við erum komnir framhjá því svæði og dýpra inn í fjallið," segir Valgeir.

Guðmundur Þór Björnsson, hjá verkfræðistofunni Hnit, sem fer með umsjón og eftirlit með framkvæmdum vegna Norðfjarðarganga, segir gröftinn hafa farið rólega af stað.

„Við lentum strax á veikburða rauðu millilagi sem varð þess valdandi að við fórum hægt af stað. En undanfarið hefur verið rífandi gangur og í síðustu viku lengdust göngin um 66 metra. Eftir jólafrí verður bara borað og sprengt og vonandi verðum við ekkert í of flóknu fjalli," segir Guðmundur og hlær. haraldur@frettabladid.is

Jarðgangagerð gengur vel

➜ Tengja Eyjafjörð og Fnjóskadal saman

Vaðlaheiðargöng
Fyrsta sprenging **3. júlí 2013**
Áætluð verklok **desember 2016**
Heildarlengd **7,2 kílómetrar**

➜ Tengja Eskifjörð og Neskaupstað saman

Norðfjarðargöng
Fyrsta sprenging **14. nóvember 2013**
Áætluð verklok **haust 2017**
Heildarlengd **7,9 kílómetrar**

➜ Fundu bergkristalla í göngunum

Verktakar fundu nýverið hringlaga holu þakta bergkristöllum í Vaðlaheiðargöngum. Þar var um að ræða svokallað trjábolafar.

„Trjábolaför myndast þegar hraun rennur yfir skóg og fellir tré sem þá kolast og þá verður eftir hola. Það sem er merkilegt við þetta far er að það stendur upp í loft en vanalega liggja þau flöt," segir Halldór G. Pétursson, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun.

„Svona holur fundust einnig í Héðinsfjarðargöngum og Ólafsfjarðargöngum. Þetta er víða í þessum basalthraunlögum frá þeim tíma þegar barrskógar þöktu landið," segir Halldór.

STEYPIREYÐUR Hryggjarstykkið í sýningunni í Perlunni yrði beinagrind steypireiðar.

Áfram er stefnt að sýningarhaldi í Perlunni:

Náttúrusýningin er ennþá í pípunum

SÝNING Áfram er stefnt að sýningarhaldi í Perlunni á vegum Náttúruminjasafns Íslands.

Það er gert þrátt fyrir að Alþingi hafi nýlega hætt við fjögur hundruð milljóna króna stofnframlag til uppsetningar á sýningunni og slegið af heimild í frumvarpi til fjáraukalaga 2013 til þessa að leigja Perluna af Reykjavíkurborg fyrir Náttúruminjasafnið.

„Nú er vilji Alþingis ljós og jafnframt ljóst að ekki verður af sýningahaldi í Perlunni eins og að var stefnt með þeim glæsibrag og reisn sem sæmir höfuðsafni þjóðarinnar á sviði náttúrufræða," segir í tilkynningu frá Náttúruminjasafni Íslands.

Þar kemur fram að mikilvægt sé að hafa í huga að starfsemi Náttúruminjasafnsins snýst um miklu meira en áhugavert og arðbært sýningahald. „Líta ber á mikilvægi Náttúruminjasafnsins sem miðlægrar upplýsingaveitu og óformlegrar menntastofnunar á sviði náttúrufræða. Þetta ber að hafa í huga m.a. í tengslum við nýjustu PISA-kannanir sem benda eindregið til þess að ekki veiti af því að stórefla náttúrulæsi íslenskra ungmenna."

Á meðal þess sem horft er til varðandi sýningarhald í Perlunni er þema um sjávarspendýr. Hryggjarstykkið í henni yrði beinagrind steypireyðarinnar sem rak á land á Ásbúðum í ágúst 2010. -fb

áramótabomba BT músarinnar

HEFST 27.DESEMBER

	Listaverð:	TILBOÐSVERÐ:
Sharp LC39LE351	144.900	115.900
Sharp LC39LE751	189.900	149.900
Sharp LC50LE651	279.900	219.900

	Listaverð:	TILBOÐSVERÐ:
PS43F4505	149.900	119.900
PS51F4505	189.900	149.900
PS51F5005	219.900	179.900

	Listaverð:	TILBOÐSVERÐ:
UE32F5005	119.900	99.900
UE46F6475	269.900	229.900

20% afsláttur af öllum Samsung hljómtækjum.

Samsung Blu-ray heimabíóstæður

HT-F4200	69.900	49.990
HT-F5500	109.900	84.900

Fartölvur - prentarar- tölvuskjáir

Síðustu eintök - BOMBUVERÐ!

- Tölvuleikir verð frá kr. 999
- DVD myndir verð frá kr. 999
- Sharp reiknivélar 25% afsláttur
- Skull Candy heyrnartól 25% afsláttur
- Pioneer hljómtæki 20% afsláttur
- Sjónvarps veggfestingar 25% afsláttur

Flugeldamarkaður Björgunarsveitanna er á planinu við ORMSSON-BT í Skeifunni

ORMSSON BT

SKEIFUNNI 11 • GLERÁRTORGI • SÍMAR: 530·2800 / 550·4444 • ormsson.is & bt.is

Greenland Express:

Nýtt flugfélag hefur störf í vor

FLUG Nýtt íslenskt-grænlenskt flugfélag hefur í vor áætlunarflug milli Grænlands og Danmerkur með viðkomu á Íslandi. Þetta kemur fram á frétta- og afþreyingarvefnum alltumflug.is. Flugfélagið Eyjaflug keypti síðastliðið haust hlut í grænlenska flugfélaginu Greenland Express og var rekstur félaganna sameinaður í kjölfarið. Til að byrja með mun félagið leigja flugvél af hollenska flugfélaginu Demin Air, en stefnt er að sækja um flugrekstrarleyfi árið 2015. - eb

Mótmælendur krefjast lýðræðisumbóta áður en gengið verður til kosninga sem kjörnefnd vill fresta:

100 slösuðust í götubardögum í Taílandi

BANGKOK, AP Kjörnefnd í Taílandi hefur hvatt ríkisstjórn landsins til að fresta kosningum vegna götubardaga sem háðir hafa verið milli öryggishersins og mótmælenda.

Bardagarnir leiddu til dauða eins lögregluþjóns og um 100 slösuðust í gær.

Mótmælendur telja ríkisstjórnina spillta og ólögmæta og vilja fresta kosningunum til að tryggja lýðræðisumbætur.

Forsætisráðherrann, Yingluck Shinawatra, vill að kosningarnar verði haldnar eins og ráðgert er þann 2. febrúar þar sem hún telur að hún muni fara með sigur af hólmi.

Kjörnefndin hefur biðlað til ríkisstjórnarinnar um að fresta kosningunum vegna öryggis- og friðarástæðna.

Samkvæmt stjónarskrá Taílands verður að halda kosningar 45 til 60 dögum frá því að þing er rofið og telur ríkisstjórnin því ekki stætt á því að fresta kosningunum.

Mótmælin hófust seint í október en ofbeldisfullu bardagarnir í gær voru þeir fyrstu í um tvær vikur. - fbj

BERAST Á BANASPJÓT Kjörnefnd í Taílandi hefur hvatt til þess að fyrirhuguðum kosningum verði frestað vegna götubardaga milli öryggissveita og mótmælenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skilar sér að byggja launin upp hægar

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að það þurfi að tryggja að hækkanir samkvæmt kjarasamningum skili sér í veski félagsmanna í auknum kaupmætti. Þó það sé digurbarkalegt að standa á stól og hrópa þá skili það sér ekki til lengdar.

KJARAMÁL „Vissulega voru þarna formenn fimm félaga í Starfsgreinasambandinu sem ekki vildu skrifa undir samningana, það er ljóst að þeim fannst ekki nógu langt gengið gagnvart þeim tekjulægstu," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, í samtali við Fréttablaðið um gagnrýni sem nýgerðir kjarasamningar hafa sætt.

„Samtök atvinnulífsins höfðu hafnað kröfu þessara aðila strax í september og það var ljóst að ekki var hægt að mynda grundvöll að samningi og að efnahagskerfið hefði ekki staðið af sér 10-12% hækkun án þess að það myndi hafa áhrif bæði á gengi og verðlag," segir Gylfi.

Hann bætir við að þeir í verkalýðshreyfingunni hafi starfað í næstum 100 ár og það sé bitur reynsla þeirra að aðferðafræði snöggra og mikilla launahækkana í kjarasamningum hafi ekki skilað þeim fram á veginn.

„Þó það sé digurbarkalegt að standa á stól og hrópa þá hefur það ekki skilað sér til okkar félagsmanna þegar til lengdar lætur. Það að byggja þetta upp hægum skrefum er það sem skilar sér í budduna í auknum kaupmætti," segir Gylfi.

Samkvæmt samningunum hækka lægstu laun um 5 prósent en almenn laun um 2,8 prósent.

Gylfi segir það hafa verið einlægan vilja verkalýðshreyfingarinnar að leggja sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika og lága verðbólgu.

„Það þarf að tryggja að það sem við semjum um staldri við í veskinu og verði að varanlegri kaupmáttaraukningu. Það er reynsla verkalýðshreyfinga nágrannaþjóða okkar sem við höfum verið í góðu sambandi við, að gera hóflegar launabreytingar sem til lengdar skila miklu meiri kaupmætti en þessi snögga aðferð sem við viljum oft reyna. Það er því miður óþolinmæðin sem oft vill hlaupa með okkur í gönur," segir hann.

Gylfi segir um 4% félagsmanna ASÍ tilheyra félögunum sem ekki skrifuðu undir samningana.

„Það eru 56 félög í ASÍ og á laugardaginn gekk 51 þeirra frá samningi. Tillagan frá þeim sem ekki skrifuðu undir hljóðaði vissulega upp á meiri hækkanir fyrir þá tekjulægstu en einnig um enn meiri hækkanir fyrir þá tekjuhæstu. Við vildum auðvitað fá meira í verkalýðshreyfingunni en það sem Samtök atvinnulífsins voru tilbúin að samþykkja og þar munaði mjög miklu. Þeir höfðu lagt til 2% flata hækkun og enga krónutöluhækkun og það er búin að vera þeirra afstaða í allt haust frá því í september," segir Gylfi.

STÖÐUGLEIKINN Í FYRIRRÚMI Ekki eru allir á eitt sáttir um nýgerða kjarasamninga. Gylfi Arnbjörnsson segir ASÍ vilja tryggja stöðugleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það þarf að tryggja að það sem við semjum um staldri við í veskinu og verði að varanlegri kaupmáttaraukningu.**
>
> *Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*

Hann segir SA hafa verið með áróðurs- og auglýsingaherferð fyrir þeirri afstöðu sinni og einnig fengið að hluta til stuðning frá Seðlabankanum fyrir því.

„Niðurstaðan varð sú að SA fallast á okkar meginkröfu, að lægstu launin hækki meira en almenn laun og í ljósi afstöðu þeirra var það mikill áfangasigur að ná því í gegn, en auðvitað hefðum við viljað sjá þessar tölur hærri," segir Gylfi að lokum.

fanney@frettabladid.is

Skora á fyrirtækin að gæta að verðlagi

Í kjarasamningunum er gengið út frá því að fyrirtæki gæti ýtrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum í ljósi kostnaðaráhrifa þessa samnings og þeirra breyttu verðbólguvæntinga sem honum er ætlað að stuðla að.

Björgólfur Jóhannsson, formaður SA, segir að samtökin skori einfaldlega á fyrirtækin að gæta að sér í verðlagsákvörðunum og horfa til þess að verðbólguvæntingar verði að fara niður.

„Við sjáum þetta gerast hjá hinu opinbera, sveitarfélögum og ríkisvaldinu og skorum einfaldlega á fyrirtækin að gera hið sama. Við trúum því að verðbólguvæntingar eigi að fara niður á við og þær hafa verið of háar," segir Björgólfur.

Hann segir að fyrirtækin spili þar stóra rullu með því að gæta að verðlagi.

„En það er að sjálfsögðu ákvörðun fyrirtækjanna sjálfra en við segjum við þau, líkt og við gerðum í auglýsingunni margfrægu, að það kemur alveg jafn mikið niður á fyrirtækjunum ef verðbólgan verður jafn há og hún hefur verið. Þau og þeirra ákvarðanir eru því mjög mikilvægur hluti af þessu ferli öllu," segir Björgólfur.

TREYSTIR Á FYRIRTÆKIN Björgólfur Jóhannsson, formaður SA, segir að allra hagur sé að verðlag hækki ekki umfram það sem eðlilegt sé. Hækkandi verðlag muni koma niður á fyrirtækjum eins og öllum öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ENNEMM / SÍA / NM60670

MEÐ ÞÖKK FYRIR ÁRANGURSRÍKT SAMSTARF

Við óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Viðskiptavinum VÍB og þeim þúsundum sem tekið hafa þátt í fræðslufundum okkar þökkum við árangursríka samfylgd á árinu sem er að líða.

WORLD FINANCE INVESTMENT MANAGEMENT AWARDS 2013

Nýlega var VÍB valið besta íslenska eignastýringarfyrirtækið af breska fjármálaritinu World Finance.

Horft var til margra þátta, s.s. árangurs síðasta árs, fjárfestingaraðferða, þjónustu og fræðslu. Við erum afar stolt af þessum verðlaunum og ekki síður ánægð með að Íslendingar segjast myndu leita fyrst til okkar ef þeir þyrftu á eignastýringarþjónustu að halda.*
Kynntu þér árangurinn, aðferðirnar og fjárfestingarkostina sem öfluðu okkur viðurkenningar og trausts.

* Skv. netkönnun Capacent Gallup í maí 2013.

Íslandsbanki | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900 | vib@vib.is
facebook.com/VIB.stofan | @vibstofan | www.vib.is

Heldur jólin á miðju átakasvæði

Lára Jónasdóttir eyðir jólunum í höfuðborg Suður-Súdan þar sem hún starfar fyrir samtökin Læknar án landamæra. Átök hafa geisað í landinu í tæpar tvær vikur og óttast er að yfir þúsund manns hafi látið lífið.

SUÐUR-SÚDAN „Það er lítil jólastemning hér og ég hef ekki haft tækifæri til að segja gleðileg jól við marga," segir Lára Jónasdóttir sem stödd er í Juba, höfuðborg Suður-Súdan. Þar hafa bardagar geisað síðan um miðjan mánuðinn.

Lára er starfsmaður samtakanna Læknar án landamæra og fór utan í nóvember. Hún átti þó ekki von á því að starfa á miðju átakasvæði.

„Ég átti að vinna á heilsugæslu í litlu þorpi í Jonglei-fylki. Þar er ekki rekin heilbrigðisþjónusta á vegum ríkisins svo við sjáum um alla grunnþjónustu. Eftir að átökin brutust út vorum við hins vegar send í burtu þaðan öryggisins vegna," segir Lára, sem fór til höfuðborgarinnar ásamt öðrum starfsmönnum samtakanna til þess að koma á fót heilsugæslu innan tveggja flóttamannabúða Sameinuðu þjóðanna.

„Við erum fyrst til að bjóða upp á heilbrigðisþjónustu á svæðinu, fyrir utan þá þjónustu sem var þegar til staðar fyrir starfsmenn Sameinuðu þjóðanna," segir Lára. Hún segir að heilsugæslurnar hafi hingað til ekki sinnt mörgum stríðshrjáðum sjúklingum, en í búðunum tveimur séu fleiri en 30.000 manns og því mörg heilbrigðismál sem huga þurfi að. „Hér er malaría, niðurgangur og almennur heilsubrestur tengdur því að hafa ekki aðgengi að hreinlætisaðstöðu og að búa hálfpartinn á götunni," útskýrir Lára. Flóttafólkið er allt íbúar höfuðborgarinnar sem flúið hefur heimili sín eftir mikla bardaga sem geisuðu í síðustu viku í íbúðarhverfum borgarinnar.

Óeirðirnar og hraði þeirra kom öllum að óvörum og hefur Lára tekið á móti fólki sem augljóslega flúði heimili sín í miklum flýti. „Í vikunni réð ég mann í vinnu í apótekið okkar, sem baðst afsökunar á því hversu óhreinn og illa lyktandi hann væri, en hann kom allslaus í búðirnar og átti því ekki föt til skiptanna. Önnur kona sem ég hitti var ekki með föt fyrir barnið sitt því hún var að baða það þegar hermenn birtust óvænt og ráku hana burt," segir hún.

> **Önnur kona sem ég hitti var ekki með föt fyrir barnið sitt því hún var að baða það þegar hermenn birtust óvænt og ráku hana burt.**

Lára segir ástandið í landinu vera mjög alvarlegt. „Læknar án landamæra hafa miklar áhyggjur af auknu ofbeldi og af því fólki sem lendir á milli óvinaherja. Við leggjum þó áherslu á að senda ekki starfsmenn úr landi heldur að styrkja frekar það starf sem þegar er unnið. Það er núna sem fólk þarf á okkur að halda," segir Lára. Hún segir mikla þörf vera fyrir sérhæft heilbrigðisstarfsfólk sem geti unnið hratt og undir miklu álagi.

Mörg erlend ríki hafa flutt starfsfólk sendiráða og hjálparstarfsmenn úr landi. Borgin Juba, þar sem venjulega búa hundruð hjálparstarfsmanna, er því talsvert eyðilegri en áður og þjónustan sem hverfist um þennan hóp hefur minnkað. Þá ríkir útgöngubann eftir klukkan sex á kvöldin.

„Það sem gerir þetta enn flóknara er að í miðri óreiðunni eru jól. Samfélagið gengur að hluta til sinn vanagang en það er orðið extra erfitt að finna ferskan mat. Við vinnum frá morgni til kvölds á heilsugæslunni og höfum engan til að leita að mat fyrir okkur. Sem betur fer eru samt staðir eftir þar sem hægt er að panta mat," segir Lára sem hefur unnið óslitið yfir hátíðarnar. Hún segir starfsfólkið þó reyna að gera sér dagamun á kvöldin. „Margir samstarfsfélaga minna tóku með sér eitthvað gott að borða yfir jólin. Við fengum því að smakka núggat og marsipan sem danskur félagi minn kom með. Það er svona það jólalegasta sem við höfum fengið."

Lára segist hafa heyrt í fjölskyldu sinni en hafa annars ekki haft hugann við jólin. „Ég lét bara vita að það væri í lagi með mig og fékk að vita að það væri stormur á Íslandi, annað var það ekki," segir Lára og hlær. Hún býst við að dveljast í Suður-Súdan fram á næsta ár og vonast til þess að starfa áfram fyrir Lækna án landamæra á nýjum slóðum.

„Hér hefur fólk sameiginleg markmið og metnað fyrir ákveðnu verkefni, og einhvern veginn verður ekkert ómögulegt í okkar augum. Það er svo yndislegt að vinna í svona umhverfi," segir Lára að lokum.

eva@frettabladid.is

FLÓTTAMANNABÚÐIR Lára átti ekki von á því að starfa í flóttamannabúðum yfir hátíðarnar. Um 58.000 flóttamenn dvelja nú í búðum Sameinuðu þjóðanna víðs vegar um landið.

ÓTTAST BORGARASTYRJÖLD

Átökin í Suður-Súdan hófust í höfuðborginni Juba fyrir tólf dögum. Þá reyndu hermenn í lífvarðarsveitum forsetans, sem tilheyra Dinka-ættbálki hans, að afvopna þá hermenn í lífvarðarsveitunum sem tilheyra Nuer-ættbálknum og talið er að lúti stjórn fyrrverandi varaforseta landsins, Rieks Machar. Átökin hafa síðan breiðst út og er Machar talinn fara fyrir uppreisnarliði í tveimur helstu olíuvinnslufylkjum landsins. Forsetar Kenía og Eþíópíu hittu í gær forseta landsins, Salva Kiir, í þeirri von að koma á friðarviðræðum, en óttast er að borgarastyrjöld brjótist út. Sameinuðu þjóðirnar hafa hvatt aðila deilunnar til að leggja niður vopn, en talið er að yfir þúsund manns hafi látið lífið í átökunum. Þá er talið að um 58.000 flóttamenn dvelji nú í flóttamannabúðum Sameinuðu þjóðanna víðs vegar um landið og að yfir 92.000 manns hafi flúið heimili sín.

ÁRAMÓTATILBOÐ

40.000 KRÓNA ÁRAMÓTAAFSLÁTTUR MILLI JÓLA OG NÝÁRS !

TOSHIBA

119.990
FULLT VERÐ 159.990
TOS-U840T105

129.990
FULLT VERÐ 169.990
TOS-LX83012Z

14" INTEL i3 MEÐ SSD

Stílhrein og glæsileg 14" Toshiba fartölva með SSD diski sem gerir hana ofurspræka í allri vinnslu. Intel i3 örgjörvi og Intel HD4000 skjákort. Létt og meðfærileg með langri rafhlöðuendingu.

23" SKJÁTÖLVA

Heimilistölva með stórum 23" kristaltærum snertiskjá í háskerpu. Intel i3 örgjörvi og stór 750GB harður diskur. HDMI inntak sem býður upp á skemmtilega tengimöguleika. Skemmtilegt að spila vinsæla spjaldtölvuleiki á 23" snertiskjá. Fyrirferðalítil og tekur lítið pláss á borði þar sem skjárinn og tölvan eru sambyggð.

tl.is
TÖLVU LISTINN

SUÐURLANDSBRAUT 26, REYKJAVÍK - GLERÁRGÖTU 30, AKUREYRI - GARÐARSBRAUT 18A, HÚSAVÍK - KAUPVANGI 6, EGILSSTÖÐUM - HAFNARGÖTU 90, KEFLAVÍK - AUSTURVEGI 34, SELFOSSI - REYKJAVÍKURVEGI 66, HAFNARFIRÐI

Veljum íslenskt
– okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is

Þrettán bræður sem þekkja íslenskar aðstæður

Íslensku jólasveinarnir hafa fylgt okkur í gegnum nístandi frost og skafrenning í margar aldir.
Sá útlenski er góður kall og allur af vilja gerður en hann er bara ekki búinn fyrir íslenskar aðstæður.

Málning hefur í 60 ár framleitt og þróað málningu og viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar.

60 ár við íslenskar aðstæður
1953-2013

Við óskum Íslendingum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

málning
- það segir sig sjálft -

ÍSLENSKA/SIA.IS/MAL 51611 12/13

Fyrirtækja dagar

MacPro

Verð frá: **549.990.-**

Erum byrjaðir að taka niður pantanir
www.epli.is/macpro

Allt að 64GB innra minni
Allt að 6GB skjákort
Allt að 12 kjarna 2,7GHz

iPhone
Verð frá: 67.890.-

MacBook Pro Retina 15”
MacBook Pro með Retina skjá er tilvalin fartölva fyrir atvinnumenn og þá sem vilja alvöru hraða í nettri og léttri hönnun
Verð frá: 379.990.-

iMac
Þegar talað er um byltingu í tækni og hönnun þá er bara um eitt að ræða, nýja iMac frá Apple.
Verð frá: 249.990.-

Mac mini
Nett og falleg tölva með öflugum örgjörva og stórum disk. Margir tengimöguleikar.
Verð frá: 134.990.-

epli.is

Frítt iPhone námskeið
í verslun okkar að Laugavegi 182

Föstudaginn 27. des kl. 13.00
Laugardaginn 28. des kl. 13.00
Mánudaginn 30. des kl. 13.00

Epla útsala

15-70% afsláttur af völdum vörum

ATH: tölvur/spjaldtölvur eru eingöngu afgreiddar í verslun á Laugavegi 182

Nýjar og notaðar vörur á frábæru verði, takmarkað magn...

MacBook Pro Retina
Verð frá: **229.990.-**
Verð áður frá: 309.990.-

MacBook Air
Verð frá: **129.990.-**
Verð áður frá: 169.990.-

iPad
Verð frá: **39.990.-**
Verð áður frá: 54.990-

Go Pro Aukahlutir

20% afsláttur

Libratone | Braven | Just Mobile | Twelve South | Bower&Wilkins | Wacom

25% afsláttur

Griffin | iLuv | Knomo | Skullcandy | Cygnett | Macally

30% afsláttur

Frends | Rollei

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

Fullar búðir af útsöluvörum, sjón er sögu ríkari

Smáralind
Opið 27. des 11-19 | 28. des 11-18 | 29. des 13-18
30. des 11-19 | 31. des 11-13

epli.is

Laugavegi 182
Opið 27. des 11-18 | 28. des 12-16 | 29. des Lokað
30. des 10-18 | 31. des 10-13

Breytingar á mætti stórvelda

Sífellt fleiri merki sjást um þá þungu strauma sem flytja völd og auð og áhrif frá vestri til austurs og frá norðri til suðurs, skrifar Jón Ormur Halldórsson. Hann segir tíma mikilla breytinga afar viðsjárverða. Jafnframt að vaxandi ójöfnuður sé að rífa vestræn þjóðfélög sundur.

Degi er tekið að halla á öld vestursins. Sú staðreynd varð ljósari en áður á líðandi ári. Fimmhundruð árum eftir upphaf nýlendutímans, sem endaði með heimi undir forræði fáeinna vestrænna stórvelda, sjást nú sífellt fleiri merki um þá þungu strauma sem flytja völd og auð og áhrif frá vestri til austurs og frá norðri til suðurs. Þungamiðja flestra hluta er að færast til og nær alltaf í átt frá Vesturlöndum. Þetta er að breyta heiminum. Því fylgja margar hættur.

LEIÐTOGAR STÓRVELDA Forseti Rússlands, Vladimír Pútín, og forseti Kína, Xi Jinping, fara fyrir tveimur stærstu efnahagsveldum heims. Kína er orðið stærsti viðskiptavinur meirihluta ríkja heims, skrifar Jón Ormur Halldórsson. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

➜ Uppljóstranir Snowdens um ótrúlegt umfang á njósnastarfsemi Bandaríkjanna voru einn vendipunktur ársins. Skyndilega varð ljóst inn í hvers konar heim við höfum stigið með tengingu allra greina lífsins við nýja tækni. Framtíðarhryllingur birtist þarna sem samtímaveruleiki.

Viðvörun sögunnar

Í haust sagði utanríkisráðherra Kína í ræðu sem fór furðu hljótt að af þeim 15 tilvikum sem hann þekkti úr sögunni um uppgang nýrra stórvelda hefðu 11 endað með stríði. Þetta hljómaði ekki vel á ári harðnandi deilna um Kínahaf og vaxandi máttar kínverska hersins. En athugasemdin var rétt. Tímar mikilla breytinga á hlutfallslegum mætti stórvelda eru afar viðsjárverðir. Sögukennslan var viðvörun til eldri stórvelda um að standa ekki í vegi fyrir vaxandi áhrifum mesta ríkis jarðarinnar og sérstök áminning til Bandaríkjanna um að þrengja ekki að Kína í Asíu. Það kom í ljós á árinu að Kína hefur skipt um kúrs í utanríkismálum. Stjórnin fylgir ekki lengur áratugagamalli stefnu um að halda Kína til hlés.

Erfitt nágrenni

Fátt greiddi meira leið Bandaríkjanna til valda en lega landsins að mestu höfum heimsins og meinlaust nágrenni á landi. Kína liggur hins vegar að tólf ríkjum á landi og að lögsögu fleiri á sjó. Ríkið á í alvarlegum deilum um landamæri og lögsögu við meira en helming granna sinna. Víða á jöðrum Kína ríkir tortryggni vegna langrar sögu mikils aflsmunar. Aðeins fá grannríki, og ekkert þeirra sterkustu, geta talist sérlega vinveitt Kínverjum. Nær öll austanverð Asía er hins vegar orðin nátengd kínversku efnahagslífi. Kína er líka orðið stærsti viðskiptavinur meirihluta ríkja heims án þess að hafa eignast öfluga bandamenn.

Innilokað stórveldi

Nær öll utanríkisverslun Kína, og þar með aðdrættir á hráefnum og orku, fer um þröngar siglingaleiðar í Asíu og viðkvæm hafsvæði þar sem Kínverjar hafa lítil áhrif. Þetta er ein helsta skýringin á tilraunum Kínverja til að styrkja stöðu sína erlendis. Þeir sem horfa á heiminn frá Peking sjá erfiða baráttu innilokaðs verslunar- og iðnveldis fyrir viðskiptalegu og pólitísku öryggi. Úr öðrum áttum kann það sama að sýnast ógnandi útþenslustefna. Vaxandi afleiðingar af þessum ólíka skilningi verða oft í fréttum á næstu árum.

Afleiðingar hnignunar

Minnkandi trú á mátt Bandaríkjanna er að verða mikill áhrifavaldur í alþjóðamálum. Þetta er ekki aðeins svo í Mið-Austurlöndum heldur einnig á svæðum allt í kringum Kína og Indland og á hinum löngu jöðrum Rússlands. Brasilía er líka að mynda mótvægi við Washington í Suður-Ameríku. Bandaríkin eru þó til mikilla muna öflugasta herveldi heimsins og eyða nær jafn miklu í her sinn og allar aðrar þjóðir jarðar til samans. Reynslan bæði í Írak og Afganistan hefur hins vegar sýnt að jafnvel yfirþyrmandi herstyrkur dugar ekki til að ráða niðurstöðum mála. Eftir meira en áratugar stríðsrekstur og meira en trilljón dollara útgjöld standa Bandaríkin ráðþrota í Mið-Austurlöndum og vilja nú loks ræða við Íran. Stríðið í Sýrlandi sýnir vel þetta máttleysi hinna sterku.

Heimur margra stórvelda

Vöxtur Kína, Indlands, Brasilíu, Tyrklands, Indónesíu og fleiri stórra ríkja er að setja áhrifum Bandaríkjanna sífellt þrengri skorður. Íran sem opnaði dyr sínar á árinu mun bætast í hóp þessara ríkja um leið og versta sérviskan hættir að ráða ferðinni í Tehran. Ekkert ríki né heldur bandalag ríkja getur þó tekið við drottnandi hlutverki Bandaríkjanna. Hagsmunir er ólíkir hjá nýjum stórveldum heimsins og flest glíma þau líka við alvarleg vandamál. Þetta sást vel á árinu í pólitískri lömun hins snauða Indlands, í átökum í Tyrklandi og með öðrum hætti í Kína. Meginspurningum um ríki og vald er ósvarað í mörgum þeirra, ekki síst í Kína, en vaxandi fyrirferð þeirra reynir nú á þanþol alþjóðakerfisins.

Sára stórveldið

Rússland var aldrei þessu vant í fréttum fyrir að ná árangri í utanríkismálum, fyrst í Sýrlandi og svo í Úkraínu. Hvorugt málið breytir því þó að ríkið á í vaxandi erfiðleikum bæði innan lands og utan. Utanríkisstefnan hefur mótast af sárindum og tilraunum til að endurheimta stöðu hnattræns stórveldis. Rússar eyða hlutfallslega meiru til hermála en önnur stórveldi og munu innan þriggja ára eyða meiru í þau en heilbrigðismál. Hagkerfi Rússlands er hins vegar aðeins þriðjungur af því japanska og helmingur af því þýska. Framleiðslan á mann er minni en í Grikklandi. Rússum fækkar og á næstu árum mun fækka um tíu milljónir á vinnumarkaði. Lítið er flutt út annað en hráefni. Þetta er stórt og vel vopnað en veikburða ríki. Fyrir framtíðina skiptir þróun mála í Úkraínu mjög miklu máli.

Úr kreppu í stöðnun?

Á Vesturlöndum er almenningur farinn að trúa því að löng gullöld sé að baki og að framtíðin verði fátæklegri. Þessi tilfinning kemur sterkt og ítrekað fram í margvíslegum könnunum á viðhorfum fólks bæði austan hafs og vestan. Hún er studd rökum og reynslu. Lífskjör almennings í Bandaríkjunum hafa lítið batnað í áratugi og versnað hjá þeim fátækari. Í Evrópu horfir ungt fólk fram á verri kjör en foreldrar þess vöndust. Þótt löng kreppa sé víða að baki sjá menn fleiri teikn um stöðnun en framfarir. Aðgerðir flestra ríkja bera keim af tilraunum til að blása lofti í hagkerfin en innviðir eru óvíða styrktir. Pólitíkin er ólík frá landi til lands en þó má greina þræði. Mönnum er víða talin trú um að útlendingar beri ábyrgð á ástandinu. Vitrænni umræða bendir hins vegar til nýs og víðtæks vilja til að skoða í alvöru hvernig gefið er í spilum samtímans.

Ár andófs gegn ójöfnuði

Þetta var ár frétta af ójöfnuði sem ekki hefur verið meiri í nýlegri sögu Vesturlanda. Hagfræðingar skýrðu hvernig ójöfnuður getur vegið að efnahagslífinu. Pólitískir greinendur sýndu hvernig samfélög Vesturlanda eru að gliðna og súrna vegna ólíkra hagsmuna ríkra manna og almennings. Stjórnmálin einkenndust líka víða af reiði og tortryggni frekar en yfirvegun og skynsemi. Enginn skortur reyndist heldur á stjórnmálamönnum sem gera út á reiði og örvæntingu almennings sjálfum sér til hagsbóta.

Kerfisbreyting í Mið-Austurlöndum

Grunnþættirnir í ríkjaskipun Mið-Austurlanda eru að verða hundrað ára gamlir og stríðin um þá jafngömul. Rætur þeirra er að finna í gömlum hagsmunum vestrænna stórvelda. Arfurinn af hundrað ára hagsmunagæslu útlendinga í Mið-Austurlöndum sýndist sjaldan ömurlegri en á líðandi ári með stríðinu í Sýrlandi, hjaðningavígum í Írak, upplausn í heimi araba, vaxandi vonleysi Palestínumanna og flótta milljóna manna. Stríðin í Mið-Austurlöndum eru þó flest borgarastríð og snúast ekki lengur um vestræna hagsmuni. Púðrið var þurrt eins og sást eftir innrásina í Írak og nú loga eldar glatt í mörgum ótraustum ríkjum. Nú eru það stjórnmál samsemdar á trúarlegum grunni og átök á milli Íran og Sádi-Arabíu með Tyrki og Egypta á hliðarlínum sem móta stríðin. Það kerfi mun um stund taka við af hinni dapurlegu bandarísku öld í Mið-Austurlöndum.

Hvarf einkalífsins

Uppljóstranir Snowdens um ótrúlegt umfang á njósnastarfsemi Bandaríkjanna voru einn vendipunktur ársins. Skyndilega varð ljóst inn í hvers konar heim við höfum stigið með tengingu allra greina lífsins við nýja tækni. Framtíðarhryllingur birtist þarna sem samtímaveruleiki. Staðfesting á vaxandi mun á Evrópu og Bandaríkjunum sást um leið á gerólíkum viðbrögðum vestan hafs og austan við upplýsingum Snowdens. Hann var hetja ársins austan megin hafs en stórglæpamaður vestan þess.

Nánd fjarlægða

Heimsvæðingin hefur fært menn og atburði í nýtt návígi. Okkur kemur miklu meira við en nokkru sinni áður hvað fjarlægt fólk er að gera, hvað það vill og hvað það getur. Árangur af viðleitni heima fyrir ræðst líka sífellt meira af því hvernig hún fellur að alþjóðlegum aðstæðum. Það þurfti ekki nein sérstök gleraugu til að sjá þetta á árinu sem er að líða. En menn héldu samt áfram að reka sig óþægilega á þessa einföldu staðreynd.

Styrkur Evrópu

Efnalegar forsendur vestræns forræðis í heiminum eru að hverfa. Evrópa á í sérstökum vanda þótt versta kreppan sé nú að baki. Löndin í kringum okkur minna þó um margt á skjól í hörðum heimi. Ekkert hinna rísandi stórvelda er öðrum til fordæmis um samfélagaskipan. Flest nágrannalönd okkar eru hins vegar alþjóðlegar fyrirmyndir. Hvergi er frelsið meira í reynd, hvergi er umburðarlyndið staðfastara, hvergi er svo vel hlúð að lífi hins almenna manns, hvergi er upplýsingin almennari, hvergi er skárra að eiga í erfiðleikum með lífið og hvergi er menningin fjölbreyttari eða frjórri.

Spurning

Árið sýndi hins vegar að stærsta ógnin við allt þetta er vaxandi ójöfnuður innan vestrænna þjóðfélaga. Hann er að rífa þau í sundur. Þekktur sagnfræðingur sagði eitt sinn að stærsta spurningin um tuttugustu öldina væri um það hvernig mönnum tókst að forða kapítalismanum frá því tortíma sjálfum sér. Samtíminn gæti notað svör við þeirri spurningu.

ERLENDIR VENDIPUNKTAR 2013

Jón Ormur Halldórsson er stjórnmálafræðingur

Fréttablaðið gerir upp árið með grein um erlenda vendipunkta sem fjalla meðal annars um heim margra stórvelda og vaxandi ójöfnuð á Vesturlöndum.

ora

Ástríða í matargerð

Ora óskar landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

www.ora.is

SKOÐUN

Kaupmáttaraukning betri en óraunhæfar hækkanir:

Skynsamlegir kjarasamningar

Kjarasamningarnir sem náðust á almenna vinnumarkaðnum fyrir jólahátíðina eru skynsamleg lending í erfiðri stöðu. Mörgum þykir almenna launahækkunin, 2,8 prósent, ekki mikil. Hún er hins vegar til marks um að samtökin á vinnumarkaðnum hafa horfzt í augu við þá staðreynd að hjá fyrirtækjum í landinu almennt er ekki innistæða fyrir meiri hækkun. Menn hafa lært sína lexíu af síðustu kjarasamningum. Þeir kváðu á um óraunhæfar launahækkanir sem fyrirtækin veltu síðan út í verðlagið þannig að raunverulegur ávinningur fyrir launafólk varð lítill.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Staðhæfingar um að lítið hafi verið gert fyrir þá lægst launuðu eru ekki réttar. Ákvæði um lágmarkskrónutöluhækkun þýða að lægstu launin hækka um fimm prósent og allir taxtar undir 230 þúsundum hækka sérstaklega. Nokkrir leiðtogar fámennra verkalýðsfélaga sem neituðu að skrifa undir kjarasamninginn hafa haldið því fram að samningarnir auki á misskiptingu. Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ hefur sýnt ágætlega fram á að hefði leið hárra prósentuhækkana, sem sumir sömu menn lögðu til, verið farin hefðu hæstu launin hækkað miklu meira en raunin varð.

Það má heldur ekki gleyma því að launahækkunin sem slík er aðeins partur af pakkanum. Ríkið greiddi fyrir samningunum með því að hækka tekjumörkin í lægsta þrepi tekjuskattsins. Eftir stendur að milli- og hátekjufólk fær meiri skattalækkun. Þeir sem gagnrýna þá ráðstöfun eru líklega búnir að gleyma að á árunum eftir hrun tókst að verja kaupmátt lægst launaða fólksins. Milli- og hátekjuhóparnir tóku hins vegar á sig bæði launalækkanir og gríðarlegar skattahækkanir og þar af leiðandi miklu meiri kaupmáttarskerðingu.

Ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig til að halda gjaldskrárhækkunum sínum undir verðbólgumarkmiði Seðlabankans næstu tvö árin og heitir sömuleiðis að endurskoða gjaldahækkanir í fjárlagafrumvarpinu. Við eigum því hugsanlega von á að hinar heföbundnu hækkanir á áfengis- og tóbaksgjaldi og bifreiðagjöldum verði mildaðar eitthvað. Stærstu sveitarfélögin hafa sömuleiðis fallizt á að halda aftur af gjaldskrárhækkunum sínum. Samtök atvinnulífsins beina því til aðildarfyrirtækja sinna að hækka ekki verð umfram verðbólgumarkmiðið.

Gangi þetta allt eftir, getur niðurstaðan orðið raunveruleg kaupmáttaraukning fyrir allan almenning í landinu, sem er miklu skynsamlegri og betri útkoma en að verðbólgan éti enn á ný launahækkanirnar. Þannig er líka byggt undir frekari kjarabætur í framtíðinni.

Samtök opinberra starfsmanna segjast ekki munu sætta sig við sömu launahækkanir og í þessum samningum. Það er út af fyrir sig engin ástæða til að ljósrita bara samninga almenna markaðarins þegar samið verður við opinbera starfsmenn, en þó liggur algjörlega í augum uppi að heildarkostnaðaraukinn má ekki verða meiri. Fari svo, neyðast ríki og sveitarfélög einfaldlega til að velta kostnaðinum yfir á skattgreiðendur og þá er þjóðarsáttin ónýt.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Verkalýðsforingjar vegast á

Verkalýðsforystan stendur í nokkuð harðvítugum ritdeilum um þessar mundir eftir að kjarasamningar voru undirritaðir af stórum meirihluta aðildarfélaga ASÍ á laugardag. Vilhjálmur Birgisson, verkalýðsleiðtogi af Akranesi, var fljótur til og sagði verkalýðshreyfinguna vera „endanlega að deyja drottni sínum vegna kjarkleysis og aumingjadóms“. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði í pistli sínum að Vilhjálmur sjálfur hefði fengið ríflega 55 þúsund króna hækkun samkvæmt hans hugmyndum í stað 22 þúsunda sem hann fær samkvæmt samningunum. Gylfi bætti við: „Ef mælikvarðinn á árangur er áhrif þessara mismunandi leiða á bæði misskiptinguna eða okkar eigin hag, er nokkuð ljóst hvor tillagan hefur meiri áhrif og þá í hvaða átt!“

Fleiri blandast í slaginn

Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna, blandaði sér í slaginn og sagði í bréfi til félagsmanna sinna að það væri „sorglegt að horfa upp á lýðskrumið sem keyrt er gegn þeirri vinnu sem maður er að vinna af heiðarleika“ og hlaut að launum svar frá Vilhjálmi sem sagði: „Nú kemur þessi snillingur og kallar mig lýðskrumara fyrir að hafna samræmdri láglaunastefnu því sama sem hann og hans félag hafði gert á fjölmennum fundi í október. Hvor okkar er nú meiri lýðskrumari?“

Enginn samtakamáttur

Það er nokkuð ljóst að þjóðarsáttin sem ríkisstjórnin tönnlast sífellt á varðandi hitt og þetta er órafjarri þegar kemur að kjarasamningum verkalýðsforystunnar. Þar er samtakamátturinn enginn.

fanney@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

Ríkisútvarpið ól mig upp

RÍKISÚTVARPIÐ

Ragnheiður Davíðsdóttir
framkvæmdastjóri Krafts

Ég á Ríkisútvarpinu margt að þakka. Það ól mig að mörgu leyti upp og lagði grunninn að menntun minni og áhugasviði síðar á lífsleiðinni. Þegar ég var barn að aldri lék Ríkisútvarpið stórt hlutverk í lífi mínu. Ég vaknaði við rödd Péturs Péturssonar og Jóns Múla Árnasonar í morgunútvarpinu, fylgdist með morgunleikfimi Valdimars Örnólfssonar – svo ekki sé talað um barnatíma Skeggja Ásbjarnarsonar. Í gegnum Ríkisútvarpið kynntist ég m.a. Gunnari Gunnarssyni, Jóni Trausta og Halldóri Laxness. Á kvöldin hlýddi ég á þjóðlegan fróðleik á kvöldvökum, fylgdist með útvarpsleikritum og missti aldrei af Sunnudagskvöldi með Svavari Gests.

Ég man enn hvar ég var stödd þegar ég heyrði fréttaþulinn segja þjóðinni frá morðinu á Kennedy og upphafi Surtseyjargossins. Ég sat hjá föður mínum, bóndanum, sem hlustaði áhyggjufullur á veðurfréttirnar og minnist hátíðaleikans þegar lestur jólakveðja hófst.

Menningarlegt hryðjuverk

Þessi stutta upprifjun er aðeins lítið brot af því uppeldislega hlutverki sem Ríkisútvarpið lék í lífi mínu. Án þess hefði ég ekki öðlast áhuga á helstu rithöfundum þjóðarinnar eða klassískri tónlist mestu tónskálda sögunnar. Án Ríkisútvarpsins hefði ég ekki verið tíður gestur á bókasöfnum landsins – eða lagt fyrir mig íslensku- og bókmenntanám síðar á lífsleiðinni. Ég átti einnig eftir að kynnast innviðum Ríkisútvarpsins þegar ég starfaði þar sem dagskrárgerðarmaður um árabil. Þar upplifði ég samstarfsfólk sem vann saman eins og einn maður og þótti afar vænt um vinnustaðinn sinn. Þar kynntist ég faglegum metnaði sem náði langt út fyrir skyldurækni launþegans. Þar var starfsfólk meðvitað um ábyrgð sína og skyldur gagnvart hlustendum; þjóðinni sem alin var upp með þessari merku stofnun.

➜ Ríkisútvarpið er ekkert annað en fólkið sem vinnur þar. Nú hefur verið vegið illa að þessum heimilisvini þjóðarinnar.

Ríkisútvarpið er ekkert annað en fólkið sem vinnur þar. Nú hefur verið vegið illa að þessum heimilisvini þjóðarinnar sem hefur ekki lengur burði til þess að færa okkur ómetanlegar gjafir sínar.

Ríkisútvarpið er þjóðin sjálf og um leið og stoðunum er kippt undan starfsemi þess er það menningarlegt hryðjuverk gagnvart íslenskri þjóðarsál.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
DÆGURMÁL: Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Sæstrengur: Hefjum könnunarviðræður

ORKUMÁL

Gústaf Adolf Skúlason
framkvæmdastjóri Samorku

Margt hefur verið rætt og ritað að undanförnu um lagningu raforkustrengs til Evrópu. Í grein í Fréttablaðinu þann 16. desember lýsir Páll J. Pálsson alþingismaður t.d. verulegum efasemdum um slíkar hugmyndir. Varar hann meðal annars við umræðu um auðfenginn gróða, minnir á háan stofnkostnað og varar við áhrifum á raforkuverð hér innanlands og þrýstingi um auknar virkjanaframkvæmdir.

Hér skal tekið undir það að tilkoma 700-900 MW sæstrengs myndi væntanlega hafa einhver áhrif til hækkunar á raforkuverði hér innanlands. Í ljósi hærri orkuverðs í gegnum sæstrenginn myndu jafnframt tilteknir virkjanakostir verða hagkvæmir, sem ekki eru það í dag. Erfitt er þó að fullyrða um þessi verðáhrif enda flutningsgeta strengsins takmörkuð og þá er sjálf orkan og sala hennar gjarnan innan við helmingur raforkureikninga heimila og fyrirtækja (afgangurinn er flutningur, dreifing og skattar). Loks eru ýmsar leiðir til að endurdreifa auknum hagnaði orkuframleiðenda til eigenda sinna, sem í flestum tilvikum er íslenskur almenningur. Hvað stofnkostnaðinn varðar þá eru ýmsir möguleikar uppi varðandi fjármögnun sæstrengs, en allir byggja þeir þó á aðkomu erlends áhættufjármagns. Enginn er að leggja til að íslenska ríkið fjármagni eða ábyrgist slíka framkvæmd.

Fyrir liggur að bresk stjórnvöld hafa sýnt málinu áhuga. Fyrir liggur sú stefna breskra stjórnvalda að hvetja til aukinna fjárfestinga í orkuframboði, ekki síst á sviði endurnýjanlegrar orku. Fyrir liggur að bresk stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin að tryggja þar ákveðin lágmarksverð til langs tíma, allt að 35 ára. Fyrir liggur að umrædd verð eru líklega margfalt hærri en íslensk orkufyrirtæki afla í dag. Loks liggur fyrir að íslenskir orkuframleiðendur myndu að sjálfsögðu aldrei fá alla þessa upphæð beint til sín, verulegur hluti verðsins myndi ávallt renna til þeirra sem fjármagna sæstrenginn.

Fleiri tugir milljarða?

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands metur það svo að ávinningurinn gæti orðið verulegur, eða nettó útflutningstekjur á bilinu 4-76 milljarðar króna á ári. Það er afar breitt bil. Leiðin til að þrengja þetta bil vegna ákvörðunartöku er meðal annars fólgin í því að taka upp könnunarviðræður við bresk stjórnvöld annars vegar og að kanna möguleika varðandi aðkomu fjárfesta að verkefninu hins vegar. Verði niðurstaðan t.d. helmingur efri markanna í mati Hagfræðistofnunar, eða um 40 milljarðar í nettó útflutningstekjur á ári, til fyrirtækja sem flest eru í eigu almennings, þá hefur verið lagt upp í leiðangra af mun minna tilefni. Leiði slík athugun lítil tækifæri í ljós þá er a.m.k. kominn raunverulegur grundvöllur fyrir ákvörðun um að leggja þessa umræðu til hliðar. Slíkan grundvöll ákvarðanatöku í þessu máli finnum við Íslendingar ekki í samtali við okkur sjálf.

Höfum það loks hugfast að áætlað er að um 40% af orkusölunni um strenginn yrði orka sem í dag nýtist ekki hérlendis, orkugeta sem þarf að vera til staðar í kerfinu sem eins konar varaafl í okkar enn sem komið er lokaða raforkukerfi.

Ó, land vors RÚV

Í DAG

Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Jón Gnarr sagði nýlega á borgarstjórnarfundi að hann ætti sjálfstæðisflokknum leiklistarferil sinn að þakka enda hefði það verið í hans valdatíð sem rekstur útvarps- og sjónvarsstöðva var gefinn frjáls. Óháð því hve vel mönnum finnst sá flokkur vera að því hrósi kominn er þetta ferskt viðmót hjá Jóni. Ferskara en að láta sem maður standi í þakkarskuld við einokunaraðila.

Margir vilja „verja Ríkisútvarpið“. Nýlega lét hópur fólks í ljós þá skoðun í blaðagrein að öflugt ríkissjónvarp væri forsenda þess að „okkar rödd“, rödd þjóðarinnar, heyrðist. Aðrir létu í ljós þá skoðun að ráðandi öfl væru að refsa stöðinni fyrir gagnrýna umfjöllun. Oft var svo látið í veðri vaka að þeir sem vildu sjá hlutverk RÚV minna en ekki meira væru á móti menningu.

Að leikarar þakki RÚV leiklistarferil sinn er eins og ef ég myndi þakka kommúnismanum fyrir að hafa kennt mér að lesa. Listafólk stendur ekki í einhverri skuld við Ríkisútvarpið. Raunar er sorglegt til þess að hugsa að öll þessi ár til 1986 hafi sjón- eða tónlistarmaður ekki getað komið sér á framfæri öðruvísi en að vera í náðinni hjá nokkrum opinberum starfsmönnum sem réðu efnisvalinu á einu stöðvunum sem löglegar voru hér á landi. Hugsa sér: Hve mörgum Jónum Gnörrum höfum við misst af?

Ekkert að þakka

Undir hvaða kringumstæðum gætu íslenskir listamenn staðið í þakkarskuld við Ríkissjónvarpið? Nú, til dæmis ef Sjónvarpið hefði framleitt einhverja frábæra gaman-, barna- eða glæpaþætti á 8. áratugnum sem komið hefðu íslenskri leiklist og tónlist rækilega á kortið. En allan þann tíma sem ríkið var eitt um þennan rekstur gerðist ekkert slíkt. Enda er Ríkisútvarpið svolítið eins og landbúnaðarkerfið. Flest lof sem um afurðirnar heyrist er lygi.

Dagskrárgerðin á RÚV hefur lengst af verið álíka mikið í heimsklassa og íslenska brauðskinkan. Hefur mikið efni frá RÚV verið leikið á erlendum stöðvum? Hafa þættir af RÚV verið seldir á mynddiskum í erlendum verslunum? Hafa þeir unnið til einhverra alþjóðlegra verðlauna? Nei, því miður. Menn geta ekki verið í heimsklassa í bara einu landi.

> Flest lof sem um afurðirnar heyrist er lygi. Dagskrárgerðin á RÚV hefur lengst af verið álíka mikið í heimsklassa og íslenska brauðskinkan.

Frumkvæðið hjá einkastöðvum

Þeir Jón Gnarr og Sigurjón Kjartansson voru í hópi frumherja á sviði útvarpsreksturs á Íslandi sem uppgötvuðu að „þáttur fyrir ungt fólk“ gat verið eitthvað annað en bara vinsæl tónlist í bland við upplýsingar um hvað klukkan væri. Maður hlustaði á þessa Tvíhöfðaþætti þeirra heilu unglingavinnutímabilin. Þeir fóru á Stöð 2 og gerðu Fóstbræður. Það er DVD-efni. Síðan kom Næturvaktin. Menn hafa endurgert hana í útlöndum. Það til merkis um eitthvað.

Sumir sjá kannski RÚV fyrir sér sem stað þar sem fólk fær tækifæri. Svona frumkvöðlasetur. En stofnunin stendur varla undir nafni sem slík. Hvað þá með alla þessa þætti sem byrjuðu annars staðar? Nefna má Hraðfréttir, Silfur Egils og Popppunkt. Er það hlutverk RÚV að kaupa yfir þætti sem aðrir hafa veðjað á?

Gegn einstaklingum og útlendingum

Það er líka magnað hvernig baráttan gegn „erlendum áhrifum“ og einstaklingsframtaki hefur einkennt marga atburði í sögu RÚV. Ríkið þurfti að stofna útvarpsstöð því svo mikið af fólki var farið að hlusta á erlent útvarp. Svo þurfti auðvitað að banna einkaaðilum að útvarpa. Ríkið þurfti að stofna sjónvarpsstöð því Bandaríkjamenn ráku hér Kanasjónvarp. Svo þurfti nauðsynlega að loka Kanasjónvarpinu, því ekki gekk að erlent ríki ræki hér sjónvarpsstöð og spillti landanum. Svo í þann mund sem pressan á að einkaaðilum yrði leyft að reka útvarp var að aukast þá var Rás 2 sett á fót. Kannski í einhverri von um að fólk léti sér þetta nægja.

Eins og bláa mjólkin

Fólk er vanafast. Ríkisstöðvarnar njóta gríðarlegs forskots. Þessar stöðvar eru stilltar númer eitt á flestum viðtækjum landsins, sem er svipað og ef allir landsmenn notuðu sömu upphafssíðu í vafranum. Á þann hátt eru þessar stöðvar eins og nýmjólkin og léttmjólkin. Fólk neytir þeirra, hálftilneytt, sama hvað. Stundum barnslega sannfært um að aðrir í heiminum myndu öfunda það af upplifuninni.

Upplifunarferðamennska

Í fréttum segir að hér sé fullt af ferðamönnum, en flestallt lokað. Ég bý í miðbæ Reykjavíkur þar sem helst er von á að staðir séu opnir. Í dag var einn og einn veitingastaður opinn – mér sýndust þeir vera fullir af fólki. Túristar hröktust um í norðanbálinu. Í svona átt er vindstrengur frá Esjunni yfir miðbænum, maður sem ég þekkti kallaði Lækjargötuna og Hljómskálagarðinn Illulág. Það á vel við í svona veðri. Vindurinn stendur eiginlega beint á framhliðina á húsinu, ég hef verið að bíða eftir því að jólaseríurnar í garðinum fjúki.

Það er búið að auglýsa Reykjavík sem frábæran jólaáfangastað. Og vissulega er þetta ákveðin reynsla fyrir ferðamenn, myrkur, skítaveður og allt lokað. Má kalla það upplifunarferðamennsku, að fjúka um í leit að einhverju sem er opið. Reyndar er það svo að í lögum um helgidagafrið er kveðið á um að á aðfangadag jóla og jóladag sé óheimilt að hafa skemmtanir, viðskipta- og verslunarstarfsemi. En gerir lögreglan núorðið eitthvað í því að framfylgja þessum lögum?

http://eyjan.pressan.is/silfuregils

Egill Helgason

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Seðlabanki Íslands
Gjaldeyrisútboð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrisútboð 4. febrúar 2014. Útboðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (http://sedlabanki.is/afnam) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (http://sedlabanki.is/fjarfesting).

Útboð í fjárfestingarleið
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útboðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útboðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útboð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykkta umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 15. janúar n.k.

Útboð í ríkisverðbréfaleið
Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaleiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útboðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Útboð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri
Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útboðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útboðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útboðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útboðunum þremur verður 3 dögum eftir að útboði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 4. febrúar 2014. Nánari lýsingu á framkvæmd útboðanna þriggja er að finna í útboðsskilmálum.

Útboðsskilmála og yfirlit um milligönguaðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans http://sedlabanki.is/utbod.

Næsta gjaldeyrisútboð verður haldið 18. mars 2014.

Nánari upplýsingar veita milligönguaðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr og snjöll

1398 kr. kg

Lambalæri, ferskt eða með trönuberja- og eplamarineringu og hvítlauks- og rósmarínmarinerað

30% afsláttur

1498 kr. kg

Verð áður ~~2139~~ kr. kg
KEA léttreyktur lambahryggur

ÁRAMÓTIN NÁLGAST

2,4 kg

3698 kr. stk.

Julius önd, frosin, 2,4 kg

898 kr. stk.

Andabringur þýskar

DÚNDUR VERÐ!

2 lítrar

189 kr. stk.

7Up 2 lítrar

498 kr. pk.

Lorenz saltaðar hnetur, 500 g

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum

VEISLUMATUR Á GÓÐU VERÐI

968 kr. pk.

Lúxus rækjur frá Ísafirði, 500 g

17% afsláttur

2998 kr. kg

Verð áður ~~3595~~ kr. kg

Ísfugl kalkúnabringa með ameríkskri fyllingu

23% afsláttur

998 kr. kg

Verð áður ~~1298~~ kr. kg

Grísahryggur með pöru

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Sjávarútvegur á jákvæðum nótum

SJÁVAR-ÚTVEGUR

Hildur Kristborgardóttir
framkvæmdastjóri Goggs og formaður Kvenna í sjávarútvegi

➜ Hin almenna umræða um íslenskan sjávarútveg gengur því miður oft út á það að vera á neikvæðum nótum. Sjaldan er minnst á hina ótrúlegu þroskasögu íslensks sjávarútvegs síðustu þrjátíu árin.

Hin almenna umræða um íslenskan sjávarútveg gengur því miður oft út á það að vera á neikvæðum nótum. Sjaldan er minnst á hina ótrúlegu þroskasögu íslensks sjávarútvegs síðustu þrjátíu árin. Í dag er þorskur ekki bara fryst flök og hertir hausar heldur hluti af lyflækningavörum, handtöskum frá Prada, heilsuvörum og svona mætti lengi telja. Í þessari grein langar mig að nefna það sem jákvætt er og deila með almenningi brot af því sem fullunnið er úr sjávarfangi.

Við sjávarútveginn starfar fólk með gríðarlegu þekkingu á sínu sviði. Þetta fólk hefur fundið aðferðir til að fá meira úr sjávarafurðinni en áður þekktist og um leið margfaldað verðmæti aflans. Þessi byltingarkennda nýting hráefnis hefur sett Íslendinga í sérflokk og um leið skapað þeim óteljandi störf.

Árið 1981 veiddu Íslendingar 460.000 þúsund tonn af þorski. Árið 2011, eða 30 árum síðar, veiddust hér við land 180.000 þúsund tonn eða 280.000 þúsund tonnum minna. Á sama tíma tvöfaldaðist samt útflutningsverðmætið og fór úr 340 milljónum dala (núvirt) árið 1981 í 680 milljónir dalir árið 2011. Árið 1981 voru ¾ hlutar útfluttra þorskafurða heilfrystur þorskur og fryst flök. Árið 2011 lítur vöruúrvalið úr þorskinum allt öðru vísi út.

Fiskiroð og Nike í eina sæng

Ferskar gæðaafurðir skapa þjóðarbúinu mikil verðmæti auk saltfisks, lýsis, skreiðar, hrogna, þorskhausa, beingarða og ýmissa annarra matvæla. Á síðustu árum hefur bæst við fjöldi fyrirtækja sem farið hafa ótroðnar slóðir í að nýta þorskinn. Hér má nefna fyrirtæki eins og ZymeTech sem nýtir ensím úr innyflum til að framleiða lyflækningavörur og húðáburð, Kerecis sem nýtir roð til að framleiða stoðefni fyrir þrálát sár, Atlantic Leather sem vinnur fiskleður úr roði og selur til fyrirtækja á borð við Prada, Dior, Nike og Puma, og Lipid Pharmaceuticals sem þróar lyf sem innihalda omega-3 fitusýrur úr fiskiolíum. Lyf og líftæknivörur eru unnar úr þorskinum, fæðubótarefni, snyrtivörur, heilsuvörur, dýrafóður, kollagen og fleira og fleira. Við erum með niðursoðna lifur, þurrkaða hausa, mjöl, Penzim sem er unnið úr innyflum þorskins og áfram mætti lengi telja. Allur þorskurinn er nýttur og engu er hent.

Fullvinnsla sjávarafurða hefur leitt til þess að fjöldinn allur af störfum hefur skapast. Aukin menntun skipar einnig stóran sess í þessari þróun. Árið 2009 kom út könnun sem gerð var í framhaldsskólum og sýndi hún að þeir sem vildu vinna við sjávarútveg í framtíðinni voru aðeins 0,9 prósent. Sýnir þessi tala m.a. að það þarf og verður að gera eitthvað róttækt til að sýna þessum krökkum öll tækifærin sem eru í sjávarútveginum. Það þarf meðal annars að fjalla um sjávarútveginn í mun víðara samhengi heldur en gert er núna. Útvegsblaðið hefur gert það í mörg ár en aðrir fjölmiðlar þurfa að gera slíkt hið sama. Ég tek það fram að ég er ekki að alhæfa, margir eru vel með á nótunum, en betur má ef duga skal.

Störf í sjávarútvegi og afleidd störf eru svo mörg og fjölbreytt að erfitt er að telja þau öll upp en til þess að átta sig á hversu mikið umfang sjávarútvegs er og hversu margar hliðar hann hefur bendi ég á heimasíðu Íslenska sjávarklasans þar sem finna má skýrsluna Tveir fyrir einn. Sýnir þessa skýrsla á mjög greinargóðan hátt allar þær afurðir sem skapast hafa við fullvinnslu á sjávarafurðum og mæli ég með því að fólk kynni sér hana.

Ég vinn við sjávarútveginn og er það skemmtilegasta vinna sem ég hef unnið.



Nútímaaðgerðir á sköpum kvenna – fegrunaraðgerðir eða hvað?

HEILBRIGÐISMÁL

Björg Sigurðardóttir
ljósmóðir MS

Kristín Rut Haraldsdóttir
ljósmóðir MS

Fyrir hönd Ljósmæðrafélags Íslands

➜ Niðurstaða rannsóknar sem gerð var meðal kvenna sem höfðu farið í fegrunaraðgerð á kynfærum var sú að konur hefðu óraunhæfar væntingar til aðgerðarinnar og virtist sem svo að þær vildu falla inn í eðlilegan ramma, sem þær voru hins vegar ekki alveg viss um hver væri. Þær lýstu kynfærum sínum sem furðulegum og skrítnum, en voru ekki vissar um hvernig kynfæri kvenna gætu og ættu að líta út.

Að undanförnu hafa verið að birtast greinar og svör við fyrirspurnum um lagfæringar á kynfærum kvenna í fjölmiðlum. Ljósmæðrafélagi Íslands hafa borist fyrirspurnir þar að lútandi og hvort eðlilegt sé að hvatt sé til svokallaðra fegrunaraðgerða á ytri kynfærum kvenna og að þær séu taldar sjálfsagðar.

Aðgerðir á skapabörmum, það er ytri kynfærum kvenna, hafa aukist verulega á undanförnum árum í Bretlandi og má ætla að það eigi líka við hér á landi, ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem hér á sér stað. Eftirspurnin eftir slíkum aðgerðum virðist vera mest hjá konum á aldrinum 20-45 ára og helstu ástæður fyrir aðgerðinni eru útlitslegar eða til að geðjast maka. Þessar konur eiga það sammerkt að innri skapabarmar eru stærri en ytri skapabarmarnir og telja þær það lýti á kynfærum sínum. Niðurstaða rannsóknar sem gerð var meðal kvenna sem höfðu farið í fegrunaraðgerð á kynfærum var sú að konur hefðu óraunhæfar væntingar til aðgerðarinnar og virtist sem svo að þær vildu falla inn í eðlilegan ramma, sem þær voru hins vegar ekki alveg viss um hver væri. Þær lýstu kynfærum sínum sem furðulegum og skrítnum, en voru ekki vissar um hvernig kynfæri kvenna gætu og ættu að líta út. Ætla má að sú tíska sem ríkir í dag, þar sem ungar konur raka öll hár af skapabörmum, ýti undir skapabarmaaðgerðir þar sem kynfærin verða mun sýnilegri þegar engin hár hlífa þeim. Aðgerðum af þessu tagi geta fylgt aukaverkanir, sem dæmi má nefna sýkingar, blæðingar, verki og örvef sem getur leitt til minni tilfinningar í kynfærunum.

Flokkaðar sem limlesting

Í skýrslu WHO frá 2008 kemur fram að allar aðgerðir á kynfærum kvenna, sem ekki eru gerðar af heilsufarsástæðum en fela í sér að hluti eða öll ytri kynfæri eru fjarlægð, eða ef annars konar misþyrmingar á kynfærum eru viðhafðar, eru flokkaðar sem limlesting á konum. Samkvæmt skýrslu UNICEF á Íslandi frá 2009 kemur fram að í febrúar 2008 „strengdu tíu stofnanir Sameinuðu þjóðanna þess heit að útrýma umskurði á kynfærum kvenna, með því að styðja við ríkisstjórnir, samfélög og konur og stúlkur sem vilja hverfa frá slíkri hefð“. Árið 1985 voru sett lög á Englandi um bann við umskurði kvenna og var það gert í kjölfar dauða þriggja ungra stúlkna sem blæddi út eftir umskurð. Á Íslandi hafa slík lög ekki verið sett. Þó var árið 2005 bætt við 218. grein almennra hegningarlaga ákvæði um refsingu við líkamsárás sem veldur tjóni á heilsu eða líkama stúlkubarna eða kvenna með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu leyti.

Í kjölfar þess sem að framan er sagt og með tilliti til þess að umskurður á kynfærum kvenna er enn þann dag í dag gerður vegna hefða og til þess að gera konur gjaldgengar á hjónabandsmarkaði er eðlilegt að velta því upp af hvaða toga nútímafegrunaraðgerðir á kynfærum kvenna eru. Eru þær til að fullnægja þörf kvenna til að líta vel út, eða er þessi aðgerð til að markaðssetja kynfæri kvenna á nýjan hátt, gera þær gjaldgengar á hjónabandsmarkaði í karllægu samfélagi nútímans, eða gjaldgengar í eigin augum vegna markaðssetningar klámvæðingarinnar? Er hugsanlegt að með fræðslu og styrkingu kvenna sé hægt að breyta því viðhorfi þeirra að kynfærin séu ekki eðlileg, eða útlit þeirra fullnægi ekki kröfum samtímans? Slík fræðsla getur orðið til þess að konur þekki og viti betur hvað telst eðlilegt, því liðið betur og orðið sáttar við sjálfa sig.

Eðlismunur lífsleikni og starfsmennta

MENNTUN

Sturla Kristjánsson
sálar- og uppeldisfræðingur og Davisráðgjafi

➜ Viðfangsefni grunnskólans er því lífsleikni og þá má líta á lokaskírteini grunnskólans sem eins konar haffærniskírteini á lífsins ólgusjó […] Hlutverk framhaldsskólans er annars eðlis, það er að hlusta á raddir samfélags og atvinnulífs og setja þeim kröfur og skilmála um þekkingu og leikni sem vilja sigla og ráða för.

Hlutverk grunnskólans er uppeldi og mótun; að laða fram mannlega eiginleika sem þeir lifna og birtast, – þroska þá og móta til hæfileika og færni, einstaklingum og samfélagi til hamingju og heilla. Það má líka orða það svo að hlutverk grunnskólans sé að leiða vaxandi ungviði í sannleikann um mannlegt eðli svo og að kenna og þjálfa félagslega færni, siði og reglur mannlegra samskipta.

Sálar,- uppeldis- og kennslufræðin eiga síðan að svara okkur því hver fræðsla og viðfangsefni, hvenær og hvernig unnin, megi best tryggja árangur skólastarfsins.

Lífsskeið grunnskólanemandans er skeið vaxtar og þroska – líkamlega, tilfinningalega, vitsmunalega og félagslega. Með grunnskólalögum skuldbindur samfélagið sig til þess að hlúa að, örva og móta mannlega möguleika hvers og eins. Hlutverk grunnskólans er að sinna þörfum uppvaxandi ungviðis, að rækja skyldur samfélagsins við börn og unglinga. Hlutverkið er mannrækt, að búa ungviðinu leikni og færni til þess að ferðast áfallalítið um mannheima og velja sér verkefni, sem hæfa áhuga og getu.

Viðfangsefni grunnskólans er því lífsleikni og þá má líta á lokaskírteini grunnskólans sem eins konar haffærniskírteini á lífsins ólgusjó. En fæstum er það nóg að fljóta – menn vilja sigla og ráða för.

Hlutverk framhaldsskólans er annars eðlis, það er að hlusta á raddir samfélags og atvinnulífs og setja þeim kröfur og skilmála um þekkingu og leikni sem vilja sigla og ráða för.

Viðurkennum ekki eðlismun

Framhaldsnám skal undirbúa nemendur undir tiltekin störf sem krefjast viðeigandi sérmenntunar.

Einnig má orða það svo, að viðfangsefni skyldunámsins sé lífsleikni en viðfangsefni framhaldsnámsins starfsleikni.

Ég tel grunnskólann líða fyrir það að við viðurkennum ekki eðlismun lífsmennta og starfsmennta. Nú er meginhlutverk grunnskólans, lífsleiknin, orðin sjálfstæð námsgrein. Ekki líst mér á að loka þetta viðfangsefni af sem einangraða námsgrein í grunnskólanum og opna þá jafnvel fyrir enn meiri stýringu framhaldsskólans.

Ég vil halda kröfunni um mannrækt og lífsleikni grunnskólans ofar kröfu framhaldsskólanna um tiltekna þekkingu í einstökum námsgreinum. Til þess að skilja á milli eðlislega óskildra markmiða grunnnáms og framhaldsnáms er ef til vill nauðsynlegt að lengja tímabilið þar á milli frá einu sumri, jafnvel að leggja inn millistig sem verði þá hvort tveggja í senn fullnumun og prófraun lífsleikninnar og undirbúningur sérhæfingar.

Á kerfismáli vildi ég sjá lok skyldunáms á fermingarvori nemandans eða með 8. bekk. Eftir skólaskylduna tæki síðan við þriggja ára frjáls miðskóli, mjög sveigjanlegur, en vel skilgreindur og væri „unglingamiðaður“ – legði megináherslu á verk- og listgreinar, félagsþroskun og persónumótun. Skólaskyldan væri þá átta ár en fræðsluskylda stæði þremur árum lengur. Framhaldsskólinn væri síðan þriggja ára skóli.

Sveigjanleiki væri í kerfinu til að ljúka hverju skólastigi fyrir sig á skemmri tíma.

Inntökupróf væru haldin við framhaldsskóla, lokapróf áfanga eftir ástæðum og útskrift ræðst af námshraða nemenda, sem gætu þá hafið háskólanám mun fyrr en verið hefur.

Skyldunámið, grunnskólinn, ætti að vera í umsjá ríkisins, en miðskólinn og framhaldsmenntunin á betur heima í umsjá sveitarfélaga og samtaka þeirra.

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND 2013

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Reykjavík - Vesturbær
- Björgunarstöðin Gróubúð, Grandagarði 1
- við Sundlaug Vesturbæjar

Seltjarnarnes
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Bakkavör

Reykjavík - Austurbær
- Hús Flugbjörgunarsveitarinnar, við Flugvallaveg
- við BT í Skeifunni
- við Holtagarða
- við Heklu, Laugavegi
- Skátaheimilið, Sólheimum 21a
- Kringlan (við World Class)

Reykjavík - Grafarvogur
- Spöngin, verslunarmiðstöð

Reykjavík - Breiðholt
- við verslunina Hólagarði
- við verslunina Nettó í Mjódd
- ÍR-heimilið, Skógarseli

Reykjavík - Árbær/Höfði
- Hjálparsveitarhús HSSR, Malarhöfða 6
- Grjóthálsi 1 (við Össur)
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123

Reykjavík - Grafarholt
- Vínlandsleið 1 (við Húsasmiðjuna)

Reykjavík - Norðlingaholt
- Elliðabraut 2

Kópavogur
- við Bónus, (við Nýbýlavegi 10)
- Björgunarmiðstöðin við Bryggjuvör, Bakkabraut 4
- Áhaldahús, Álalind 1
- við Salalaug, Versali
- við Lindir
- Krónan við Vallarkór 4

Garðabær
- Jötunheimar við Bæjarbraut
- Kauptún á móti IKEA

Bessastaðahreppur
- Skátaheimilið við Breiðumýri

Hafnarfjörður
- Björgunarmiðstöðin Klettur, Hvaleyrargötu 32 (Lónsbakkamegin)
- Tjarnavellir

Mosfellsbær
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 23
- við Krónuna

Kjalarnes
- við áhaldahús (Þórnýjarbúð)

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

Akranes
Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

Borgarnes og Borgarfjörður
Sólbakka 2 (Frumherjahúsið)
Bútæknihúsð á Hvanneyri
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð, Reykholti

Snæfellsnes sunnanvert
Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

Stykkishólmur
Björgunarsveitarhúsið, Nesvegi 1a

Grundarfjörður
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

Rif
Björgunarstöðin Von, Hafnargötu 1

Búðardalur
Björgunarsveitarhúsið, Vesturbraut 12

Reykhólar
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

Patreksfjörður
Björgunarsveitarhúsið Sigurðarbúð við Oddagötu

Bíldudalur
Hafnarbraut 12

Barðaströnd
Brjánslækur

Tálknafjörður
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu 42b

Súðavík
Björgunarsveitarhúsið Ákabúð

Ísafjörður
Félagsheimilið Hnífsdal

Bolungarvík
Björgunarsv.húsið, Hafnargötu 60

Flateyri
Björgunarsveitarhúsið Guðnabúð

Suðureyri
Björgunarsveitarhúsið, Skólagötu 3

Þingeyri
Björgunarsveitarhúsið Stefánsbúð

Drangsnes
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

Hólmavík
Rósubúð, Höfðagötu 9

Blönduós
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

Skagaströnd
Í húsi Rauða krossins

Hvammstangi
Björgunarsveitarhúsið Húnabúð, Höfðabraut 30

Hofsós
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu 1, (nýbygging)

Varmahlíð
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

Sauðárkrókur
Björgunarsveitarhúsið Sveinsbúð, Borgarröst 1

Siglufjörður
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

Eyjafjarðarsveit
Hrafnagilsskóli

Ólafsfjörður
Tindasel, Aðalgötu 4

Akureyri
Húsnæði Súlna-björgunarsveitar Hjalteyrargötu 12

Grenivík
Björgunarsveitarhúsið Ægisbúð

Dalvík
Gunnarsbraut 4

Hrísey
Björgunarsveitarhúsið, Ægisgötu 13

Grímsey
Björgunarsveitarhúsið

Svalbarðseyri
Valsárskóli

Aðaldalur
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

Kópasker
Björgunarsv.húsið, Bakkagötu 6

Þingeyjarsveit
Björgunarsveitarhúsið að Stóru-Tjörnum, Melgötu 9

Raufarhöfn
Björgunarsv.húsið Stjörnubúð

Mývatnssveit
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 2

Þórshöfn
Björgunarsv. húsið Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

Bakkafjörður
Björgunarsveitarhúsið Arnarbúð

Vopnafjörður
Björgunarsveitarhúsið Vogabúð

Egilsstaðir
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-5

Seyðisfjörður
Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 15

Eskifjörður
Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

Reyðarfjörður
Björgunarsv.húsið Þórðarbúð

Borgarfjörður eystri
Björgunarsveitarhúsið Heiði

Djúpivogur
Sambúð, Mörk 12

Neskaupstaður
Hempa, Strandgötu 44

Breiðdalsvík
Björgunarsv. húsið, Selnesi 8

Fáskrúðsfjörður
Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

Hornafjörður
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

Kirkjubæjarklaustur
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

Skaftártunga
Björgunarsveitin Stjarnan

Álftaver
Björgunarsveitin

Vík
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjuvegi 15

Vestur - Eyjafjöll Heimaland
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

Hvolsvöllur
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

Landeyjar
Björgunarsv.húsið Sléttuból

Hella
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

Vestmannaeyjar
Björgunarfélagshúsið, Faxastíg 38

Flúðir
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Brautarholt
Árnesi

Biskupstungur
Bjarkarbraut 2, Reykholti

Selfoss
Björgunarmiðstöðin, Árvegi 1
Austurvegi 23

Stokkseyri
Söluskúr við Smiðshús

Eyrarbakki
Björgunarsveitarhúsið, Búðarstíg 21

Þorlákshöfn
Óseyrarbraut 10
Kiwanishúsið

Laugarvatn
Björgunarsveitarhúsið, Lindarskógi 7

Hveragerði
Hjálparsveitarhúsið, Austurmörk 9

Reykjanesbær
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51

Sandgerði
Björgunarsveitarhúsið, Austurgarði 4-6 (við höfnina)

Vogar
Björgunarskýlið, Iðndal 5

Garður
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð

Grindavík
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025. Svæði norðan Ásbrautar.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 27.11.2013 að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025 hvað varðar svæði norðan Ásbrautar milli Selhellu og Tjarnarvalla dags. 07.10.2013 verði sett í auglýsingu skv. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingartillögunni felst að landnotkun meginhluta svæðisins er breytt úr blöndu af stofnanasvæði og opnu svæði til sérstakra nota í athafnasvæði, og verður svæðið hluti af athafnasvæðinu Selhraun norður. Vesturhluti svæðisins fer að örlitlum hluta yfir svæði sem skilgreint er sem óbyggt svæði í gildandi aðalskipulagi, en austurhlutinn yfir á jaðar miðsvæðis Valla, sem nær eftir breytingu að göngu- og hjólreiðastíg sem skilur það frá miðsvæði Valla. Landnotkun svæðisins breytist þannig í athafnasvæði úr miðsvæði á austasta hlutanum, óbyggðu svæði á vestasta hlutanum og blandaðri notkun þjónustusvæði/opin svæði til sérstakra nota annars staðar.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Selhraun norður í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 04.12.2013 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðisins Selhraun norður í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að svæðið er stækkað til norðurs með nýrri lóð norðan Ásbrautar, sbr. jafnframt auglýsta breytingu á aðalskipulagi. Í samræmi við aðalskipulag er nýtingarhlutfall á lóðinni 0,33 og byggingar allt að 4 hæðir, sem er í samræmi við aðliggjandi lóð í Selhrauni norður og skipulag miðsvæðis Valla. Mesta hæð bygginga verði 17 m. Að öðru leyti gilda sömu skilmálar og fyrir svæðið Selhraun norður í heild.

Skipulagstillögurnar verða til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði á Norðurhellu 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 27. desember til 8. febrúar 2014. Hægt er að skoða aðalskipulagstillöguna á forsíðu vefs Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, **eigi síðar en 8. febrúar 2014**. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags-og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Talar þú við ferðamenn?

FERÐAÞJÓNUSTA

Jónas Guðmundsson
verkefnisstjóri hjá Landsbjörgu

Þú kannski starfar líka í ferðaþjónustu? Kannski á gististað eða í afþreyingu, leigir út bíla eða selur veitingar, já eða olíu á bílinn? Ef þú svarar framangreindum spurningum jákvætt er það líka þitt hlutverk að gefa þeim ferðamönnum sem þú talar við upplýsingar. Ekki eingöngu um náttúruperlur sem fram undan eru eða mögulega veitinga- og gististaði heldur líka um aðstæður á svæðinu.

Í september komu rúmlega 70.000 ferðamenn til landsins sem var um 13% aukning frá fyrra ári samkvæmt tölum Ferðamálastofu. Ekkert bendir til annars en að einhver, jafnvel álíka, aukning verði á komandi vetrarmánuðum. Það merkir að tugir þúsunda ferðamenn verða á ferðinni í hverjum mánuði að njóta þess sem landið hefur upp á að bjóða.

Við Íslendingar þekkjum ágætlega aðstæður hér á landi, hálku sem getur myndast að kvöldlagi eftir rakan dag, skafrenning sem fýkur yfir veginn sem annars er auður og vindhviður sem hrista bílinn þegar ekið er meðfram fjöllum. Svo ekki sé nú talað um rok og rigningu, slagveður sem getur verið svo kraftmikið að ekki er stætt. Við þekkjum líka þá staðreynd að þó veður sé skaplegt á láglendi getur geisað ofsaveður þúsund metrum hærra þegar til fjalla er komið.

En þessu gera erlendir ferðamenn sér ekkert endilega grein fyrir né þeirri staðreynd að veður getur breyst úr blíðu í ofsaveður á örfáum klukkustundum. Þar kemur þú inn, þú sem talar við ferðamenn og hefur tækifæri á að upplýsa um hálkuna eða hvassviðrið sem er spáð á næstu klukkundum. Enn frekar hefur þú tækifæri á að upplýsa um staðbundnar aðstæður sem þú sem heimamaður þekkir betur en nokkur annar.

Hlutverk allra

Það verður að vera hlutverk allra þeirra sem starfa í og koma að ferðaþjónustu að upplýsa ferðamenn um aðstæður hverju sinni. Taka sér eina mínútu og ræða sérstaklega við ferðamanninn um hvert förinni er heitið og benda á hvað þarf að hafa í huga ef aðstæður gætu verið annað en eðlilegar. Mikilvægt er þá að setja sig í spor ferðamannsins sem kannski hefur enga reynslu af snjó, hálku eða íslensku votviðri, svo ekki sé nú talað um sandstorma.

Það er því miður svo að fjármagn er ekki til staðar til að halda uppi nauðsynlegri þjónustu við sívaxandi fjölda ferðamanna sem hingað koma. Má þar nefna að ekki er rutt nema fimm daga í viku að Gullfossi, merkingum er víða ábótavant og fleira mætti tína til. Vilji allra sem að þessum málaflokki koma er þó mikill í þá átt að bæta úr því sem þarf. En þetta setur enn meiri kröfur á þá sem upplýsa ferðamenn. Það verða allir að vita að Gullfossvegur og bílastæði við Gullfoss eru ekki rudd á þriðjudögum og laugardögum.

Ef færð er erfið eða slæm þarf að benda ferðamönnum á að fara ekki á þær slóðir svo eitt dæmi sé tekið.

➜ Það er því miður svo að fjármagn er ekki til staðar til að halda uppi nauðsynlegri þjónustu við sívaxandi fjölda ferðamanna sem hingað koma. Má þar nefna að ekki er rutt nema fimm daga í viku að Gullfossi, merkingum er víða ábótavant og fleira mætti tína til. Vilji allra sem að þessum málaflokki koma er þó mikill í þá átt að bæta úr því sem þarf. En þetta setur enn meiri kröfur á þá sem upplýsa ferðamenn.

Á vefsíðunni safetravel.is sem rekin er af Slysavarnafélaginu Landsbjörg með stuðningi ýmissa aðila má finna helstu upplýsingar sé eitthvað athugavert við færð og veður hér á landi. Á vefsíðu Vegagerðarinnar vegagerdin.is má finna upplýsingar um færð á vegum og á vedur.is, vefsíðu Veðurstofunnar, má finna greinargott yfirlit yfir veðurspár komandi daga.

Viðbragðsaðilar eins og lögregla og björgunarsveitir hafa að vetrarlagi síðustu árin sinnt hundruðum ferðamanna sem lent hafa í vandræðum, fest bíla í ófærð, villst af leið eða lent í hrakningum utan alfaraleiða. Réttar og góðar upplýsingar um aðstæður hverju sinni eru lykilþáttur í því að fækka þeim tilfellum. Þá upplýsingagjöf þurfa allir sem koma að ferðaþjónustu að tileinka sér.

Kaldi raunveruleikinn

HEILBRIGÐISMÁL

Auðbjörg Reynisdóttir
formaður Viljaspora

Ég fagna því að framkvæmdastjórar lækninga og hjúkrunar LSH viðurkenna í Fréttablaðinu 20. desember að úrvinnsla mistaka hafi ekki verið í lagi og vonandi nota þau tækifærið núna til að stíga skrefið til fulls. Þau sýna virðingarverða auðmýkt og hugrekki sem þarf til að opna þessi mál upp á gátt. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn sjá hér góða fyrirmynd. Þau nefna að vatnaskil hafi orðið á spítalanum fyrir tveimur árum og gefa í skyn að umrætt mál á gjörgæsludeildinni hafi komið upp í kerfisbundnu umbótastarfi sem allur spítalinn taki þátt í. Mér þykir leitt að þurfa að benda á að ekki er allt sem sýnist í málflutningi þeirra.

Svo ég skýri mál mitt betur er best er að vitna í ráðstefnuna í Hörpu 3. september sl. Þar hélt Alma D. Möller, yfirlæknir gjörgæsludeildarinnar, erindi um tilraunaverkefni í atvikaskráningu á deildinni. Engin merki eru um að þetta verkefni sé í gangi á öðrum deildum. Þess skal geta að innleiðing atvikaskráningar hófst á spítalanum árið 2002. Það hefur sem sagt tekið tæp 12 ár að koma á tilraunaverkefni í innleiðingunni á einni deild. Skyldi landlæknir vera sáttur við þennan hraða á málefninu? Ég tel ekki ástæðu til að draga stórar ályktanir af yfirlýsingum framkvæmdastjóranna eða gefa mér að allur spítalinn hafi varpað af sér gervi guðanna. Það er langt í frá að þetta sé trúverðug innleiðing. Umrætt mál á gjörgæslunni þar sem hjúkrunarfræðingur liggur undir grun hefur komið upp í þessu tilraunaverkefni en ekki í kerfisbundnu átaki á öllum spítalanum eins og gefið er í skyn.

Heiðarleg úrvinnsla

Ég er sammála framkvæmdastjórunum um að ákæra (dómsmál) geti skemmt traustið. Fari svo að hjúkrunarfræðingurinn verði ákærður sé ég samt ekki hvernig þau geta leyft sér að réttlæta þöggun. Það er á ábyrgð stjórnenda að tryggja heiðarlega úrvinnslu mála hvort sem ákært verður eða ekki. Fari svo verður það vissulega áskorun. Þá þarf bara að laga það sem upp á vantar og halda áfram á réttri braut. Lausnina er ekki að finna í áframhaldandi þöggun. Hún á ekki heima í heilbrigðiskerfinu, þar er kaldur raunveruleikinn besti vinurinn.

Annað sem ég vil benda á í málflutningi framkvæmdastjóranna eru verkferlarnir sem farið er eftir þegar mistök eru rannsökuð. Hefur þú séð þessa verkferla? Ekki ég heldur. Hvernig getum við þá metið hvort rannsókn sé heiðarleg og að gætt sé hagsmuna þolandans? Mér skilst að spítalinn hafi sjálfur sett saman þessa (leyni)verkferla og í ofanálag rannsakar hann sjálfur eigin mistök og endurskoðar eigin verkferla.

Óháð nefnd

Þetta minnir mig svolítið á aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku. Því langar mig að stinga upp á að stofnuð verði óháð sannleiks- eða rannsóknarnefnd sem hefur það eina hlutverk að komast að sannleikanum. Rannsóknarreglur og niðurstöður verða að vera opinberar og grundvallaðar á samvinnu almennings, stjórnenda og stjórnvalda. Það er stór hópur sem á um mjög sárt að binda vegna mistaka sem voru þögguð og illa unnið úr. Í þjáningu þeirra og baráttu eru gríðarleg verðmæti sem heimska væri að hunsa. Þetta fólk hefur reynslu og þekkingu á hvernig á og á ekki að taka á mistökum.

➜ Því langar mig að stinga upp á að stofnuð verði óháð sannleiks- eða rannsóknarnefnd sem hefur það eina hlutverk að komast að sannleikanum. Rannsóknarreglur og niðurstöður verða að vera opinberar og grundvallaðar á samvinnu almennings, stjórnenda og stjórnvalda.

Margir slíkir hafa bundist samtökunum Viljaspor sem bjóða fram aðstoð til að koma þessum málum í betri farveg, öllum til heilla. Nú er tækifæri til að koma með allt upp á borðið og tala um hlutina umbúðalaust og byggja farsælli framtíð heilbrigðisþjónustunnar.

Ég fagna einnig viðtali við verkefnastjóra gæða og eftirlits hjá landlækni, Lauru Scheving Thorsteinsson, í Fréttablaðinu 21. desember þar sem fram kemur að allt bendi til að fjöldi mistaka hér á landi sé sambærilegur við það sem gerist erlendis. Það þýðir að á LSH gerast 2.500 mistök á ári, þar af verða 600 fyrir varanlegu tjóni og 170 láta lífið. Við þurfum að tala um þennan fjölda í stað þess að vona að svona sé þetta ekki. Í sama blaði segir Ólafur G. Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, að hann leyfi sér að draga þessar tölur í efa. Hvaða tölum vill hann trúa? Ég skora á allar fagstéttir í heilbrigðisþjónustu að leggja málinu liðsinni sitt.

Hér er um líf og dauða að tefla og við getum ekki leyft okkur neinn slóðahátt. Viljaspor stendur fyrir traust, virðingu og réttlæti í þessum málum til framtíðar. Fortíðina getum við ekki lagfært þótt mögulegt sé að gera hana bærilegri.

4BLS
KIPPA ÚT :)

ÚTSALA ÁRSINS

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI

Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 340kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.

75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

OPNUM 12:00
Í DAG ÚTSÖLU ÁRSINS

Tilboð gilda dagana 27-31 desember 2013 eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

ÚTSALA

AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA Í TÖLVUTEK • STÆRSTU TÖLVUVE

ICONIA W3

- 8” WXGA fjölsnertiskjár 1280x800
- Intel Dual Core Atom Z2760 1.8GHz Turbo, 4xHT
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 32GB FLASH SSD og allt að 64GB Micro SD
- Intel HD Graphics grafískur kjarni
- 300Mbps þráðlaust net, Bluetooth 4.0
- Tvær FULL HD vefmyndavélar að framan og aftan
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- Windows 8 og Office 2013 Home&Student

59.900

MICROSOFT OFFICE 2013 FYLGIR

W510-64GB

ICONIA W5

- 10” HD IPS fjölsnertiskjár 1366x768
- Intel Dual Core Atom Z2760 1.8GHz Turbo, 4xHT
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 64GB FLASH SSD og allt að 64GB Micro SD
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0 og NFC
- Tvær myndavélar 8MP m/flassi og FullHD
- USB2, USB2 micro, HDMI1.4a micro
- Lyklaborðsvagga með aukarafhlöðu fylgir
- Windows 8 og Office 2013 Home&Student

119.900

MICROSOFT OFFICE 2013 FYLGIR

85558G1

V5-552

NÝJASTA KYNSLÓÐ FARTÖLVA

Ný kynslóð öflugri, þynnri og léttari fartölva með öflugri 4ra kjarna örgjörva ásamt einum öflugasta skjákjarna í heimi og ótrúlegu hljóðkerfi.

- AMD A8-5557M Quad Core 3.1GHz Turbo
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6” HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB ATI HD8550G DX11 öflugur skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 4.0 Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p HD CrystalEye vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

119.900

FÆST Í 3 LITUM

MOBII 1030S

10.1” MULTIMEDIA SPJALDTÖLVA

Glæsileg spjaldtölva með einstökum 10” IPS HD fjölsnertiskjá með áður óséðri litadýpt og skerpu, öll nýjasta tækni og öflugur PowerVR skjákjarni.

- 10.1” IPS HD fjölsnertiskjár 1366x768
- Dual Core 1.2GHz ARM A9 Cortex örgjörvi
- PowerVR SGX 540 1080p 3D skjákjarni
- 8GB FLASH og allt að 32GB Micro SD
- 300Mbps þráðlaust net og Bluetooth 4.0
- Li-Polymer rafhlaða allt að 8 tímar
- HDMI 1.4 mini, USB2 micro og Micro SD
- Tvær vefmyndavélar 0.3MP og 2MP
- Android 4.2 stýrikerfi og fjöldi forrita

29.900

AÐEINS Á ÚTSÖLU ÁRSINS!

24” LED BENQ SKJÁR

- 24” FULL HD 1080p 16:9 LED skjár
- 12 milljón:1 DCR og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- DVI HDCP og VGA D-SUB tengi
- Glæsileg Glossy Black hönnun
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

24.900

Á ÓTRÚLEGU TILBOÐI!

BACKUP

1TB USB3 FLAKKARI

- Seagate hágæða USB 3.0 flakkari
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Öflugur afritunarhugbúnaður
- Afritar beint af Facebook ofl.
- Býður uppá dulkóðun gagna
- Virkar með PC og Mac tölvum
- SuperSpeed USB 3.0 / USB 2.0

9.990

2TB 11.175 | 4TB 27.675

TURNKASSAR

MÓÐURBORÐ

ÖFLUG SKJÁKORT

PRENTARAR

MÝS OG LYKLABORÐ

HEYRNARTÓL

MÚSARMOTTUR

BLEK OG PAPPÍR

satzuma

Tt eSPORTS By Thermaltake

SP Silicon Power

POINT OF VIEW

LACIE

brother at your side

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

ÁSGEIR TRAUSTI Í GAMLA BÍÓI

Ásgeir Trausti hefur ferðast um heiminn undanfarna mánuði en í kvöld verður hann með tónleika í Gamla Bíói kl. 20, á morgun á Græna hattinum á Akureyri og á sunnudaginn í félagsheimilinu á Hvammstanga. Með honum er hin norska Farao.

ELDAÐ MEÐ HOLTA

HOLTA KYNNIR *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur úrbeinaðan og fylltan hátíðarfugl með kryddjurtasósu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

ÚRBEINAÐUR OG FYLLTUR HÁTÍÐARFUGL MEÐ KRYDDJURTASÓSU

FYRIR 5-7
1 úrbeinaður ferskur hátíðarfugl u.þ.b. 2,5 kg (sjá úrbeiningu í þættinum Eldað með Holta á ÍNN í kvöld)
3 dl brauðfylling frá t.d. Herb Seasoned stuffing frá Pepperidge Farm
1 dl hvítvín
1 egg
300 g alifuglahakk
1 dl furuhnetur
1 msk. timjan
0,5 msk. rósmarín
0,5 msk. salvía
2 msk. olía
1 laukur, smátt saxaður
2-3 sellerístilkar, smátt saxaðir
Salt og nýmalaður pipar

Setjið brauðfyllinguna í skál ásamt hvítvíni, eggi, timjan, rósmarín og salvíu og blandið vel saman. Bætið hakkinu ásamt furuhnetunum saman við og kryddið með salti og pipar. Hitið olíu á pönnu og steikið lauk og sellerí í 2 mínútur án þess að brenna. Blandið vel saman við allt sem er í skálinni. Kryddið fuglinn að innan og utan með salti og pipar. Setjið fyllinguna inn í fuglinn og saumið vel saman með seglgarni. Færið fuglinn í ofnskúffu og bindið leggina saman. Bakið við 160°C Í 1,5 klst.

KRYDDJURTASÓSA
2 msk. olía
1,5 laukur, smátt saxaður
1-2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
1 msk. rósmarínnálar
1 msk. timjanlauf
1 lárviðarlauf
0,5 tsk. salvía
2 dl. hvítvín
3 dl. kjúklingasoð eða vatn og kraftur
1,5 dl rjómi
Sósujafnari
30 g kalt smjör í teningum
Salt og nýmalaður pipar

Hitið olíu í potti og kraumið lauk, hvítvín, rósmarín, timjan, salvíu og lárviðarlauf í 1 mínútu án þess að brenna. Bætið hvítvíni í pottinn og sjóðið niður í síróp. Þá er soði og rjóma bætt í pottinn og þykkt með sósujafnara. Takið þá pottinn af hellunni og bætið smjörinu saman við. Hrærið þar til smjörið hefur bráðnað. Smakkið til með salti og pipar. Berið fuglinn fram með sósunni og t.d. bökuðu rótargrænmeti og kartöflum.

Gleðileg jól og farsælt komandi nýtt ár. Þökkum fyrir veittan hlýhug og viðskiptin á árinu. Vertu vinur okkar á facebook

www.facebook.com/**Parisartizkan.**

B/A/S/L/E/R Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

KONÍAKSGRAFIÐ LAMB EÐA NAUT

GÓÐUR RÉTTUR *Frábær forréttur um áramótin fyrir þá sem vilja hafa fyrir hlutunum og bjóða upp á eðalmáltíð. Hægt er að nota lamb eða naut í þennan rétt eftir smekk hvers og eins.*

Stundum getur það verið höfuðverkur að finna rétta forréttinn um hátíðir. Grafið lamb eða naut er einstaklega góður réttur sem gaman er að búa til. Að vísu þarf að hugsa um kjötið í nokkra daga en þess meiri verður ánægjan af að borða það. Ekki er erfitt að grafa kjöt en mikilvægt er að kryddlögurinn sé vel heppnaður. Með gröfnu kjöti, hvort sem það er lamb eða naut, er gott að hafa piparrótarsósu og ristað brauð. Þetta er veislumatur sem passar vel ef aðalrétturinn er léttur, til dæmis lax eða kalkúnn.

Koníaksgrafið lambafillet
1 ½ kg lambafillet án fitu
Kryddlögur
1 tsk. sítrónupipar
1 msk. paprikuduft
1 tsk. nýmalaður pipar
½ tsk. cayenne pipar
2 smátt söxuð hvítlauksrif
1 msk. óregano
ferskt rósmarín
ferskt timian
ferskt basil
örlítið salt
1 bolli koníak
½ bolli púrtvín
Allt sett í skál og hrært saman.

Kryddblöndunni dreift vel yfir kjötið á báðum hliðum og látið marinerast í þrjá sólarhringa í ísskáp. Veltið kjötinu upp úr blöndunni tvisvar á dag. Kjötið er skorið í mjög þunnar sneiðar sem eru lagðar fallega á disk ásamt sósu og brauði, jafnvel smávegis klettasalati.

GRAFIÐ LAMB Frábær forréttur um áramótin.

Piparrótarsósa
Þessi sósa passar vel með kjöti, til dæmis gröfnu, en passar ágætlega einnig með laxi eða bleikju.
Það sem þarf:
2 ½ dl hrein jógúrt
1 ½ dl sýrður rjómi
smávegis dill
1 msk. piparrót, fersk eða úr pakka (horseradish á ensku)
2 msk. sítrónusafi
1 msk. sinnep

Blandið öllu saman í skál og leyfið sósunni að bíða í ísskáp í nokkra klukkutíma eða í sólarhring.

Lífið

FÖSTUDAGUR
27. DESEMBER 2013





KJARNA-KONUR 2013



FRÉTTABLAÐIÐ

› visir.is/lifid

HVERJIR HVAR?

Desembermánuður er ekki einungis tími gjafainnkaupa, æpandi skreytinga og möndluanganar á Laugaveginum. Fólk gleymir ekki að gera vel við sig, skvetta úr klaufunum,

fara út að borða og skála. Skemmtistaðurinn Harlem hélt upp á eins árs afmæli sitt skömmu fyrir jól og þangað mættu **Katrín Alda Rafnsdóttir** eigandi verslunarinnar KALDA, **Hildur Yeoman** hönnuð-

ur og **Saga Sig** ljósmyndari. Á Kaffibarnum var einnig margt um manninn eins og von var á en þar voru meðal annars Silja Magg, Lilja Ámundadóttir og Skari skrípó.



Lífið
Hamingja, fólk og annað frábært

Umsjón blaðsins
Marín Manda Magnúsdóttir
marinmanda@frettabladid.is
Umsjón Lífsins á Vísir.is
Ellý Ármanns
elly@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Forsíðumynd
Ýmsir ljósmyndarar
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is
Lífið
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
www.visir.is/lifid

TÍSKA FJARVERA LITAR

Heba Björg hannaði sína fyrstu fatalínu, Absence of Colour, eftir að hafa búið á Indlandi og selur á Asos Marketplace.

„Það var algjört ævintýri að vera úti á Indlandi og ég er búin að kynnast svo mörgu fólki. Maður lærir heilmikið þegar maður er sjálfur inni á verksmiðjugólfinu. Ég er að sjálfsögðu búin að ganga á marga veggi en það er annaðhvort að hrökkva eða stökkva því hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér," segir Heba Björg sem nú hefur hannað fatalínuna Absence of Colour. Heba Björg hefur komið víða við í bransanum og segir þetta hafa verið eðlilegt skref á tískubrautinni. „Ég er búin að vinna í þessum bransa síðan ég var 17 ára og hef unnið að öllum þessum skrefum, frá því að búa til vöru og selja hana. Ég hef mikið verið bakvið tjöldin en mig hefur lengi langað að láta verða af þessu. Svo er að sjálfsögðu æðislegt að vera komin með þessa þekkingu á framleiðsluferlinu."

Heba Björg bjó á Indlandi í rúmlega ár og þótti kærkomið að eyða tíma í að kynnast rétta fólkinu til að skapa sér ákveðið tengslanet. „Ég var búin að fara í gegnum nokkrar verksmiðjur þangað til þetta small saman og í leiðinni hef ég verið að hjálpa öðrum íslenskum hönnuðum við framleiðslu á sínum vörum. „Það er mikil gróska í íslenskri fatahönnun en fáir eru framleiðslufærir. Kosturinn við Indland er að þar er hægt að framleiða í miklu minna magni en gengur og gerist, meðal annars í Kína." Í fatalínunni Absence of Colour, eða Fjarveru litar, eru einungis svartar og hvítar flíkur eins og nafnið gefur til kynna. Sjálf segist hún klæðast svörtu daglega og fannst því hugtakið heillandi. Fatalínan er nú fáanleg í versluninni Morrow Rvk í Kringlunni. Einnig var hún kynnt á Asos Marketplace á asos.com, þar sem sjálfstæð merki fá tækifæri til að selja hönnun sína. Heba Björg hyggst flytja til London á nýju ári og stefnir á að halda áfram að vaxa og dafna en hún hefur augastað á hugsanlegum sölustöðum.

NÝTT ÁR HVAÐA MARKMIÐ HEFUR ÞÚ FYRIR ÁRIÐ 2014?

JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON
LEIKARI

„Ég er ekki búinn að setja mér markmið fyrir árið 2014, en það skyldi þó ekki túlka sem skammsýni. Mín markmið eru langtíma, þannig á ég tvö markmið fyrir árið 2020 og eitt fyrir árið 2030. Ég kalla þetta kínversku leiðina, enda eru þeir til fyrirmyndar þegar kemur að langtímaáætlunum og markmiðasetningu."

HAFDÍS HULD SÖNGKONA

„Fram undan verð ég mikið á tónleikaferðlögum og einnig að kynna nýju plötuna mína Home sem kemur út í apríl. Nýársheitið mitt er að vera duglegri að hitta vini og vandamenn þess á milli. Ég á það nefnilega til að vera mjög heimakær þegar ég er heima."

ERNA HRÖNN SÖNGKONA

„Markmiðin eru nokkur. Númer eitt er að einbeita mér að sólóferlinum og reyna að gefa út allavega nokkra smelli. Svo ætla ég að koma mér í betra form og taka kroppinn algjörlega í gegn. Síðast en ekki síst ætla ég að gefa fjölskyldunni meiri tíma á nýju ári og fara meira í „lunch" með vinunum."

POPPAÐU
UPP
NÝJA ÁRIÐ
POPCORNERS
THE NEW SHAPE OF POPCORN
POPPED CORN CHIPS
• SEA SALT •
ALL NATURAL
GLUTEN FREE
NET WT. 5oz. (142g)
• WHITE CHEDDAR •
VIÐ ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á
ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA
POPCORNERSICELAND

LÍFIÐ KJARNAKONUR SEM PRÝDDU FORSÍÐU LÍFSINS ÁRIÐ 2013

Nú þegar árið er að líða undir lok er vert að líta til baka og skoða brot úr forsíðuviðtölum Lífsins á árinu. Sorgir, sigrar, ást, brúðkaup, barneignir, ringulreið, tækifæri, flutningar, hamingja, tíska og fleira er meðal þess sem viðmælendur deildu með lesendum Lífsins. Lífið þakkar þeim kjarnakonum sem prýddu blaðið á árinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞETTA ER SKEMMTILEGASTA STARF Í HEIMI

Nanna Bryndís Hilmarsdóttir 8. NÓVEMBER

„Nei, ég er ábyggilega alveg jafn slæm og þeir, ef ekki verri. Við túruðum nánast samfleytt í 18 mánuði en við höfum það voðalega fínt. Við erum með mjög góða rútu með öllum helstu þægindum. Ég get ekki ímyndað mér að túra í sendibíl og reyna að ná smákríu á öxlinni á öðrum meðlimum eins og svo margar hljómsveitir þurfa að gera. Við erum stundum að keyra í sólarhring og rútan er troðfull af fólki þannig að það er ekki ekki mikið næði," segir hún og glottir út í annað.

MYND/ROBERT CAPLIN

Áslaug Magnúsdóttir 19. JÚLÍ

„Nei, alls ekki. Þessi frétt lak á meðan ég var í samningaviðræðum um eignarhlutinn eftir að ég hafði sagt upp. Svo kom þetta í blöðunum og mér fannst jákvætt að það kom fram að ég var sú sem var með viðskiptavitið í fyrirtækinu. Þessi frétt var svo fáránleg. Síðan hvenær er það krafa fyrir forstjóra að vera hipp og kúl? Ég tek það nú ekkert nærri mér. Það er nú ekki þannig sem ég vil láta meta minn árangur í starfi."



ALLT VIRTIST VERA AÐ FARA TIL ANDSKOTANS

María Birta Bjarnadóttir 18. JANÚAR

„Auðvitað kostaði það fúlgu að þurfa að loka aftur og færa mig úr Kringlunni á ögurstundu og svo var það bara mikið áfall. Allt gekk þetta þó að lokum. Ég var mjög snortin yfir því hversu margir settu sig í samband við mig og buðu mér hjálp á einn eða annan hátt og vil ég þakka þeim öllum hér með þar sem ég komst aldrei í gegnum öll bréfin sem ég fékk á þessum tryllta tíma."

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞÚ VERÐUR AÐ VERA ANDLEGA STERK

Margrét Gnarr 20. SEPTEMBER

„Maður finnur rosalega mikið fyrir því. Það verða alltaf neikvæðar raddir en þetta er orðið svolítið þreytt. Maður reynir að einbeita sér að jákvæðri gagnrýni og hafa húmor fyrir þessu. Þegar ég set inn mynd á Facebook fæ ég kannski 500 athugasemdir á myndina og þá eru kannski tíu neikvæð. Ég passa mig á að láta ekki draga mig inn í þetta drama."

FARIN AÐ LÆRA AÐ SLÁ AF KRÖFUNUM

Ebba Guðný Guðmundsdóttir 22. MARS

„Það gengur oftast ágætlega. Við maðurinn minn vinnum hjá sjálfum okkur og getum því stokkið frá yfir daginn og sinnt því sem þarf að sinna, sem er mikill kostur þegar kemur að Hafliða. Það þarf að smíða fætur, stilla fætur og yfirfara reglulega, fara í sjúkraþjálfun og annað slíkt. Við erum heppin. En annars er ég eins og allar mæður, oft eins og útspýtt hundskinn, lafmóð og andstutt að reyna að sjá um og muna eftir milljón hlutum í einu. En ég er farin að læra betur núna að slá af kröfunum."

LEIKKONU-DRAUMURINN RÆTTIST



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Heiða Rún Sigurðardóttir
11. OKTÓBER

„Ég er ekki beinlínis flutt en ég er komin til að vera eitthvað. Mér finnst mikilvægt að nýta það að eiga feril á tveimur mörkuðum og ég var bara að bíða eftir rétta tækifærinu. Mér finnst mikilvægt að evrópskir leikarar leiki í sínu heimalandi og noti tækifærið til að opna þann markað enn betur. Ég hef alltaf ætlað mér að vinna hérna en ákvað að gera þetta öfugt og byrja úti og koma síðan heim. Á Íslandi er verið að gera mikið af vönduðum hlutum sem ég vil taka þátt í. Þetta var pínulítið skrítið fyrst en núna líður mér rosalega vel. Það er yndislegt að vera komin heim til fjölskyldunnar og eyða meiri tíma með henni. Ég kann virkilega að meta einfalda hluti eins og kvöldmatartímann, að fíflast með systur minni og horfa á Broen með mömmu og pabba á mánudagskvöldum."

MEÐGANGA ER MEIRA UNDUR EN ÉG GAT ÍMYNDAÐ MÉR

Anita Briem 13. DESEMBER

„Ég er orðlaus næstum daglega yfir öllu því sem líkami minn er að gera. Þetta er margfalt meira undur en ég gat ímyndað mér. Svo hefur þetta líka verið ánægjulegra. Mig langaði lengi til að búa til barn en var mjög hikandi og áhyggjufull yfir að kippa mér svona af markaðnum. Ég hef unnið alveg rosalega hörðum höndum að mínum ferli til að geta klifið hærra og haft meira frelsi til að velja mér leikstjóra til að vinna með og verkefni sem hafa virkilega merkingu fyrir mig. Þó að ég hafi áorkað miklu er þetta allt ósköp brothætt. En þetta kraftaverk gaf mér þá gjöf að sleppa aðeins óttanum og kvíðanum. Maður fær bara að vera barnshafandi í fyrsta skipti einu sinni og ég ætla ekki að leyfa neinum að taka þá stórbrotnu upplifun frá mér."

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MITT FEGURÐAR-SKYN SOFNAR ALDREI

Katrín María Káradóttir
30. ÁGÚST

„Þetta er bara í eðli fólks og ég hef þróað mitt fegurðarskyn með tímanum og það sofnar aldrei. Ég hanna aldrei neitt nema að vinna mikla rannsóknarvinnu á undan. Ég er með einhverja hugmynd en það er heilmikil vinna á bak við einn bol. Annars verður þetta ekki sannfærandi. Kannski er ég stundum að gera mér erfitt fyrir en ég vonast til að kúnninn finni muninn á gæðunum."

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÞRÍFST Á ÞVÍ AÐ SKAPA

Birta Björnsdóttir 19. APRÍL

„Ég ætlaði mér rólegra líf hér en hef eiginlega ekki stoppað síðan við komum út. Ég er líka vön að vera að skapa allan daginn og þrífst hreinlega ekki án þess. Ég er vön að vera alltaf á milljón og finnst eins og ég eigi að vera það. Það hefur líka tekið dágóðan tíma að læra á borgina, hvar ég fæ bestu efnin og svo framvegis. Hérna er þetta mjög dreift, ef ég ætla að kaupa tvinna fer ég í þessa búð, rennilás í hina, kögur í enn aðra. Áður en ég veit af þá er ég búin að arka í gegnum alla borg með töskuna mína góðu."

VILJUM AÐ FJÖLMIÐLAR ENDURSPEGLI SAMFÉLAGIÐ

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir 24. MAÍ

„Við viljum sjá konur og karla taka jafnan þátt í þjóðfélagsumræðunum. Konur eiga að vera jafn sýnilegar og karlarnir í umræðunni. Þar sem FKA er öflugt félag kvenna í atvinnulífinu teygjum við anga okkar mjög víða og eigum auðveldara með að virkja fjölmennan hóp kvenna til þátttöku en margir aðrir hópar. Við sáum þetta glöggt á stjórnarverkefninu okkar undanfarin fjögur ár, þar ruddum við brautina þannig að aðrir hópar gátu fylgt eftir."

SKÖPUN ER MINN ORKUGJAFI

Yesmine Olsson

15. FEBRÚAR

„Ég held að ég sé hér vegna þess að Íslendingar kunna að njóta lífsins og láta hlutina gerast. Ég vil láta hlutina ganga og ekki þurfa að bíða. Íslendingar eru þannig. Hér er allt hægt ef maður er tilbúinn að vinna að því. Ísland er líka fullt af hæfileikaríku og skapandi fólki, sem er mikill innblástur þegar maður vinnur skapandi störf."

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FATALÍNAN KALI VERÐUR AÐ VERULEIKA

Svala Björgvinsdóttir 21. JÚNÍ

„Ég ákvað að hanna föt sem mig sjálfa langar að klæðast þannig að línan er algjörlega minn persónulegi stíll. Ég myndi segja að línan sé fyrir konur á öllum aldri sem vilja skera sig úr í hópnum og vera í „unique" fötum. Ég er með litríkar flíkur og svo líka með svartar klassískar flíkur. Minn innblástur fyrir þessa fyrstu línu var karakterinn Elvira sem Michelle Pfeiffer lék í Scarface, og Pris, sem Darryl Hannah lék í Blade Runner."

Hugo Boss söluaðilar:

Reykjavík:		
Gilbert úrsmiður	Laugavegi 62	s: 551-4100
Gullúrið–úra og skartgripaverslunv	Mjódd	s: 587-4100
Úra- og skartgripaverslun Heide	Glæsibæ	s: 581-3665
Meba	Kringlunni	s: 553-1199
Meba - Rhodium	Smáralind	s: 555-7711
Hafnarfjörður		
Úr & Gull	Firði-Miðbæ Hafnarfjarðar	s: 565-4666
Keflavík:		
Georg V. Hannah, úrsmiður Hafnargötu 49		s: 421-5757
Selfoss:		
Karl R. Guðmundsson, úrsmiður	Austurvegi 11	s: 482-1433
Akureyri:		
Halldór Ólafsson úrsmiður	Glerártorgi	s: 462-2509
Akranes:		
Guðmundur B. Hannah, úrsmiður	Suðurgötu 65	s: 431-1458
Egilsstaðir:		
Klassík	Selási 1	s:471-1886

HEILSA EKKI SNÚA SÓLARHRINGNUM VIÐ

Guðjón Helgi Guðjónsson, einkaþjálfari í Sporthúsinu, segir mikilvægt að fólk hugi vel að heilsunni yfir hátíðarnar og sé meðvitað um að halda jafnvægi í mataræði og öðrum venjum.

FJÖGUR ATRIÐI SEM ÞARF AÐ HUGA AÐ YFIR HÁTÍÐARNAR

1. Gætið að skammtastærðunum. Það eru margar freistingar yfir hátíðarnar og allt í lagi að leyfa sér svolítið svo lengi sem skammtarnir fara ekki úr böndunum. Borðið hóflega án þess að neita ykkur um allt.
2. Ekki hætta að hreyfa ykkur. Það er mjög mikilvægt að reyna að halda jafnvægi í hreyfingu yfir hátíðarnar. Ef ekki með sömu æfingum og venjulega þá bara göngutúrum, sundferðum eða skíðaferð í fjallið. Umfram allt, ekki stoppa.
3. Drekkið mikið vatn. Þegar mikið saltaður matur er borðaður er mjög mikilvægt að drekka mikið vatn. Gott er til dæmis að venja sig á að drekka eitt glas af vatni á eftir hverju glasi af jólaöli eða öðrum jólalegum vökva.

Guðjón Helgi Guðjónsson, einkaþjálfari til 10 ára.

4. Reynið að snúa sólarhringnum ekki við. Auðvitað er freistandi að kúra svolítið á daginn og vaka fram eftir á nóttunni en reynið þó eftir fremsta megni að snúa sólarhringnum ekki alveg við. Það getur tekið lúmskt langan tíma að koma svefnmynstrinu í rétt lag.

KiMs

Bragðgott og brakandi...

KiMs Sour Cream & Onion

KiMs Ostepops

KiMs Mega Mix Krydret

KiMs Kanonkuglen Cheddarost

KiMs Jørgens Favorit Mix

KiMs Franske Kartofler

KiMs Peanuts Ristede & saltede

KiMs

allskonar fyrir alla

Bryndís Gyða Michelsen

ALDUR: 22
STARF: ER Í FÆÐINGARORLOFI EINS OG ER. EIGANDI HUN.IS.

Hvern faðmaðir þú síðast? Ég faðmaði son minn.

En kysstir? Son minn líka, það er svo gott!

Hver kom þér síðast á óvart og hvernig? Systir mín þegar hún kom með heitt súkkulaði, rjóma og smákökur upp á spítala til okkar.

Hvaða galla í eigin fari ertu búin að umbera allt of lengi? Æi, ég veit það ekki, ætli ég mætti ekki vera duglegri að taka til í kringum mig, fötin mín eru sjaldan inni í skáp, meira úti um allt á svefnherbergisgólfinu.

Ertu hörundsár? Nei, ekkert alvarlega allavega.

Dansarðu þegar enginn sér til? Nei, en ég syng.

Hvenær gerðirðu þig síðast að fífli og hvernig? Held það sé öllum fyrir bestu að vera ekkert að rifja það skemmtilega atvik upp.

Hringirðu stundum í vælubílinn? Já, er það ekki örugglega 113?

Tekurðu strætó? Nei.

Hvað eyðirðu miklum tíma á Facebook á dag? Kannski 2 klukkustundum en stundum minna.

Ferðu hjá þér þegar þú hittir fræga eða heilsarðu þeim? Nei, en ég heilsa fólki ef ég þekki það.

Lumarðu á einhverju sem fáir vinir þínir vita um þig? Uppáhalds íslenska tímaritið mitt er Lifandi vísindi og mér finnst leiðinlegt að lesa tískublöð, grunar að margir vinir mínir viti það ekki.

Hvað ætlarðu alls ekki að gera um helgina? Sofa út.

FORRÉTTURINN LAX Í SMÁGLÖSUM

Rósa Guðbjartsdóttir, ritstjóri Bókafélagsins og bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, deilir uppskrift að frábærum forrétti.

„Reyktur lax er alltaf í miklu uppáhaldi hjá mér og flestum þykir hann góður. Það eru endalausir möguleikar á útfærslu en hér gef ég einfalda uppskrift að ljúffengum laxarétti úr bókinni minni Partíréttir. Hann hentar mjög vel sem forréttur á hátíðum eða sem smáréttur á hlaðborð. Rétturinn er því tilvalinn í áramótaveisluna. Smart er að bera hann fram í litlum glösum eða skálum, á hlaðborði nota ég gjarnan litlar krukkur eða smáglös, jafnvel af mismunandi stærðum og gerðum. Það er hentugt að útbúa réttinn nokkrum klukkustundum fyrr og geyma í kæli, en þá er betra að dreypa smá sítrónusafa yfir avókadóið."

Lax í smáglösum

Uppskrift í um 20 lítil glös eða krukkur
200 g reyktur lax, smátt skorinn
1 rauður greipávöxtur, smátt skorinn
1 avókadó, smátt skorið
1 lítill rauðlaukur, smátt saxaður
2 jalapeño, smátt söxuð
grófmalaður pipar að smekk.

Öllu blandað saman, sett í lítil glös og borið fram.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Fékkstu ekki jólabókina?

Úrval raf- og hljóðbóka fyrir alla fjölskylduna.

Sæmd
Guðmundur Andri Thorsson



Fiskarnir hafa enga fætur
Jón Kalman Stefánsson

Hlustað
Jón Óttar Ólafsson

Við Jóhanna
Jónína Leósdóttir

Sigrún og Friðgeir – Ferðasaga
Sigrún Pálsdóttir

Hemmi Gunn - Sonur þjóðar
Orri Páll Ormarsson



Guðni: Léttur í lund
Guðni Ágústsson



Glæpurinn Ástarsaga
Árni Þórarinsson

Njóttu þess að lesa ...

eBækur

www.ebækur.is

smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

BÍLAR & FARARTÆKI

TOYOTA Hilux double cab d/c, sr. Árgerð 2008, ekinn 158 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.350.000. Rnr.105760.Opið í dag 10-18 Bílabankinn 588-0700 Gleðilega Hátíð

PEUGEOT 107 trendy 1.0i sjálfskiptur . Árgerð 2007, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.191794.Opið í dag 10-18 Bílabankinn 588-0700 Gleðilega Hátíð

Bílabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opið á laugardögum 12-16
www.bilabankinn.is

VAKA

Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík
Sími: 567 6700
24 tíma þjónusta
http://www.vakahf.is

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

KIA Sportage ex 4wd 112 hö disel. Árgerð 2005, ekinn 166 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.690.000. Rnr.210061.

NISSAN Qashqai+2 se. Árgerð 2011, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.160369.

VW Touareg v6 disel. Árgerð 2006, ekinn 134 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.190.000. Rnr.160827.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

100 bílasala 100bilar.is

HUMMER H2 Luxury 37". Árgerð 2006, ek 82 Þ.KM, bensín, sjálfsk, 37" dekkjagangar, DVD, Driflæsing, Loftdæla, Flottur og vel búinn, Ásett verð 4.990þ.kr, Rnr.114300. Er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Seldur.is

VILTU SELJA BÍLINN Í DAG? Sendu okkur upplýsingar í gegnum seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð!!

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815
eða sendu sms.

Sendibílar

568 5000 NS BÍLA- SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Varahlutir

SMÁPARTAR.IS
Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

PJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

FAGLÆRÐIR PÍPARAR
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Hreingerningar

Hreingerningaþjónustan Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir

Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- heilulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur
og kristalkúla
Vin 566 7311 enco
Timapantanir i sima 8694650

SPÁSÍMI 908-6116
Ástir, fjármál & heilsa.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu

Karnival Ísland
Sími 824 3698
karnivalisland@gmail.com

Chubbsafes
Trusted the world over.

Ný sending af öryggisskápum frá Chubb, 15% afsláttur til áramóta. Optima ehf. Vínlandsleið 6-8 s. 588-9000 www.optima.is

ÓDÝR HEIMILSTÆKI
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

Panasonic sjónvarpstæki selst með afslætti. Upplýsingar í síma 534-8555.

Óskast keypt

KAUPUM GULL

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

HEIMILIÐ

Húsgagnaviðgerðir

Smiður með reynslu í húsaviðgerðum ó.e vinnu. Hurðir, parket, flísar, gipsveggir og fl. s. 7718013.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr per month
gsm 824 4535
leiga@leiguherbergi.is

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

STÚDÍÓ Á LAUGAVEGI
Góð 25fm stúdíó á laugaveginum. Leiga 85 þús. pr.mán. Laus 1. jan. Uppl. í s. 824 6692.

STÚDÍÓÍBÚÐ
Nýlega 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 69 þ. S. 824 6692 e. kl. 17.

Til leigu í Grindav. einbýlishús m/ 2földum bílskúr, ásamt bát, sóma 800. Laus strax. Uppl. í S 897 1494.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu í Steinhellu Hafnafirði (2 einingar) Húsnæðið er efri hæð sem er rúmir 50 fermetrar með góðum eldhúskrók og baðherbergi og parketlögðum gólfum, neðrihæð sem er 50 m2 iðnðarbil. Húsnæðið er nýtt og í mjög góðu ástandi, leiguverð 135 til 150 þkr. Uppl. í GSM 842 6500.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Tökum að okkur snjómokstur á höfuðborgarsvæðinu allan sólarhringinn.

LÍNUBORUN EHF

820 0070 577 5177

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

LEIKIR HELGARINNAR:

LAUGARDAGURINN 28. DES
14:50 NORWICH - MAN. UTD.
14:50 MAN. CITY - CRYSTALPALACE

SUNNUDAGURINN 29. DES
13:20 EVERTON - SOUTHAMPTON
13:20 NEWCASTLE - ARSENAL
15:50 CHELSEA - LIVERPOOL
15:50 TOTTENHAM - STOKE

HLJÓMSVEITIN KLETTAR, RÚNAR ÞÓR, RÚNAR VILBERGS, SIGGI ÁRNA OG BJÖRGVIN GÍSLA SPILA UM HELGINA.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

4BLS KIPPA ÚT :)

ÁRSINS

RSLUN LANDSINS HALLARMÚLA OG UNDIRHLÍÐ AKUREYRI

TE69

- AMD A4-5000 Quad Core 1.5GHz
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED Ultrabright 1366x768
- 4GB ATI HD8330 DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Lyklaborð með sjálfstæðu talnaborði
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

89.900
ÖFLUG QUAD CORE FARTÖLVA

542080

V3-772G

- Intel Core i5-4200M 3.1GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 17.3" FULL HD IPS skjár 1920x1080
- 4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Dolby Home Theater v4 hljóðkerfi
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

169.900
17" FULL HD LEIKJAFARTÖLVA

7450121

V5-573G

KRAFTMIKIL ACER FARTÖLVA

Ein öflugasta og glæsilegasta fartölvan í dag með nýjasta Intel Haswell i7 Quad Core örgjörvanum og 4GB GT750M leikjaskjákorti.

- Intel Core i7-4500U 3.0GHz Turbo 4xHT
- 12GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 1TB SATA3 Ultra Fast harðdiskur
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB GeForce GT750M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Baklýst lyklaborð og stærri snertiflötur
- 1.3MP Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8.1 64-bit, hlaðið nýjungum

179.900
HIN FULLKOMNA FARTÖLVA!

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF HLJÓÐKERFUM

LAUT

HÁGÆÐA 2.1 HLJÓÐKERFI

Glæsilegt og öflugt 2.1 hljóðkerfi samsett úr handvöldum hlutum með Lignin Polymer 6.5" bassakeilu og hárnákvæmum tweeterum sem skila afburða hljómgæðum.

- Hágæða Thonet & Vander hljóðkerfi
- 2.1 60W RMS, 40Hz - 20kHz tíðnissvið
- Öflug 6.5" segulvarin bassakeila
- Jafn og góður hljómur yfir allt tíðnissviðið
- 2xRCA stereo hljóð inngangar
- Hægt að stilla til Bass&Treble
- Frábært fyrir tónlist, leiki & kvikmyndir
- Falleg hönnun og ótrúleg hljómgæði

THONET & VANDER
state.of.the.art.sound

11.920
VERÐ ÁÐUR 19.900!

30% AFSLÁTTUR

McAfee

MOBILE SECURITY

- Öflugasta Android öryggisvörnin!
- Ver netvafra fyrir óæskilegum síðum
- Öryggisafritun á gögnum, sms o.fl.
- Hægt að staðsetja með GPS og WiFi
- Hægt að læsa stolnu tæki gegnum netið
- Vörn gegn upplýsingaþjófnaði smáforrita
- Fyrir Android spjaldtölvur og síma

1.740
AÐEINS Á ÚTSÖLU ÁRSINS!

8GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 745

64GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 6.450

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM MINNISLYKLUM

16GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 1.495

32GB USB2 MINNISLYKLAR Á VERÐI FRÁ 3.495

ALLT AÐ 50%
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS!

SKJÁVARPAR

VINNSLUMINNI

FARTÖLVUTÖSKUR

MINNISKORT

LACIE FLAKKARAR

TURNKASSAR

TÖLVULEIKJA FATNAÐUR

USB GLINGUR

GIGABYTE BenQ TÖLVUTEK

ÚTSÖLUMARKAÐUR

ÚTSÖLUMARKAÐUR AÐEINS Í HALLARMÚLA • ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!

30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AÐEINS 25 STK

K64454G

V5-551

- AMD A6-4455M Dual Core 2.6GHz Turbo
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED CineCrystal 1366x768
- 4GB AMD HD7500G DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

69.900

RÝMINGARSALA!

40 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

NZV67MH

LENOVO

- AMD Vision Dual Core E2-1800 1.7GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA2 7200RPM diskur
- 11.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 512MB ATI HD7340M DX11 skjákjarni
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- Glæný rafhlöðutækni allt að 8 tímar
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

39.900

AÐEINS 2 STK - SÝNINGARVÉLAR

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM B-VÖRU SPJALDTÖLVUM

BESTU KAUPIN 10" SPJALDTÖLVA MEÐ IPS FJÖLSNERTISKJÁ 18.450

AÐEINS 150 STK

RÝMING

B-VÖRU SPJALDTÖLVUR

Meðan birgðir endast erum við að rýma sýningareintök, útlitsgallaðar og B-Vöru spjaldtölvur frá Point of View á hreint út sagt ótrúlegum verðum, þessar fara hratt!

- 7" PlayTab2 Pro frá kr. 3.975
- 10" ProTab22XXL frá kr. 12.450
- 9.7" ProTab2 IPS frá kr. 17.450
- 10" ProTab26 IPS kr. 18.450
- 10" ProTabXXL frá kr. 18.830
- 8" Mobii 825 DualCore frá kr. 20.930
- 10" ProTab30 IPS DualCore kr. 23.940
- 10" ProTab30 IPS 3G kr. 29.940

FRÁ 3.975

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

ALLT AÐ 80 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF B-VÖRU FARTÖLVUM

AÐEINS 100 STK

RÝMING

B-VÖRU FARTÖLVUR

Meðan birgðir endast erum við að rýma sýningareintök, útlitsgallaðar og B-Vöru fartölvur en hér er aðeins brot af úrvalinu:)

- 14" Flott Intel i5, án rafhlöðu, kr. 29.900
- 15.6" Skólavél með 500GB disk, kr. 49.900
- 11.6" Vinsæl m/snertiskjá frá kr. 69.900
- 15.6" Frábær Quad Core fartölva kr. 79.900
- 15.6" Örþunn skólavél með 1TB, kr. 99.900
- 13.3" Öflug i5 Ultrabook m/SSD , kr. 119.900
- 15.6" Leikjafartölva með i7, kr. 129.900
- 15.6" Glæsileg og örþunn i7, kr. 159.900
- 15.6" Ultrabook m/Full HD skjá, kr. 179.900

FRÁ 29.900

ÓTRÚLEGT ÚRVAL!

30 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AÐEINS 11 STK

14-B108ED

PAVILION

- Intel Core i5-3337U 2.7GHz Turbo 4xHT
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 32GB SSD og 500GB SATA2 diskur
- 14" HD BrightView 1366x768
- 1GB Intel HD 4000 DX11 skjákjarni
- Dolby Advanced hágæða hljóðkerfi
- 300Mbps WiFi, Bluetooth 4.0, USB 3.0
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

99.900

RÝMUM ÖLL ELDRI MÓDEL!

40 ÞÚSUND AFSLÁTTUR

AÐEINS 20 STK

A5276

S55

- Intel Core i7-4700MQ 3.4GHz Turbo 8xHT
- 6GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 500GB SATA3 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED TruBrite 1366x768
- 2GB GeForce GT740M leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi og 10X hraðara USB 3.0
- 720p háskerpu vefmyndavél
- Windows 8 64-bit, hlaðið nýjungum

139.900

i7 TOSHIBA LEIKJAFARTÖLVA

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

VERÐ FRÁ 750 RÝMUM FYRIR NÝJUM HÁTÖLURUM

HÁTALARAR

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM iPhone & SAMSUNG HULSTRUM

iPhone hulstur

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM OPNUM PAKKNINGUM

USB GLINGUR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÝNINGAREINTÖKUM

TURNKASSAR

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR SÝNINGAREINTÖK OG SKILAVÖRUR

PRENTARAR

75% AFSLÁTTUR VERÐ NÚ 2.498

ARCTIC LEIKJATÖLVAN

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR OPNAR PAKKNINGAR OG SKILAVARA

TRENDNET NETBÚNAÐUR

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR SÍÐUSTU EINTÖK OG NOTAÐIR

KAPLAR

OPNUNARTÍMAR

FÖSTUDAG	12:00 - 19:00
LAUGARDAG	12:00 - 19:00
SUNNUDAG	12:00 - 19:00
MÁNUDAG	12:00 - 19:00
GAMLÁRSDAG	9:00 - 12:00

LOKAÐ 1-2 JAN 2014
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Handtaka í Gálgahrauni

Hér eru athugasemdir sem ég sendi lögmanni Hraunavina vegna handtöku minnar í Gálgahrauni, mánudaginn 21. október 2013.

Dagana áður vöktuðu sjálfboðaliðar hraunið til að varna því að vinnuvélar ÍAV kæmust inn í hraunið við lagningu fyrirhugaðs Álftanesvegar. Ég var á sk. morgunvakt og síðan á formiðdagsvakt sem átti að vera á svæðinu til kl. 12.30.

NÁTTÚRUVERND

Reynir Ingibjartsson
fv. formaður Hraunavina

Ég tók þátt í þessari vakt, bæði sem sjálfboðaliði en ekki síður sem formaður Hraunavina en félagið ásamt öðrum félögum hefur kært verkið sem ólöglega framkvæmd og krafist lögbanns. Með lagningu vegarins yrðu þessi mál í raun og veru eyðilögð, hver svo sem niðurstaðan yrði. Ég leit svo á að mér bæri skylda til að verja sönnunargagnið í þessum dómsmálum.

Lögreglumenn drífur að

Ég kann ekki að nefna tímasetningar þennan dag en líklega hefur það verið á ellefta tímanum sem gríðarstór jarðýta birtist í vegstæðinu vestan við Gálgahraunið. Þá dreif einnig að lögreglumenn. Við sem mætt voru tókum okkur stöðu í vegstæðinu og settumst. Lögregla bað okkur þá að yfirgefa hið svokallaða vinnusvæði. Við hreyfðum okkur ekki en þegar kom að því að fjarlægja okkur bauðst ég til að verða fyrstur og var síðan leiddur út fyrir vinnusvæðið.

Ég fór síðan upp fyrir hið afmarkaða vinnusvæði og upp á hraunbrúnina. Aftur var ég tekinn og færður út fyrir hið svokallaða vinnusvæði. Ég fór þá aftur og aðeins innar í hraunið. Þá gerðist það að vinnusvæðið sem bannsvæði var fært innar í hraunið og aftur fyrir mig. Síðan kom lögreglan og tilkynnti í gjallarhorni að við værum á ólöglegu svæði og mættum búast við handtöku. Ég fór hvergi þar sem ég sat og var þá tekinn af fjórum lögreglumönnum, borinn yfir hraunið og að lögreglubíl sem þá var orðinn fullur af handteknu fólki, en mér var samt troðið inn í bílinn og lá þar á gólfinu. Fæturnir stóðu að vísu út úr bílnum en var troðið inn svo hægt væri að loka bílnum. Síðan var ekið á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík.

Þar var ég látinn undirrita vottorð um greiðslusekt, kr. 10.000, en dagsetningu á vottorðinu hafði verið breytt úr föstudegi í mánudag. Virtist sem handtaka hefði verið skipulögð á föstudeginum fyrir helgina. Ég neitaði að greiða sektina.

Þyngra en tárum taki

Enga áverka hlaut ég í þessum handtökum öllum en tapaði gleraugunum. Ég fór síðan aftur í Gálgahraun og þá höfðu gleraugun fundist. Þau voru í vörslu Gunnsteins Ólafssonar, en þá var verið að færa hann í fangelsi öðru sinni. Hann mátti ekki afhenda mér gleraugun og tók annar lögreglumaðurinn það að sér.

Nú varð ég vitni að því að jarðýtan (tæp 40 tonn) nánast brunaði yfir hraunið og virtist vegstæðið nánast mælt jafnóðum. Strengdir voru borðar í kring og raðað keilum og voru þeir handteknir sem fóru inn fyrir þetta afmarkaða svæði.

Það var þyngra en tárum taki að horfa á þessi vinnubrögð öll sömul. Ég fór úr hrauninu um kl. 3 eftir að búið var að taka ákvörðun um að kalla saman hóp hinna handteknu á fund um kvöldið. Ég sat ekki fundinn allan og þar með lauk þessum eftirminnilega degi sem enn virðist hafa verið óraunverulegur.

→ Ég fór hvergi þar sem ég sat og var þá tekinn af fjórum lögreglumönnum.

Mikið myndefni er til frá þessum degi og í látunum voru tekin við mig viðtöl í fjölmiðlum. Handtaka mín er því vel skráð.

Hver dagur er ígildi fæðingardags

Hver einasti dagur í lífi okkar er merkisdagur og mikilvægur dagur. Hver dagur sem okkur er gefinn til

þess að vakna og lifa til kvölds á það sameiginlegt með fæðingardegi okkar, að hann er fyrsti dagurinn í því jarðneska lífi sem við eigum ólifað.

Þó er hver dagur eftir að við vöxum úr grasi í raun mikilvægari fyrir okkur en fæðingardagurinn að því leyti til að á hverjum ævidegi eftir uppvöxt erum við meðvituð um gildi hans, en þegar við fæddumst vorum við ómeðvituð um lífið og tilveruna. Þess vegna er það mikils virði að byrja hvern dag eins vel og hægt er og njóta hans og nýta hann eins vel og kostur er. Því að fyrirfram vitum við ekki hvort hann verður ekki aðeins fyrsti dagur þeirrar ævi,sem við eigum eftir ólifaða, heldur einnig sá síðasti.

Og þess vegna er líka ástæða til þess að þakka að kvöldi fyrir hvern þann dag sem við fáum að vera ofar moldu.

Ég held líka, að miðað við rannsóknir á þeirri vinnslu á „gögnum“ liðins dags, sem fer fram í svefni, sé nytsamlegt að skrá það helsta niður að kvöldi, vegna þess að stundum vilja mikilvæg atriði hafa gleymst daginn eftir.

Mín reynsla er líka sú að það síðasta, sem gert er fyrir svefninn, sé að að lesa eitthvað, skoða eða íhuga, sem manni finnst notalegt, áhugavert og skemmtilegt.

http://omarragnarsson.blog.is
Ómar Ragnarsson

MERKISATBURÐIR

1394 Jörundarkirkja á Hólum brotnar í ofsaveðri.

1904 Abbey Theatre er opnað í Dublin.

ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐURINN

1919 Sænska kvikmyndafyrirtækið Svensk Filmindustri er stofnað.

1936 Ungmennafélagið Valur er stofnað á Reyðarfirði.

1945 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn eru stofnaðir.

1986 Snorri Hjartarson, bókavörður og skáld, deyr áttræður að aldri.

1988 Fyrsta fasta bílnúmerið í nýju númerakerfi er sett á bifreið Halldórs Ásgrímssonar dómsmálaráðherra, HP741.

PETTA GERÐIST: 27. DESEMBER 1956

Box var bannað með lögum á Íslandi

Lög um bann við hnefaleikum á Íslandi voru staðfest þennan mánaðardag árið 1956. Þau náðu bæði til keppni og sýninga og voru samþykkt mótatkvæðalaust á Alþingi. Íþróttasamband Íslands mótmælti banninu en ekki af miklum ákafa.

Boxið hafði verið stundað á Íslandi mestalla öldina en aldrei náð verulegum vinsældum. Árið 1926 höfðu tvö íþróttafélög í Reykjavík hafið reglulega kennslu í því en það mældist misjafnlega fyrir. Í Morgunblaðinu í mars 1927 sagði til dæmis um hnefaleikasýningu að hnefaleikar væru „ljót íþrótt og luraleg".

Upp úr 1950 birtust niðurstöður erlendra rannsókna sem sýndu fram á skaðsemi hnefaleika, einkum hættu á heilaskemmdum eftir höfuðhögg. Læknar voru því í fararbroddi þeirra sem hófu baráttu gegn hnefaleikum hérlendis.

HEIÐURSKONUR Eva Ósk og Guðrún Birna Guðmundsdóttir, formaður afmælisnefndar, heiðruðu tvo af stofnendum félagsins, þær Kristínu Ólafsdóttur, skjala- og upplýsingastjóra velferðarráðuneytisins, og Svanhildi Bogadóttur borgarskjalavörð.

Stofnun félagsins framfaraskref á sínum tíma

Félag skjalastjóra fagnaði aldarfjórðungsafmæli á þessu ári, nú síðast með því að heiðra tvær þeirra tíu kvenna sem stofnuðu félagið. Eva Ósk Ármannsdóttir er formaður.

„Efst á baugi hjá skjalastjórum eru rafræn skil. Opinberir aðilar mega engu henda, samkvæmt reglum og það er verið að rembast við að gera kerfin þannig að hægt sé að skila öllum gögnum rafrænt til Þjóðskjalasafns og á þannig formi að hægt verði að skoða þau eftir 100 ár, sem er auðvitað meira en að segja það," segir Eva Ósk Ármannsdóttir, formaður Félags um skjalastjórn, en félagið fagnaði 25 ára afmæli fyrr í þessum mánuði. Annað málefni sem Eva Ósk nefnir og brennur á skjalastjórum er að samkvæmt upplýsingalögunum er krafa um meira aðgengi að gögnum en lengst af hefur verið. „Við þurfum að gera málastofna aðgengilega fyrir Jón Jónsson úti í bæ, án þess að hafa mjög mikið fyrir því," útskýrir hún.

En mega öll gögn verða opinber eða þurfa skjalastjórar að meta það hverju sinni?

„Það þarf mjög mikið að sortéra það og þarf ekki annað en að líta á öll félagsþjónustumálin hjá sveitarfélögunum, barnaverndarmál og önnur mál sem ekki mega verða opinber. Þar þarf að fara eftir lögum, svo sem upplýsingalögum, stjórnsýslulögum og barnaverndarlögum."

Þannig að skjalastjórar þurfa að vera ansi vel að sér í lögfræði.

„Já, að minnsta kosti þessum þrennum lögum. En oft vinna þeir auðvitað með löglærðu fólki sem þeir geta ráðfært sig við, að minnsta kosti ef um stórar stofnanir er að ræða."

ÞÆR VORU MEÐAL STOFNENDA FÉLAGSINS Kristín Geirsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Ragnhildur Bragadóttir, Kristín H. Pétursdóttir, Kristín Hagalín Ólafsdóttir og Kristín Ingunn Jónsdóttir.

Eva Ósk segir Félag skjalastjóra hafa haldið ráðstefnu í október um rafræna framtíð í tilefni aldarfjórðungsafmælisins og fagnað í Iðnó á sjálfan afmælisdaginn, þann 6. desember, þar sem áherslan var á jóla-og kósíheit. Við það tækifæri voru heiðraðar tvær konur af þeim sem stofnuðu skjalastjórafélagið fyrir 25 árum, Kristín Ólafsdóttir, skjala- og upplýsingastjóri velferðarráðuneytisins, og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.

Eva Ósk segir stofnun Félags um skjalastjórn hafa verið mikið framfaraskref á sínum tíma fyrir alla þá sem störfuðu við skjalastjórn og skjalavörslu og að mikið og gott starf hafi verið unnið í félaginu í gegnum árin.

Er vöntun á skjalastjórum í landinu?

„Já, þar eru mikil starfstækifæri og í raun er alltof lítil endurnýjun í faginu. Störfum á sviði skjalastjórnar fjölgar alltaf og auknar kröfur eru gerðar til þeirra sem annast þann þátt hjá fyrirtækjum og stofnunum. Í ýmsum deildum háskóla er aukin áhersla lögð á skjalastjórn og stofnuð hafa verið félög og samtök um skjalastjórn víða um heim en Félag um skjalastjórn er þó eina félagið sinnar tegundar á Norðurlöndunum."

gun@frettabladid.is

Kraftur í afreksíþróttakonum

Nýlega fór fram úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ.

Sextíu og sjö umsóknir bárust um styrki úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSÍ og var sjóðsstjórninni vandi á höndum við að velja úr metnaðarfullum umsóknum, að því er segir í fréttatilkynningu, sem sýnir kraftinn í afreksíþróttakonum þessa lands. Þessar hlutu 500 þúsund króna styrki: Berglind Gígja Jónsdóttir og Elísabet Einarsdóttir, strandblakskonur HK, vegna verkefna á árinu 2014, Valdís Þóra Jónsdóttir, Golfklúbbnum Leyni, vegna þátttöku í úrtökumóti fyrir Evrópumótaröð kvenna í golfi, Erna Friðriksdóttir, Skíðafélaginu í Stafdal, vegna undirbúnings og keppni á Vetrarólympíumóti fatlaðra í Sochi. Auk þess fékk Skíðasamband Íslands eina milljón vegna undirbúnings og þátttöku landsliðskvenna á Vetrarólympíuleikunum í Sochi í Rússlandi í febrúar á næsta ári. -gun

VIÐ AFHENDINGU Styrkþegar eða fulltrúar þeirra veittu styrkjunum viðtöku í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

†

Elskuleg amma okkar,
langamma og langalangamma,

MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR
Droplaugarstöðum,
áður Austurbrún 4,

lést 23. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 30. desember kl. 15.00.

Sjöfn Arnfinnsdóttir
Snorri Arnfinnsson
Skúli Arnfinnsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ósk Gunnarsdóttir
Sólrún Ingimundardóttir

†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐVEIG ÞÓRHALLSDÓTTIR
Sólvöllum, Skagafirði,

andaðist á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki sunnudaginn 22. desember. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju, föstudaginn 3. janúar kl. 14.00.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur sonur minn,
bróðir, mágur og frændi,

HALLDÓR SÆMUNDSSON
frá Patreksfirði,

lést á heimili sínu, Fögruhlíð, Skálatúni, 15. desember. Útförin fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 30. desember kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem hans vilja minnast er bent á Skálatúnsheimilið, s. 530-6600.

Aðalheiður Kolbeins, systkini og fjölskyldur.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

FÖGNUM HÁTÍÐUNUM

ÝLUR

KÓRÓNUR

AUGNGRÍMUR

KASTLENGJUR

KNÖLL

HATTAR

Gjafakort
Þitt er valið!
Penninn Eymundsson

EKKI GLEYMA GJAFAKORTI EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

5% aukaafsláttur af tilboðunum!
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn

Eymundsson
Bóksali frá 1872

540 2000 | eymundsson@eymundsson.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

BÍÓ STÖÐIN | KL. 19:55 THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT
Rómantísk gamanmynd með Jason Segel og Emily Blunt í aðalhlutverkum.

Skemmtilegt föstudagskvöld

| KL. 19:45
PARENTAL GUIDANCE
Gamanmynd með Billy Crystal og Bette Midler í aðalhlutverkum.

| KL. 21:35
THE MAN WITH THE IRON FIST
Hörkumynd sem fjallar um hóp hörkutóla sem eru í fjársjóðsleit.

| KL. 23:10
PROJECT X
Gamansöm mynd um þrjá vini sem ákveða að halda villt partí til að auka vinsældir sínar.

BÍÓ STÖÐIN | KL. 22:00
THE LUCKY ONE
Áhrifamikil mynd með Zac Efron og Taylor Schilling í aðalhlutverkum.

Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30
BARNAEFNI ALLA DAGA
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

3 | KL. 20:30
DJÓKAÍN
Hugleikur Dagsson flytur stóra uppistandið sitt í Háskólabíó.

Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

SUDOKU

LÉTT

	9		1			6		
	5			6	2	7		9
	6	2					3	
	3			8	9			
			7			3		
2		9		4	1	8		
8			9	3		4	6	
			8			5	7	
	4	7	2	5			1	8

MIÐLUNGS

	1	6		2				3
3		5	9	1				7
		9					1	2
6					8			
5					9	7		6
8					4	3		1
		7		5				
			6	8				
	3				1	5		

PUNG

	7		2	8		6		
	3	6		4				
			3			4		
		1		3				5
		9					1	
6	8	3					2	7
1		7				2		
		5					9	
			6	2	1			

9	8	1	4	3	6	2	7	5
2	7	4	5	1	8	6	3	9
3	5	6	9	7	2	8	1	4
7	1	9	6	5	3	4	8	2
8	2	5	1	4	7	9	6	3
6	4	3	8	2	9	7	5	1
1	6	7	2	9	5	3	4	8
4	9	8	3	6	1	5	2	7
5	3	2	7	8	4	1	9	6

1	3	4	8	6	7	2	9	5
2	9	6	3	1	5	4	8	7
8	7	5	2	4	9	1	3	6
4	5	8	6	2	1	3	7	9
3	2	9	4	7	8	6	5	1
6	1	7	9	5	3	8	2	4
5	8	2	1	9	6	7	4	3
7	6	3	5	8	4	9	1	2
9	4	1	7	3	2	5	6	8

3	5	8	9	6	1	7	4	2
6	2	9	7	8	4	1	5	3
4	7	1	2	5	3	6	8	9
5	3	4	1	9	6	8	2	7
9	1	2	8	7	5	4	3	6
7	8	6	3	4	2	5	9	1
8	6	7	4	2	9	3	1	5
1	9	5	6	3	8	2	7	4
2	4	3	5	1	7	9	6	8

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes

BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Vakað hef ég um hríð og hefi ég séð þá sýn er mér þykir mikils um vert, en það er mannsfótur sá er ég hygg að engi skal hér í kaupstaðnum ljótari vera."

Ólafur Haraldsson



KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. umstang, **6.** klukka, **8.** eyrir, **9.** veiðarfæri, **11.** aðgæta, **12.** gafl, **14.** yfirstéttar, **16.** tímabil, **17.** hrygning, **18.** pípa, **20.** mun, **21.** stígur.

LÓÐRÉTT
1. áfengisblanda, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** bar, **7.** drykkur, **10.** skítur, **13.** iðn, **15.** högg, **16.** tímabils, **19.** kyrrð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. ómak, **6.** úr, **8.** aur, **9.** nót, **11.** gá, **12.** staf, **14.** aðals, **16.** ár, **17.** got, **18.** rör, **20.** ku, **21.** slóð.
LÓÐRÉTT: 1. púns, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** rótaröl, **10.** tað, **13.** fag, **15.** stuð, **16.** árs, **19.** ró.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Hinn kunni bandaríski stórmeistari Frank Marshall hafði svart gegn Stefan Levitsky á móti í Pýskalandi árið 1912.

Svartur á leik

23...Dg3!! Leikirnir gerast varla fallegri. Hvítur gafst upp. **24. hxg3** og **24. fxg3** er báðum svarað með **24... Re2+** og máti. **24. Dxg3** er best en er svarað með **24...Re2 25. Kh1 Rxg3+ 26. Kg1 Hc3** og svartur er manni yfir. **www.skak.is** Jólaskákmót TR kl. 19.30.

SÍÐASTI SJENS

2013

JÖR
– by –
GUÐMUNDUR JÖRUNDSSON

Coca-Cola

STOMP

Fyrir hverja er tónlistargagnrýni?

Jónas Sen gerir upp tónlistarárið og hugleiðir tilgang listgagnrýni: „Frá mínum bæjardyrum séð var 2013 flott ár í klassísku tónlistinni.“

Tónlist
2013

Stjörnugjöf í dagblöðum er stundum umdeild í listaheiminum. En hún er veruleiki sem þarf að sætta sig við. Stjörnudómar eru úti um allt á netinu. Kosturinn við stjörnurnar er að maður veit strax hvort dómurinn er góður eða vondur.

Þegar ég lít yfir þá gagnrýni sem ég skrifaði á árinu, sé ég að ég hef átta sinnum gefið fimm stjörnur, tuttugu og fimm sinnum fjórar stjörnur, tuttugu og einu sinni þrjár stjörnur, átta sinnum tvær stjörnur og tvisvar sinnum eina stjörnu. Þetta endurspeglar auðvitað ekki nákvæmlega hvernig tónlistarlífið var á árinu sem er að líða. Ég skrifa ekki um allt sem gerist. Það væri ekki nokkur leið, slíkt er framboðið. Markmið mitt er að greinarnar mínar séu eins konar þverskurður af því sem á sér stað. Því reyni ég að fjalla bæði um stórviðburði og minni tónleika. Mikilvægt er að umfjöllunin sé fjölbreytt. Hvaða fútt væri í því að gagnrýna bara Sinfóníutónleika og óperusýningar?

Hreinskilni er nauðsynleg

Stjörnurnar eru þó ekki aðalatriðið, heldur textinn. Hann verður að vera skrifaður af hreinskilni. Grundvallaratriði er að lesandinn treysti gagnrýnandanum. Hann er auðvitað ekki óskeikull og veit ekki allt. Gagnrýnin er því ekki einhver vísindaleg niðurstaða. Hún er skoðun einnar manneskju. En skoðunin á samt að vera byggð á þekkingu og yfirsýn og sett fram af heiðarleika. Hún á því að hafa vægi í umræðunni um það hvernig tiltekinn listviðburður heppnaðist.

En vægi fyrir hvern?

Fyrir hverja er tónlistargagnrýni hér í blaðinu? Stundum verður vart við þann misskilning að gagnrýnendur eigi að „rýna til gagns“ fyrir listafólkið sem stóð að viðburðinum. Að greinarnar eigi að vera ábending til tónlistarmannanna, borin fram í silkiumbúðum. Að gagnrýnendurnir séu einhvers konar auðmjúkir leiðbeinendur listafólksins.

Svo er ekki. Gagnrýni í Fréttablaðinu er ætluð hinum almenna lesanda. Hún er til þess að almenningur átti sig betur á því hvað er að gerast í listalífinu. Margir þeirra sem halda tónleika fá styrki frá hinu opinbera í einhverri mynd. Það eru starfslaun listamanna, Tónlistarsjóður, Kraumur, Musica nova, ýmis niðurgreiðsla til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, RÚV og fleiri aðila, svo maður tali nú ekki um allt sem Harpan kostaði. Hvaðan koma þessir peningar? Jú, frá fólki sem borgar skatta. Listamenn sem njóta hlunninda í formi styrkja og starfslauna eiga því að vera á tánum. Tónskáld, söngvarar og hljóðfæraleikarar verða að gera sitt besta. Ef þeir standa ekki undir væntingum á að segja frá því. Að sjálfsögðu á líka að hrósa því sem vel er gert.

Hér er ég ekki að tala illa um styrki og starfslaun. Þau eru nauðsynleg til að ýta undir nýsköpun og fjölbreytni í menningarlífinu. Listaheimurinn yrði harla fátæklegur ef lögmál markaðarins ættu þar ein að gilda. En listamenn sem þiggja slíka aðstoð verða að þola það að fundið sé að verkum þeirra, ef ástæða er til. Þeir verða að átta sig á að gagnrýni er ekki skrifuð til þeirra og fyrir þá, heldur um þá í blaði sem er ætlað öllum almenningi.

Reynt að banna gagnrýni

Því miður er til fólk í tónlistarheiminum sem vill að umfjöllun um tónlist sé aðeins í formi frétta og fréttatilkynninga á undan tónleikum. Með öðrum orðum, það vill ókeypis auglýsingar. Það vill banna neikvæða gagnrýni.

Upp kemur í hugann þegar Josef Göbbels, áróðursmeistari Þriðja ríkisins, gaf út yfirlýsingu um listgagnrýni. Frá því segir í bókinni Classical Music Criticism eftir Robert Schick (þýðing mín):

„Þar sem árið 1936 hefur liðið án nokkurra fullnægjandi framfara í listgagnrýni, þá banna ég hér með iðkun listgagnrýni eins og hún hefur verið stunduð hingað til. Héðan í frá munu fréttir af listum koma í stað listgagnrýni… Listgagnrýnandinn mun nú víkja fyrir menningarritstjóranum… Í framtíðinni verður aðeins þeim menningarritstjórum leyft að fjalla um listir sem nálgast verkefni sitt með hreint hjarta og fullvissu [um réttmæti] þjóðernissósíalismans.“

Nú má segja að það sé ósmekklegt að kalla einhvern Göbbels! En það er samt sannleikskorn í þessari ýktu samlíkingu. Bannið á gagnrýni í Þriðja ríkinu hafði slæm áhrif. Listsköpun varð að samfelldum áróðri fyrir hið opinbera. Hvers konar tónlistarlíf yrði hér ef styrkjahöfðingjarnir fengju að vaða uppi óáreittir án þess að fá nokkru sinni slæma gagnrýni? Að öll menningarumfjöllun væri kranablaðamennska?

Sumir kvarta líka undan því að gagnrýni sé ekki nógu fagleg. En Fréttablaðið er ekki fagtímarit. Greinar um tónlist hér þurfa að vera stuttar, læsilegar og snarpar. Og ekki er verra að þær séu skemmtilegar. Þær verða að vera á máli sem almenningur skilur, skrifaðar tæpitungulaust. Það þýðir að þær móðga einhverja af og til. Hjá því verður ekki komist. Samt eru þær byggðar á faglegu mati. Þeir sem geta ekki sætt sig við þannig gagnrýni ættu að gera eitthvað annað en að halda tónleika.

Að svo mæltu óska ég lesendum mínum gleðilegs árs og þakka þeim samfylgdina á árinu sem er að líða. Frá mínum bæjardyrum séð var 2013 flott ár í klassísku tónlistinni. Stjörnurnar sem ég minntist á hér í byrjun gefa það til kynna. Ég er viss um að komandi ár verður fleiri stjörnum prýtt og enn þá skemmtilegra!

SCHOLA CANTORUM

5 stjörnu dómar Jónasar Sen á árinu

Megumi Masaki píanóleikari á Myrkum músíkdögum í febrúar.

Sophie-Veronique Cauchefer-Choplin organisti á Alþjóðlegu orgelsumri Hallgrímskirkju í júlí.

Ragnheiður, ópera eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson í Skálholti í ágúst.

Óp-hópurinn og Vonarstrætisleikhúsið í Salnum í Kópavogi í nóvember.

Aðventutónleikar Schola cantorum í Hallgrímskirkju í desember.

Slagverkshópurinn Stomp í Hörpu í desember.

Geisladiskurinn Í djúpsins ró með tónlist eftir Huga Guðmundsson.

RAGNHEIÐUR Póra Einarsdóttir, Friðrik Erlingsson og Gunnar Þórðarson.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

esprit.com

ÚTSALAN HEFST Í DAG
ESPRIT SMÁRALIND

UPPHAFLEG UPPFÆRSLA Úr sýningu Íslenska dansflokksins á Transaquania – Into thin air.

Transaquania – Into thin air fær frábæra dóma í Þýskalandi

Dansverk Ernu Ómarsdóttur, Damiens Jalet og Gabríelu Friðriksdóttur, Transaquania – Into thin air, hlaut rífandi dóma í þýskum fjölmiðlum í vikunni.

Transaquania – Into thin air eftir danshöfundana Ernu Ómarsdóttur og Damien Jalet og myndlistarkonuna Gabríelu Friðriksdóttur fær mjög góða dóma í þýsku fjölmiðlunum Die Welt og Hamburger Abendblatt og er sagt einn af hápunktum Nordwind-hátíðarinnar.

Sagt er um verkið í Die Welt: „Í stórfenglegum dansi sameinast öflugar myndir sem eru bæði truflandi, dulúðlegar, upplífgandi og fagrar á sama tíma," og í Hamburger Abendblatt segir: „Áhrifamiklar myndir við angurværa tónlist sem sitja munu lengi í minni."

Nordwind-hátíðin fór fram frá 22. nóvember til 14. desember í Berlín, Hamborg og Dresden en á henni er athyglinni beint að því helsta sem er að gerast í sviðlistum og tónlist á Norðurlöndunum. Aðrir Íslendingar sem sýndu verk sín á hátíðinni í ár voru meðal annars Ólafur Arnalds, Margrét Sara Guðjónsdóttir, Egill Sæbjörnsson og Sigríður Soffía Níelsdóttir.

Shalala sá um uppsetningu verksins nú en það var upphaflega samið fyrir Íslenska dansflokkinn.

Jólahátíð

Skoppu og Skrítlu

Allra síðustu sýningar

Síðustu sýningar:

27. des. - kl. 13 - aukas. - örfá sæti laus
27. des. - kl. 14:30 - aukas. - örfá sæti laus
28. des. - kl. 13 - aukas. - örfá sæti laus
28. des. - kl. 14:30 - aukas. - örfá sæti laus
29. des. - kl. 13 - aukas. - örfá sæti laus
29. des. - kl. 14:30 - aukas. - örfá sæti laus

Fylgdu okkur á facebook

Miðasölusími **568 8000** | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

H:N Markaðssamskipti / SJA

Ár skandalanna hjá Justin Bieber

Poppprinsinn Justin Bieber komst mjög oft í pressuna á árinu sem er að líða. Kappinn tók upp á ýmsu – allt frá því að móðga Bill Clinton upp í að heimsækja hóruhús í Brasilíu. Fréttablaðið leit yfir árið hjá söngvaranum sem er vægast sagt skrautlegt.

FEBRÚAR Justin sást drekka óþekktan drykk en við hlið hans var hóstasaft sem inniheldur kódín sem er kallað „sizzurp“ og er notað sem vímugjafi.

APRÍL Justin heimsótti hús Önnu Frank í Amsterdam og skrifaði í gestabók safnsins að hann vonaði að hún hefði verið aðdáandi hans ef hún væri á lífi.

MAÍ „Bjór í frumskóginum,“ skrifaði Justin við mynd sem hann birti á Instagram er hann heimsótti Suður-Afríku.

JÚLÍ Justin bað Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, afsökunar eftir að hann hægði sér á mynd af honum og öskraði: Farðu til fjandans, Bill Clinton!

JÚLÍ Justin hélt tónleika í Toronto í Kanada en ákvað fyrir tónleikana að hrækja á aðdáendur sína. Justin kíkti út á svalir á hótelherbergi sínu og að sjálfsögðu var stór hópur aðdáenda sem beið eftir að berja goðið augum. Justin var umkringdur vinum sínum og hrækti beint ofan á áhorfendaskarann.



ÁGÚST Aðdáandi söngvarans henti farsíma upp á sviðið á tónleikum í Newark. Poppstjörnunni var ekki skemmt og tróð símanum ofan í buxurnar.

SEPTEMBER Justin Bieber lét lífverði sína bera sig upp tröppurnar að Kínamúrnum, sem hann vildi skoða nánar.

OKTÓBER Söngvarinn var kærður fyrir að keyra of hratt í Kaliforníu. Þá sögðu nágrannar Justins að hann stundaði að hóta þeim og hrækja á lóðir þeirra.

NÓVEMBER Söngvarinn var kærður fyrir skemmdarverk í Brasilíu þegar hann graffaði á byggingu sem var einu sinni hótel í Rio de Janeiro.

NÓVEMBER Justin sást yfirgefa hóruhús í Rio de Janeiro.

TILBOÐ Á TURNVÉLUM

TILBOÐ GILDA ÚT 2013

COOLER MASTER

Intel TÖLVA 1

TRAUST HEIMILISTÖLVA

- CM Elite 241 turn
- Intel G3220 3.0GHz DualCore
- 4GB DDR3 1600MHz minni
- 500GB SATA3 harðdiskur
- Intel HD Graphics
- Kortalesari og USB tengi að framan
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8.1 64bit

FULLT VERÐ 79.950

TURN TILBOÐ 69.950

COOLER MASTER

AMD TÖLVA 3

ÖFLUGUR VINNUÞJARKUR

- Coolermaster Silencio 450 turn
- AMD Richland A8 6600K QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 120GB Samsung 840 EVO SSD drif
- Radeon HD8570D skjákjarni
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8.1 64bita

FULLT VERÐ 119.950

TURN TILBOÐ 107.950

COOLER MASTER

Intel TÖLVA 5

Quad-Core

DÚNDUR LEIKJATÖLVA

- CoolerMaster Haf 912 gaming turn
- Intel Core i7 Haswell 4770 QuadCore
- 8GB Dual DDR3 1600MHz minni
- 120GB Samsung 840 EVO SSD drif
- 2TB SATA3 WD Green diskur
- Geforce N760GTX 2GB skjákort
- DVD og CD skrifari
- 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 8.1 64bita

FULLT VERÐ 229.950

TURN TILBOÐ 209.950

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

NÝÁRSFÖGNUÐUR
2014

Nýja árið hefst á Borginni þar sem
blásið verður til glæsilegs nýársfagnaðar

Swinghljómsveit
BOGOMIL FONT
leikur fyrir dansi

Þriggja rétta lúxúsmáltíð
að hætti Völla Snæs ásamt framandi fordrykk
Líkjör eða V.S.O.P. koníak með eftirréttinum

DANSLEIKUR Í ANDA GULLALDARÁRA BORGARINNAR

Veislustjóri: Sigtryggur Baldursson

Húsið opnar kl. 19:00 · Fordrykkur kl. 19:00
Borðhald kl. 20:00 · Dansleikur kl. 23:00

Borðapantanir í síma 578-2020 og á info@borgrestaurant.is
Verð 19.500 kr. Dress code: Black tie

Stjörnurnar sem urðu til árið 2013

Af þeim fjölmörgu nýju stjörnum sem komu fram á sjónarsviðið í ár eru flestar ungar konur. Ný kynslóð kvenna gefur strákunum ekkert eftir. Hér eru nokkur nýstirni sem bar hátt árið 2013 og eiga örugglega eftir að fara enn hærra á næstu árum.

STEINAR Verzlunarskólanemi sendi frá sér sína fyrstu plötu og var lagið Up eitt það vinsælasta á landinu.

EVA LAUFEY KJARAN HERMANNSDÓTTIR Matgæðingurinn knái gaf út bókina Matargleði og byrjaði með nýjan, girnilegan matreiðsluþátt á Stöð 3.

SIGRÍÐUR MARÍA EGILSDÓTTIR Hin 19 ára gamla Sigríður María flutti ræðu á 100 Women, ráðstefnu BBC um framtíðarmarkmið kvenna, og vakti ræðan mikla athygli. Þá hlaut hún einnig mikið lof fyrir ræðu sína á ráðstefnunni TEDxReykjavík.

ÁSLAUG ARNA SIGURBJÖRNSDÓTTIR Fyrrverandi formaður Heimdallar tók meðal annars þátt í vefsjónvarpsþættinum The Stream á Al Jazeera og fékk yfir sig holskeflu af neikvæðum athugasemdum þegar hún sagðist vilja hafa ÁTVR opið á sunnudögum.

ELMA STEFANÍA ÁGÚSTSDÓTTIR Leikkonan útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands í vor og landaði samningi hjá Pjóðleikhúsinu. Hún sló meðal annars í gegn í leikritinu Harmsögu eftir eiginmann hennar, Mikael Torfason.

ÞORBJÖRG HELGA DÝRFJÖRÐ Leikkonan lék Heru í kvikmyndinni Málmhaus og hlaut einróma lof gagnrýnenda fyrir frammistöðu sína.

RAKEL SÖLVADÓTTIR Fatahönnuðurinn útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands í vor og var Rakel beðin um að senda stílista söngkonunnar Lady Gaga föt úr línu sinni. Lafðin klæddist síðan hönnun Rakelar frá toppi til táar í New York.

MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR Formaður Stúdentaráðs HÍ fékk gríðarlega góð viðbrögð eftir að einlægt viðtal við hana um kynferðislegt ofbeldi sem hún varð fyrir í æsku birtist í Fréttablaðinu.

TYRFINGUR TYRFINGSSON Tyrfingur var valinn leikskáld Borgarleikhússins en Bláskjár, annað af tveimur verkum sem hann skrifar fyrir leikhúsið, verður frumsýnt í febrúar.

ANÍTA HINRIKSDÓTTIR Frjálsíþróttakonan var valin íþróttakona Reykjavíkur 2013 en hún vann heims-, Evrópu- og Norðurlandameistaratitla unglinga í millivegalengdarhlaupum á árinu. Þá er hún yngsta frjálsíþróttakonan í 44 ár til að komast inn á tíu manna lista þeirra sem tilnefndir eru sem íþróttamenn ársins en Aníta er sautján ára.

HEIÐA RÚN SIGURÐARDÓTTIR Leikkonan lauk leiklistarnámi frá Dama Center í London fyrir þremur árum og landaði hlutverki í sjónvarpsþáttunum Hrauninu í leikstjórn Reynis Lyngdal sem teknir voru upp á árinu.

JÓN PÓR ÓLAFSSON Píratinn liggur ekki á skoðunum sínum og leggur fram beittar spurningar á hinu háa Alþingi.

DARRI INGÓLFSSON Leikarinn meikaði það í Hollywood og lék illmennið Oliver Saxon í síðustu þáttaröðinni af Dexter.

ARNMUNDUR ERNST BACKMAN BJÖRNSSON Leikarinn ungi stal senunni í Jeppa á fjalli í Borgarleikhúsinu en hann útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands í vor.

DJ FLUGVÉL OG GEIMSKIP Eins manns hljómsveit Steinunnar Harðardóttur gaf út plötuna Glamúr og stofnaði útgáfufyrirtækið Eldflaug Records.



Strætó óskar viðskiptavinum sínum gleði og friðar yfir hátíðarnar.
Við hlökkum til að verða samferða ykkur á nýju ári.

BÖRNIN KOMA MEÐ JÓLIN

Líkt og í fyrra báðum við leikskólabörn á höfuðborgarsvæðinu um að senda okkur myndir til að skreyta strætisvagnana fyrir þessi jól. Krakkarnir voru duglegir að teikna og lita og við fengum skrautlegar jólamyndir frá 68 leikskólum, alls 2.026 myndir. Hér höfum við raðað öllum myndunum saman í merkið okkar.

Sjáðu sýningu á öllum listaverkunum á www.strætó.is

strætó.is

ÍSLENSKA SIA.IS STR 66000 12/2013

Misskilinn

BAKÞANKAR
Kolbeins Tuma Daðasonar

Á PORLÁKSMESSU stóð ég í röð á kaffihúsi í miðborginni þegar ég hitti fyrrverandi kærustu vinar míns. Sú sagðist reglulega rekast á texta eftir mig. Ég sagðist kunna vel við íþróttafréttamennskuna. Hún spurði hins vegar hvort mér hefði aldrei litist á kennarastarfið.

ÞANNIG er mál með vexti að eftir nokkur ár í starfi verkfræðings sótti ég mér kennsluréttindi samhliða námi í blaðamennsku. Mér leist ágætlega á starf stærðfræðikennarans og ljóst að virðing mín fyrir kennslustarfinu jókst enn frekar þegar ég kynntist því í gegnum námið.

„NEI, kennarastarfið er fyrir algjöra lúsera," svaraði ég í því sem ég taldi vera augljóst grín. Þrátt fyrir þrjár tilraunir til þess að útskýra að ég væri ekki sá hálfviti sem svar mitt bar með sér skildu leiðir án þess að viðkomandi væri sannfærð. Líklega hefur spilað inn í að ungfrúin er á lokasprettinum í kennaranáminu.

FYRIR nokkrum árum gisti pólsk stelpa tvær nætur á sófanum á ferðalagi sínu á Fróni. Smá gleðskapur var um kvöldið og vinafólk í heimsókn. Sú pólska var heldur óframfærin og feimin ólíkt flestum sem nýta sér gestrisni ókunnugra. Á meðan við hin spjölluðum og hlógum fékk hún lánaða tölvuna mína og sat límd við skjáinn. Einhver hægagangur var á netinu og vakti gesturinn máls á því. Svaraði ég um hæl að tölvan mín færi að hökta um leið og fólk færi að skoða klám.

ÁÐUR en ég gat breytt alvarlegum svip mínum í bros var sófagesturinn byrjaður að afsaka sig í bak og fyrir. Hún væri sko ALLS EKKI að skoða klám. Hvernig dytti mér það í hug? Úr varð heldur vandræðalegt augnablik í stofunni á Framnesveginum og lítið hlegið.

Í NÍU af hverjum tíu tilfellum er útkoman úr léttu hneykslunargríni bros og hlátur. Þessi einstöku skipti sem brandarinn fer út um þúfur geta hins vegar verið í meira lagi vandræðaleg. Líkurnar á því að ég muni af þeim sökum láta af því? Engar.

FLÝGUR HÁTT Karin Cruz í þyrlu Landhelgisgæslunnar.

